


Svæðisáætlun
um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi
2015-2026



Húnaþing vestra, Norðurá bs., Flokkun Eyjafljórs ehf., Sorpsamslag Þingeyinga ehf.

Ágúst 2015

Efnisyfirlit

1. Formáli	5
2. Bakgrunnur	9
2.1 Lagafyrirmæli	9
2.2 Landsáætlun	11
2.3 Sameiginleg svæðisáætlun	12
2.4 Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga	14
2.5 Staðardagskrá 21 og önnur stefnumótun sveitarfélaga	14
3. Núverandi staða	15
3.1 Húnaþing vestra	19
3.2 Norðurá bs.	22
3.2.1 Húnavatnshreppur	22
3.2.2 Blönduósbær	24
3.2.3 Skagabyggð	26
3.2.4 Sveitarfélagið Skagaströnd	27
3.2.5 Sveitarfélagið Skagafjörður	28
3.2.6 Akrahreppur	30
3.3 Flokkun Eyjafjörður ehf.	31
3.3.1 Fjallabyggð	32
3.3.2 Dalvíkurbyggð	35
3.3.3 Hörgársveit	37
3.3.4 Akureyrarbær	39
3.3.5 Eyjafjarðarsveit	43
3.3.6 Svalbarðsstrandarhreppur	45
3.3.7 Grýtubakkahreppur	47
3.4 Sorpsamlag Þingeyinga ehf.	49
3.4.1 Þingeyjarsveit	51
3.4.2 Norðurþing	52
3.4.3 Tjörneshreppur	54
3.4.4 Skútustaðahreppur	54
3.5 Samantekt	56
3.5.1 Samþykktir og gjaldskrár	57
3.5.2 Söfnun og meðhöndlun	59
3.5.3 Losunartíðni	60
3.5.4 Flokkunarmöguleikar	61
3.5.5 Urðunar- og úrvinnslustaðir	62
3.5.6 Samanburður við markmið landsáætlunar	63

4. Kostnaðargreining	68
5. Þróunin til 2026	70
6. Lífsferilsgreining (LCA)	73
7. Fræðsla	75
8. Stefna í úrgangsmálum á Norðurlandi	78
8.1 Aukið samstarf	78
8.2 Bætt skráning	78
8.3 Öflug hagsmunagæsla	78
8.4 Besta fáanlega tækni	79
8.5 Skýr forgangsröðun	79
8.6 Auknar forvarnir	79
8.7 Minnkandi förgun	80
8.8 Aukin jarðgerð	80
8.9 Framtíðarlausnir fyrir sóttmengaðan úrgang	80
8.10 Aukin fræðsla	81
8.11 Nýjar samþykktir	81
8.12 Nýjar gjaldskrár	81
8.13 Reglulegt endurmat	82
9. Umhverfisskýrsla	83
9.1 Aðferð	83
9.2 Umhverfisþættir	84
9.3 Áhrifaþættir	84
9.4 Umhverfisviðmið	85
9.4.1 Umfang	87
9.4.2 Einkenni og vægi áhrifa	87
9.5 Umhverfismat stefnumiða	87
9.6 Mat á áhrifum á einstaka umhverfisþætti	89
9.6.1 Áhrif á náttúrufar	89
9.6.2 Áhrif á byggð og samfélag	90
9.7 Vöktun	91

9.8	Matsferlið og samráðsaðilar	92
9.9	Afgreiðsla áætlunar	92
9.10	Greinargerð sbr. 9. gr. laga nr. 105/2006	92
10.	Heimildaskrá	94
	<i>Viðauki 1 – Löggjöf</i>	96
	<i>Viðauki 2 – Skilgreiningar</i>	99
	<i>Viðauki 3 – Markmið landsáætlunar</i>	102
	<i>Viðauki 4 – Úrgangsmagn í einstökum sveitarfélögum 2013</i>	105

1. Formáli

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum,¹ skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, „semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir“, sbr. 5. gr. laganna. Áætlunin skal hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir.

Þann 8. mars 2012 var gengið frá samningi milli sorpsamlaga á svæðinu frá Hrútafirði í vestri að Melrakkaslétu í austri um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir allt starfssvæði samningsaðilanna, en á þessu svæði eru samtals 18 sveitarfélög. Svæðisáætlanir voru til staðar fyrir flest þessara sveitarfélaga en þær höfðu ekki verið endurskoðaðar þrátt fyrir að miklar breytingar hefðu orðið á málaflokknum frá því að þær voru upphaflega gerðar. Með gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar töldu samningsaðilar að nást myndi betri yfirsýn yfir stöðu og framtíðarmöguleika í úrgangsmálum á svæðinu í heild, jafnframt því sem samvinna myndi að öllum líkindum leiða til bættrar nýtingar fjárfestinga í nútíð og framtíð.

Samkvæmt samningnum um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar var sett á laggirnar sérstök þriggja manna verkefnisstjórn. Í hana voru skipuð:

- Eiður Guðmundsson, Moltu ehf.
- Hafsteinn H. Gunnarsson, Sorpsamlagi Þingeyinga ehf.
- Ólöf Harpa Józefsdóttir, Flokkun Eyjafjörður ehf., sem jafnframt var skipuð ritstjóri áætlunarinnar.

Ágúst Þór Bragason frá Norðurá bs. kom inn í verkefnisstjórnina í stað Eiðs Guðmundssonar sem lét af störfum hjá Moltu ehf. í árslok 2012. Hafsteinn H. Gunnarsson vék úr verkefnisstjórninni í ársbyrjun 2015 eftir að samstarfi sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum um úrgangsmál hafði verið slitið og Norðurþing tekið við rekstri sorpsamlagsins.

¹ Sbr. lög nr. 63/2014 um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar 2008/98/EB, rafhlöður og rafgeymar, raf- og rafeindatæki), sem samþykkt voru á Alþingi 16. maí 2014.

Samstarf aðilanna sem hlut eiga að þessari svæðisáætlun má rekja til fundar sem haldinn var árið 2009, þar sem ákveðið var að vinna að sameiginlegu kostnaðarmati á ýmsum þáttum úrgangsmála og mögulegu samstarfi. Upp úr þessu spratt m.a. samstarf Norðurár bs. og Flokkunar Eyjafjarðar ehf. sem leiddi til þess að gerður var langtíma samningur um urðun úrgangs í Stekkjarvík. Snemma á árinu 2011 voru síðan reifaðar fyrstu hugmyndir um nánara samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi í úrgangsmálum, enda lofaði samstarfið um urðun í Stekkjarvík góðu. Ýmsir fleiri þættir höfðu einnig ýtt undir samstarf á þessum vettvangi og sömuleiðis hafði Samband íslenskra sveitarfélaga hvatt til samráðs innan landshluta um sameiginlegar lausnir. Því lá beint við að ráðast í gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir svæðið allt.

Svæðisáætlunin er þannig upp byggð að sem auðveldast sé að gera sér grein fyrir stöðunni á hverjum stað, hvernig þróunin hefur verið og hvert stefnir í nánustu framtíð. Reynt er að halda yfirsýninni án þess að missa sjónar af staðbundnum aðstæðum, þannig að hver aðili um sig fái sem besta heildarmynd af stöðunni. Áætlunin tekur mið af landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og þeim lögum og reglum sem segja fyrir um skyldur sveitarfélaga á þessu sviði. Áætlunin felur í sér heildarstefnu fyrir allt svæðið, án þess þó að einstök sveitarfélög eða sorpsamlög séu skuldbundin til að velja tiltekna lausnir við meðferð úrgangs.

Samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana eru áætlanir og breytingar á áætlunum háðar umhverfismati ef þær eru undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum, ef þær eru unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra eða ef þær marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er því háð umhverfismati áætlana. Áætlunin fjallar um fyrirhugaðar breytingar á meðhöndlun úrgangs og þar er því ekki fjallað um núllkost. Svæðisáætlunin leiðir hugsanlega af sér framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum og ef til kemur verða áhrif þeirra á umhverfið metin.

Meginatriðin í áætluninni eru þessi:

- Staða mála í hverju sveitarfélagi og þróun síðustu ára, ásamt greiningu á kostnaði.
- Spá um þróunina til ársins 2026
- Lífsferilgreining (LCA)
- Stefnumótun /Aðgerðaráætlun (kostnaðargreining eða mat fyrir ákveðnar leiðir)
- Umhverfisskýrsla

Framfylgd stefnunnar sem hér er mótuð er í aðalatriðum í höndum einstakra sveitarfélaga og sorpsamlaga. Í fyrrnefndum samningi aðila frá 8. mars 2012 er þó ákvæði um að meta skuli hvort æskilegt sé að stofna einnig til formlegs samstarfs sveitarfélaganna um framfylgdina.

Ljóst er að síauknar kröfur í löggjöf og stefnumótun um úrgangsmál hafa mikil áhrif á sveitarfélög og sama gildir reyndar um breytingar á neysluháttum almennt. Því er mikilvægt fyrir sveitarfélög að búa yfir góðri og víðtækri þekkingu á þessu sviði. Mörg þeirra markmiða sem sett hafa verið munu reynast þyngjandi fyrir sveitarfélögin, sérstaklega vegna mikilla fjárfestinga sem sveitarfélögin gætu þurft að ráðast í til að ná settum markmiðum. Allt þetta undirstrikar mikilvægi þess að til sé áætlun fyrir allt svæðið þar sem gerð er úttekt á stöðunni í úrgangsmálum í hverju sveitarfélagi eða á hverju svæði, bæði hvað varðar meðferð úrgangs og kostnað. Slík áætlun þarf einnig að gefa yfirlit yfir þau markmið sem sett hafa verið af yfirvöldum, jafnt á landsvísi sem í einstökum sveitarfélögum eða byggðasamlögum, svo og lýsingu á því hvernig markmiðunum verði náð. Út frá þessu ætti að vera hægt að móta nokkuð heildstæða framtíðarstefnu í úrgangsmálum sem sveitarfélögin geta unnið eftir.

Akureyri 31. ágúst 2015



Ólöf Harpa Jónsdóttir,
Flokkun Eyjafjörður ehf.
formaður verkefnisstjórnar



Ágúst Þór Bragason,
Norðurá bs.
fulltrúi í verkefnisstjórn



Stefán Gíslason, UMÍS ehf. Environice
ráðgjafi við gerð svæðisáætlunar

Svæðisáætlun þessi var samþykkt í hlutaðeigandi sveitarstjórnnum sem hér segir:

Húnaþing vestra
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Húnavatnshreppur
Samþykkt í hreppsnefnd
xx. október 2015

Blönduós bær
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Skagabyggð
Samþykkt í hreppsnefnd
xx. október 2015

Sveitarfélagið Skagaströnd
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Sveitarfélagið Skagafjörður
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Akrahreppur
Samþykkt í hreppsnefnd
xx. október 2015

Fjallabyggð
Samþykkt í bæjarstjórn
xx. október 2015

Dalvíkurbyggð
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Hörgársveit
Samþykkt í hreppsnefnd
xx. október 2015

Akureyrarbær
Samþykkt í bæjarstjórn
xx. október 2015

Eyjafjarðarsveit
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Svalbarðsstrandarhreppur
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Grýtubakkahreppur
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Þingeyjarsveit
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Norðurþing
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Tjörneshreppur
Samþykkt í sveitarstjórn
xx. október 2015

Skútustaðahreppur
Samþykkt í hreppsnefnd
xx. október 2015

2. Bakgrunnur

Vinnan við gerð svæðisáætlunarinnar fór hægt af stað af ýmsum ástæðum, m.a. á meðan beðið var eftir útkomu nýrrar landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs, sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf út í apríl 2013. Á haustdögum 2013 kom verkefnisstjórnin saman og var þá ákveðið að setja aukinn kraft í svæðisáætlunarvinnuna. Unnið var að gagnasöfnun veturinn 2013-2014 og í lok júní 2014 var samið við ráðgjafarfyrirtækið UMÍS ehf. Environice í Borgarnesi um að vera verkefnisstjórninni til ráðgjafar við frágang verksins. Tillaga að svæðisáætlun var tilbúin af hálfu verkefnisstjórnar í maí 2015 og var í framhaldi af því auglýst með vísan til 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Veittur var frestur til 3. júlí 2015 til að skila inn athugasemdum. Engar formlegar athugasemdir bárust, en Lúðvík E. Gústafsson skilaði inn nokkrum ábendingum fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefnisstjórn fór yfir þessar ábendingar og var sammála um að þær kæmu að góðum notum við framfylgd áætlunarinnar.

2.1 Lagafyrirmæli

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum² segja til um hvernig standa eigi að stjórnun úrgangsmála hérlandis á hverjum tíma. Meginmarkmið laganna er m.a. að tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið verði ekki fyrir skaða, að úrgangsstjórnun sé markviss og hagkvæm og úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun, að stuðlað sé að sjálfbærri auðlindanotkun með aðgerðum og fræðslu til að draga úr myndun úrgangs, að nýting hráefna úr úrgangi sem fellur til sé aukin og að handhafar úrgangs greiði kostnað við meðhöndlun hans. Löggin eru nánar útfærð með reglugerð nr. 969/2014 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Í lögnum er hlutverk sveitarfélaga skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. (8. gr.).
- Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar³ fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir. (8. gr.).

² Sbr. lög nr. 63/2014 um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar 2008/98/EB, rafhlöður og rafgeymar, raf- og rafeindateki), sem samþykkt voru á Alþingi 16. maí 2014.

³ Sjá skilgreiningar í Viðauka 2.

- Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir, sbr. 5. gr. laganna. Áætlunin skal taka mið af lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í áætluninni skal jafnframt fjalla um úrgangsforvarnir. (6. gr.).
- Sveitarstjórn skal á a.m.k. sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf er á að endurskoða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. (6. gr.).
- Söfnunarstöðvar skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi og ber þeim að taka við slíkum úrgangi gjaldfrjálst þegar um er að ræða úrgang frá heimilum. (44. gr.). Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skulu hins vegar kosta geymslu þessa úrgangs á söfnunarstöðvunum. (48. gr.).
- Söfnunarstöðvar skulu einnig taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum og er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði við móttöku og geymslu hans. (44. gr.).
- Sveitarfélög skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka raf- og rafeindatækjaúrgang og skila honum til söfnunarstöðva sveitarfélaga. (44. gr.).
- Sveitarstjórnir skulu annast gerð upplýsingaefnis um meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir. (24. gr.).
- Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorpílata og sambærileg atriði. (8. gr.).
- Sérstök söfnun skal alla jafna vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír, málmum, plasti og gleri ef það er nauðsynlegt með hliðsjón af markmiðum laganna og tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt. Við sérstaka söfnun, flokkun og aðra meðhöndlun úrgangs skal reynt að forðast að blanda honum saman við annan úrgang eða efnivið sem hefur aðra eiginleika ef það leiðir til þess að úrgangurinn verði ekki endurnýttur. Sveitarfélög skulu útfæra fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs og ákvarða hvar úrgangi er safnað þannig að það sé aðgengilegt fyrir íbúa. (10. og 11. gr.)

- Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að markmiðum sem sett eru um lífrænan úrgang skv. 13. gr. laganna sé náð á þeirra svæði. (57. gr.).
- Sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. (23. gr.).

Í öðrum lögum og reglugerðum er víða að finna ákvæði um úrgang og meðhöndlun hans. Í viðauka 1 eru talin upp helstu lög og reglur sem tengjast úrgangsmálum á einn eða annan hátt.

Ljóst er að mikil ábyrgð og miklar skyldur hvíla á sveitarfélögum hvað úrgangsmál varðar. Auknar kröfur á þessu sviði hafa jafnframt skapað aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Í sumum tilvikum hafa sveitarfélög t.d. ráðist í dýrar framkvæmdir til að uppfylla skyldur sínar varðandi tiltækar endurnýtingar- og förgunarleiðir. Þetta hefur í einhverjum tilvikum leitt til offjárfestinga í stöðvum til meðhöndlunar úrgangs, sem enginn er svo skyldugur að nota.

2.2 Landsáætlun

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 var gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í lok apríl 2013. Þessi nýja áætlun er endanleg útkoma úr endurskoðun fyrri landsáætlunar sem kom út árið 2004. Í landsáætlun eru sett fram allmörg markmið í úrgangsmálum, en kostnaðargreiningar fylgja ekki. Til þess að ná sumum þessara markmiða þurfa sveitarfélögin og íbúar þeirra óhjákvæmilega að taka á sig umtalsverðan kostnað. Tímasetning markmiða skiptir miklu máli í þessu sambandi, en af henni ræðst hvernig kostnaðurinn dreifist á fjárhagsár og þar með hversu raunhæf markmiðin eru, hvert um sig. Í viðauka 3 er að finna yfirlit yfir markmið og aðgerðir sem fram koma í landsáætlun, raðað í tímaröð.

Með þeirri breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var á Alþingi 27. maí 2014 hvarf hugtakið „landsáætlun“ úr texta laganna. Þess í stað skal ráðherra gefa út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Svæðisáætlanir skulu fylgja þessari stefnu, svo og stefnu ráðherra um úrgangsforvarnir samkvæmt ákvæðum laganna. Gildandi landsáætlun felur í sér umrædda stefnu um meðhöndlun úrgangs þar til ný stefna hefur verið gefin út.⁴

⁴ Umhverfísráðuneytið (2015): Rafbréf 5. mars 2015.

2.3 Sameiginleg svæðisáætlun

Eins og áður hefur komið fram er sveitarfélögum skylt að gera svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. um leiðir til að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Vandlega unnin svæðisáætlun nýtist sveitarstjórnnum vel í annarri stefnumótun og til að fylgjast með þróun mála innan svæðisins. Í því sambandi skiptir vönduð skráning á stöðu úrgangsmála í upphafi svæðisáætlunartímabilsins miklu máli.

Heimilt er að vinna svæðisáætlun sameiginlega fyrir stærri svæði og var ákveðið að fara þá leið fyrir starfssvæði Sorpsamlags Þingeyinga, Flokkunar Eyjafjarðar ehf., Norðurár bs. og fyrir sveitarfélagið Húnaþing vestra. Á undanförunum árum hefur samvinna á vettvangi úrgangsmála farið vaxandi og jafnframt hafa orðið miklar framfarir og breytingar á meðhöndlun úrgangs á öllu svæðinu sem áætlunin nær yfir. Aukin samvinna á þessu sviði er talin vera til hagsbóta fyrir alla aðila og er það m.a. meginmarkmiðið með útgáfu sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir svæðið allt. Þó er ljóst að áður en ráðist verður í framkvæmdir í samræmi við þá stefnumörkun sem sett er fram í áætluninni þurfa viðkomandi sveitarstjórnir að taka ákvörðun um hvort og þá hvernig áframhaldandi samstarfi á svæðinu verði háttað.

Við gerð þessarar svæðisáætlunar þótti heppilegast að tilgreina sem mest af upplýsingum fyrir hvert sveitarfélag um sig, enda liggur ábyrgðin að mestu leyti þar. Með þessu móti er tryggt að gagnsæi upplýsinganna verði sem mest og að sem auðveldast verði að greina hvaða áhrif staðbundnar breytingar gætu haft á heildarniðurstöðuna. Áætlunin nær yfir allan úrgang í sveitarfélögum sem um ræðir, þ.e. heimilis- og rekstarúrgang og annan þann úrgang sem til fellur.

Enda þótt ábyrgð á framkvæmd úrgangsmála liggja hjá hverju sveitarfélagi um sig eru mörg verkefni innan málaflokksins þess eðlis að þau verða best leyst í samstarfi fleiri sveitarfélaga, bæði í umhverfislegu og efnahagslegu tilliti. Aðstaða til meðhöndlunar úrgangs er kostnaðarsöm í uppbyggingu og rekstri og því er samvinna til þess fallin að bæta nýtingu fjárfestinga og draga úr rekstrarkostnaði. Um leið verður auðveldara að uppfylla kröfur laga og reglugerða um lágmarkun neikvæðra umhverfisáhrifa.

Eftir því sem við á og að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem svæðisáætlun tekur til skal áætlunin a.m.k. ná yfir eftirfarandi þætti, sbr. reglugerð nr. 969/2014 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs:

- yfirlit yfir tegund, magn og myndunarstaði úrgangs sem verður til innan svæðisins sem áætlunin tekur til, hvaða úrgangur er líklegt að verði fluttur frá svæðinu eða til þess og mat á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni,
- gildandi kerfi fyrir söfnun úrgangs og stórar förgunar- og endurnýtingarstöðvar, þ.m.t. sérstakt fyrirkomulag vegna olíuúrgangs, spilliefna eða strauma úrgangs sem fjallað er um í lögum og reglugerðum,
- mat á þörfinni fyrir ný söfnunarkerfi, lokun starfandi móttökustöðva og, ef nauðsyn krefur, fjárfestingar í tengslum við þetta,
- upplýsingar um hvar hagkvæmast er að hafa förgunar- og endurnýtingarstöðvar í framtíðinni, sé þörf á þeim,
- almenn stefna varðandi úrgangsstjórnun, þ.m.t. áætlun tækni og aðferðir til úrgangsstjórnunar, eða stefna vegna úrgangs sem skapar sérstök vandamál við stjórnun.

Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs geta eftir atvikum einnig tekið til eftirfarandi:

- skipulagsþátta, sem tengjast úrgangsstjórnun, þ.m.t. lýsing á því hvernig ábyrgð dreifist á opinbera aðila og einkaaðila sem fara með úrgangsstjórnun,
- mats á gagnsemi og heppileika þess að nota efnahagsleg stjórn tæki og önnur stjórn tæki til að takast á við ýmis vandamál er varða úrgang,
- beitingar herferða til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings eða tiltekins hóps neytenda,
- aflagðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá.

Í svæðisáætlunum sveitarfélaga skal einnig gera grein fyrir leiðum til að ná því markmiði að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi, eigi síðar 1. júlí 2020, minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna heimilisúrgangs sem féll til árið 1995, svo og sambærilegu markmiði sem gildir um annan lífrænan úrgang, svo sem lífrænan rekstrarúrgang.

Í þeirri áætlun sem hér um ræðir er lögð sérstök áhersla á valkosti í meðhöndlun sóttmengaðs úrgangs, dýraleifa og sláturúrgangs í áhættuflokkum 1 og 2.

Gildistími þessarar svæðisáætlunar er frá samþykktardegi til ársloka 2026. Endurskoða skal áætlunina í síðasta lagi fyrir árslok 2020 í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs.

2.4 Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í janúar 2009 samþykkti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga stefnumótun í úrgangsmálum og hefur hún verið gefin út í sérstöku riti.⁵ Megináherslur stefnumótunarinnar eru annars vegar sjálfbær meðhöndlun úrgangs og hins vegar aukin samvinna og samskipti. Í stefnumótuninni er lögð áhersla á að löggjöf og skipulag úrgangsmála á hverjum tíma stuðli að sjálfbærri meðhöndlun úrgangs, en taki jafnframt mið af íslenskum aðstæðum, að sveitarfélögum verði ávallt tryggð aðkoma að undirbúningi lagasetningar, þ. á m. innleiðingu nýrrar rammatilskipunar ESB um úrgang, að sveitarfélög hagi fjárfestingum á sviði úrgangsmála þannig að fjármunir nýtist sem best og að gjaldtaka fyrir meðhöndlun úrgangs endurspegli raunkostnað. Þá er lögð áhersla á aukna samvinnu sveitarfélaga á sviði úrgangsmála, góð samskipti við ríki og atvinnulíf við framkvæmd málaflokksins, aukin samskipti sveitarfélaga við stofnanir og samtök sveitarfélaga á sviði úrgangsmála í Evrópu og öflugri samskipti sveitarfélaga við vísindasamfélagið.

2.5 Staðardagskrá 21 og önnur stefnumótun sveitarfélaga

Fjöldmörg íslensk sveitarfélög, þ.á.m. nokkur sveitarfélög á Norðurlandi, hafa mótað sérstaka stefnu um sjálfbæra þróun í heimabyggðinni til langs tíma, oftast undir merkjum Staðardagskrár 21. Eðli málsins samkvæmt spannar Staðardagskráin vítt svið, þar sem þar er í senn litið til vistfræðilegra, efnahagslegra og samfélagslegra þátta. Úrgangsmál eru þannig ekkert aðalatriði í þessari stefnumótun, en óhjákvæmilega hljóta þau samt að koma þar mjög við sögu.

Í Staðardagskrá 21 er jafnan að finna einhvers konar framtíðarsýn fyrir hvert byggðarlag um sig, ásamt með drögum að áætlun um það hvernig þessi framtíðarsýn verði gerð að veruleika. Áform um framtíðarfyrirkomulag á meðhöndlun úrgangs hljóta að endurspeglast í framtíðarsýninni. Áform um fyrirbyggjandi aðgerðir af ýmsu tagi, sem ætlað er að draga úr álagi á umhverfið í nálægri og fjarlægri framtíð, skipta ekki síður máli í þessu samhengi, enda er úrgangur ekki afmarkað fyrirbæri, heldur hluti af stærri mynd, afleiðing af neysluvenjum og lífsstíl íbúa á viðkomandi svæði.


Stefna sveitarfélaga í úrgangsmálum endurspeglast einnig að einhverju marki í greinargerð með aðalskipulagi og í öðrum stefnumótandi skjölum viðkomandi sveitarfélags.

⁵ Samband íslenskra sveitarfélaga (2009): *Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum*.
<http://www.samband.is/media/urgangsmal/Meginaherslur-i-urgangsmalum.pdf>.

3. Núverandi staða

Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á að gera grein fyrir því hvernig viðkomandi sveitarstjórn hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Til þess að geta gert slíka framtíðaráætlun er nauðsynlegt að hafa gott yfirlit yfir núverandi stöðu og vitneskju um þá þætti sem helstu áhrif hafa á þróun til þeirrar framtíðar sem horft er til. Þetta kallar á góða yfirsýn yfir magn alls úrgangs sem fellur til, uppruna hans, flokkun og flæði. Einnig þarf að liggja fyrir greinargóð mynd af núverandi fyrirkomulagi og framkvæmd, ásamt upplýsingum um kostnað við núverandi fyrirkomulag. Þegar þessir þættir liggja fyrir er hægt að meta líklega þróun miðað við óbreytt ástand og bera þær niðurstöður saman við þau framtíðarmarkmið sem sett hafa verið. Út frá þessum upplýsingum er síðan hægt að leita þeirra lausna sem þarf til að uppfylla markmiðin og að meta umhverfisleg og fjárhagsleg áhrif þessara lausna.

Svæðisáætlun þessi nær yfir starfssvæði sorpsamlaga frá Stikuhálsi í vestri að Melrakkaslétu í austri. Að áætluninni standa Húnaþing vestra, Norðurá bs., Flokkun Eyjafjörður ehf. og Sorpsamlag Þingeyinga ehf., talið frá vestri til austurs. Á þessu svæði eru samtals 18 sveitarfélög. Landfræðileg mörk svæðisins eru sýnd á mynd 1 og í töflu 1 má sjá íbúafjölda og flatarmál hvers sveitarfélags um sig, svo og samtölur fyrir hvert sorpsamlag. Eins og sjá má á töflunni er samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaganna sem í hlut eiga tæplega 36.000, eða um 11% af heildaríbúafjölda landsins. Heildarflatarmál svæðisins er rúmlega 33.000 km², eða um 33% af flatarmáli Íslands. Þéttleiki byggðar á svæðinu er þannig aðeins um þriðjungur af meðalþéttleika byggðar á Íslandi.



Mynd 1. Landfræðileg mörk þess svæðis sem svæðisáætlunin nær til (svört lína).

Sorpsamlag	Sveitarfélag	Íbúar 1. jan. 2014	Flatarmál (km ²)	Íbúar/ km ²
Húnaþing Vestra	Húnaþing Vestra	1.173	3.017	0,39
	Samtals	1.173	3.017	0,39
Norðurá bs	Húnavatnshreppur	409	3.822	0,11
	Blönduósþéttbýli	881	181	4,87
	Skagabyggð	98	494	0,20
	Sveitarfélagið Skagaströnd	498	49	10,16
	Sveitarfélagið Skagafjörður	3.978	4.168	0,95
	Akrahreppur	208	1.361	0,15
	Samtals	6.072	10.075	0,60
Flokkun Eyjafjörður ehf.	Fjallabyggð	2.010	365	5,51
	Dalvíkurbyggð	1.867	595	3,14
	Hörgársveit	559	893	0,63
	Akureyrarþéttbýli	18.103	138	131,18
	Eyjafjarðarsveit	1.026	1.795	0,57
	Svalbarðsstrandarhreppur	387	50	7,74
	Grýtubakkahreppur	353	438	0,81
	Samtals	24.305	4.274	5,69
Sorpsamlag Þingeyinga ehf.	Þingeyjarsveit	917	5.999	0,15
	Norðurþing	2.822	3.757	0,75
	Tjörneshreppur	55	196	0,28
	Skútustaðahreppur	371	6.037	0,06
	Samtals	4.165	15.989	0,26
Samtals alls		35.715	33.355	1,07

Tafla 1. Íbúafjöldi og flatarmál sveitarfélaga sem hlut eiga að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi.⁶

Sveitarfélögin á Norðurlandi fara flest svipaðar leiðir í móttöku og meðhöndlun úrgangs en útfærslur eru þó nokkuð mismunandi. Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir stöðu úrgangsmála á hverju hinna fjögurra svæða sem aðild eiga að þessari svæðisáætlun, svo og í hverju sveitarfélagi um sig innan hvers svæðis.

Í umfjöllun um stöðu mála og í töflum sem fylgja umfjölluninni er reynt eftir fremsta megni að greina á milli úrgangs frá heimilum annars vegar og rekstri hins vegar. Í reynd er þó mjög erfitt að draga skýra línu þarna á milli, annars vegar vegna þess að upphaflegur uppruni úrgangs er ekki

⁶ Íbúafjöldi skv. tölum Hagstofu Íslands. Flatarmál sveitarfélaga skv. sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands. <http://atlas.lmi.is/sveitarfelog>.

alltaf nægjanlega skýrt tilgreindur þegar úrgangsmagn er skráð og hins vegar vegna þess hversu óljós mörkin eru á milli heimilis- og rekstrarúrgangs í sveitum. Reynsla á því sviði gefur þó tilefni til að ætla að um þriðjungur óflokkaðs úrgangs í sveitum komi frá heimilishaldi og um tveir þriðjuhlutar frá landbúnaðarstarfsemi.

Tölur um magn skilagjaldsskyldra umbúða í einstökum sveitarfélögum sem fram koma í köflunum hér á eftir og í töflum 13-30 eru áætlaðar út frá tölum Endurvinnslunnar hf., enda eiga sveitarfélögin sjaldnast tiltæk gögn um þetta. Endurvinnslan er með móttökustöðvar fyrir einnota umbúðir með skilagjaldi á flestum stærri þéttbýlisstöðum, en ekki í dreifbýli. Þar má hins vegar gera ráð fyrir að endurvinnsluumbúðir skili sér að meira eða minna leyti til móttökustöðvar í nærliggjandi þéttbýli. Magntölur fyrir þéttbýlisstaðina voru fengnar frá Endurvinnslunni hf. og skipt niður á sveitarfélög eftir líklegum uppruna umbúðanna. Endurvinnslan gefur tölurnar upp í stykkjafjölda,⁷ en þær voru umreiknaðar í kílóafjölda út frá eftirfarandi forsendum að höfðu samráði við Endurvinnsluna:

1. Áætluð skipting umbúða eftir tegundum (stk.):
Plast 34%, ál 50%, gler 16%.
2. Áætluð meðalþyngd umbúða:
Plast 30 g (eigið mat), ál 16 g (mat Endurvinnslunnar), gler 250 g (mjög breytilegt).

Samkvæmt þessu er meðalþyngd umbúða $0,34 \times 30 + 0,50 \times 16 + 0,16 \times 250 = 58,2$ g/stk (0,0582 kg/stk).

Í öllum sveitarfélögum er ráð fyrir því gert að lyfjaafgöngum sé skilað til næstu lyfjaverslunar, eða í spilliefnamóttöku. Í eftirfarandi köflum er því ekki gerð sérstök grein fyrir ráðstöfun lyfjaafganga í hverju sveitarfélagi um sig. Líklega er þó þörf á að kanna nánar hvernig þessu er háttað í reynd. Virk efni úr lyfjum geta safnast upp í náttúrunni og valdið þar umtalsverðum skaða til langs tíma. Þörf er á átaki til að tryggja eftir föngum að lyfjaafgangar skili sér til viðeigandi förgunar.


Í köflunum hér á eftir eru tilgreindir þeir staðir þar sem vitað er að miltisbrunasýkt dýr hafi verið grafin. Miltisbruni er sjúkdómur af völdum bakteríunnar *Bacillus anthracis*, en gró þessarar bakteríu geta lifað öldum saman í jarðvegi þar sem skilyrði eru hagstæð. Sjúkdómurinn er hættulegur mönnum og getur verið banvænn, en leggst þó enn þyngra á jörturdýr og hross. Þekkt dæmi eru

⁷ Endurvinnslan hf. (2015): *Skilagjaldsumbúðir á Norðurlandi 2013*. Rafbréf 28. jan. 2015.

um að miltisbrunasmit hafi borist í búfé frá jarðraski á svæðum þar sem sýktir gripir voru grafnir löngu fyrr, nú síðast á Vatnsleysuströnd í árslok 2004. Á sömu slóðum drápust skepnur úr miltisbruna árið 1874 og er talið að smitefni frá þeim tíma hafi losnað úr læðingi þegar grafir frá þeim tíma opnuðust vegna sjávarrofs.⁸ Engin hætta er á sýkingu á meðan ekki er hreyft við jarðvegi á viðkomandi stöðum, en mikilvægt er að varðveita upplýsingar um staðsetningu til að fyrirbyggja óhöpp. Sigurður Sigurðarson, fyrrv. yfirdýralæknir hefur unnið mikið starf í skrásetningu og merkingu miltisbrunagrafa og eru upplýsingar um þetta efni í svæðisáætluninni fengnar frá honum.

Í köflunum hér á eftir eru þekktar riðugrafir tilgreindar, þ.e.a.s. þeir staðir þar sem urðuð hafa verið hræ af riðusmituðu fé eða fé sem skorið hefur verið niður vegna gruns um riðu. Ætla má að þessar upplýsingar séu tæmandi fyrir tímabilið 2007-2014, en upplýsingar um eldri grafir eru ekki fullnægjandi. Væntanlega liggja þær upplýsingar þó fyrir hjá viðkomandi sveitarfélögum. Hegðun riðusmitefnis (príona) er ekki þekkt með fullri vissu, en gera verður ráð fyrir að smithætta kunni að stafa af riðugröfum sem hróflað er við. Þess vegna er brýnt að varðveita upplýsingar um þessa staði.

3.1 Húnaþing vestra



Sveitarfélagið Húnaþing vestra var stofnað 7. júní 1998 með sameiningu 7 sveitarfélaga í Vestur-Húnavatns-sýslu. Þann 1. janúar 2012 sameinaðist Bæjarhreppur sveitarfélaginu, sem nær nú frá Stikuhálsi í vestri að Gljúfurá í austri og suður á miðja Holtavörðuheidi og Arnarvatnsheiði. Flatarmál sveitarfélagsins er 3.017 km² og þar bjuggu 1.173 íbúar 1. janúar 2014. Um helmingur íbúa býr í dreifbýli en stærsti þéttbýliskjarninn er Hvammstangi með tæplega 560 íbúa. Þá búa um 50 manns á Laugarbakka. Aðrir þéttbýliskjarnar eru mun minni, þ.m.t. Borðeyri.

Atvinnulíf í Húnaþingi vestra er af ýmsum toga t.a.m. ferðamennska, iðnaður, verslun og þjónusta. Á Hvammstanga er m.a. starfrækt sláturhús og þrjónastofa. Landbúnaður er ein helsta undirstaða atvinnulífs í sveitarfélaginu, en þar eru nú u.þ.b. 150 bú.

⁸ Sigurður Sigurðarson (2014): *Sigurður dýralæknir II*. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.

Í Húnaþingi vestra hefur lengi verið rekinn urðunarstaður í landi Syðri-Kárastaða á Vatnsnesi, u.þ.b. 4 km norðan við Hvammstanga. Staðurinn hafði starfsleyfi til 1. febrúar 2017.⁹ Samkvæmt starfsleyfinu var heimilt að urða þar árlega allt að 1.500 tonnum af slátur- og fiskúrgangi og allt að 500 tonnum af almennum úrgangi. Starfsleyfið var lagt inn til Umhverfisstofnunar og óskað eftir ógildingu þess frá 1. apríl 2015, á sama tíma og staðnum var lokað vegna krafna í reglugerð. Vinna við frágang á svæðinu verður unnin eftir fyrirmælum Umhverfisstofnunar og samkvæmt lokunaráætlun sveitarfélagsins sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt. Húnaþing vestra hefur gengið til samstarfs við Norðurá bs. um urðun á úrgangi í Stekkjarvík.

Húnaþing vestra leggur til 240 lítra sorptunnur við heimili. Alls eru um 150 tonnur við heimili í dreifbýli og um 265 tonnur á Hvammstanga og Laugarbakka, samtals um 415 stk. Tunnurnar eru að jafnaði losaðar á tveggja vikna fresti yfir sumartímamann (maí-okt) og á þriggja vikna fresti yfir vetrarmánuðina (nóvember-mars).¹⁰ Þá eru 10-20 1.100 lítra kör staðsett dreift um sveitarfélagið og eru þau ætluð sumarhúsaeygendum og ferðamönnum sem leið eiga um svæðið. Í fyrrum Bæjarhreppi er úrgangur ekki sóttur heim enn sem komið er, heldur sjá íbúar um að koma heimilisúrgangi í óvaktaða gáma sem staðsettir eru á nokkrum stöðum í sveitinni. Á Borðeyri er staðsettur gámur undir endurvinnsluefni.

Gámastöðin Hirða er staðsett á Hvammstanga og þangað geta íbúar og rekstaraðilar komið með úrgang á opnunartíma sem er að jafnaði miðvikudaga og föstudaga kl. 14-17 og laugardaga kl. 11-15. Greitt er fyrir móttöku samkvæmt gjaldskrá. Þegar gámastöðin er lokað er hægt að losa sjö flokka endurvinnanlegs úrgangs í gegnum lúgur á girðingu.

Almenn þjónusta vegna úrgangs í Húnaþingi vestra er að stærstum hluta í höndum fyrirtækisins Urðunar ehf. Allur úrgangur til endurvinnslu er fluttur á viðurkennda móttökustöð hjá Hringrás. Sorpsamlag Strandasýslu ehf. sér þó um alla þjónustu vegna úrgangs í fyrrum Bæjarhreppi og flytur úrgang til urðunar þaðan á urðunarstað í landi Skeljavíkur við Hólmavík. Staðurinn er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun með gildistíma til 10. júlí 2028.¹¹ Þar má taka á móti allt að 500 tonnum af almennum úrgangi á ári til urðunar, úrvinnslu og geymslu. Bæjarhreppur var aðili að

⁹ Umhverfisstofnun (2004): *Urðunarstaður Húnaþings vestra*.

<http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/nordurland/hunathing-vestra>.

¹⁰ Húnaþing vestra (2014): *Sorþbirðudagatal*. <http://www.hunathing.is/GetAsset.ashx?id=3068>.

¹¹ Umhverfisstofnun (2012): *Sorpsamlag Strandasýslu*.

<http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/vefdir/sorpsamlag-strandasyslu>.

Sorpsamlagi Strandasýslu ehf. fyrir sameiningu, en önnur sveitarfélög á Ströndum hafa nú yfirtekið eignarhlutann. Gert er ráð fyrir að samskonar fyrirkomulag verði tekið upp í fyrrum Bæjarhreppi, eins og annars staðar í Húnaþingi vestra á næstu misserum.

Söfnun á rúlluplasti er í höndum Urðunar ehf. og er rúlluplastið sótt reglulega heim á bæi.

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga tekur við skilagjaldsskyldum umbúðum, en kaupfélagið er með afgreiðslu fyrir Endurvinnsluna hf. Á árinu 2013 var samtals tekið við 184.613 áldósum, 132.049 plastflöskum og 48.939 glerflöskum. Heildarþyngd þessara umbúða var 19.150 kg.

Nytjamaður er starfræktur á Hvammstanga á laugardögum yfir sumartímann. Þar er hægt að skila af sér alls kyns varningi sem hægt er að endurnota, svo sem húsbúnaði og fatnaði. Hópur kvenna átti frumkvæði af því að setja nytjamaðinn á fót og hefur hann verið starfræktur í nokkur ár. Einkunnarorð markaðarins eru „eins manns rusl er annars gull“. Öll vinna við markaðinn er í sjálfböðavinnu og rennur ágóðinn til góðra málefna í héraði.

Fatasöfnun í Húnaþingi vestra er á vegum Rauða krossins og eru tveir fatagámar staðsettir við pakkhús Kaupfélags Vestur-Húnavetninga. Gámarnir eru losaðir reglulega og fatnaðurinn fluttur til Reykjavíkur þar sem hann er yfirfarinn og flokkaður. Á árinu 2013 var þetta magn samtals 14.350 kg.


Seyra úr rotþróum í Húnaþingi vestra er losuð á u.þ.b. 3ja ára fresti, en samtals eru um 350 rotþrær í sveitarfélaginu, svo til allar í dreifbýli. Seyran hefur verið losuð á urðunarstaðnum við Syðri-Kárastaði. Árið 2013 voru losað 108.740 kg af seyru.

Heimildir eru til um tvo staði í Húnaþingi vestra þar sem hræ af miltisbrunasýktum dýrum voru grafin á sínum tíma. Báðir þessir staðir eru á Ánastöðum á Vatnsnesi, annar í heimatúni niður af íbúðarhúsinu og hinn niður við sjó. Umrætt miltisbrunatilvik kom upp um eða upp úr 1890.¹²

Tafla 13 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Húnaþingi vestra, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

¹² Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

3.2 Norðurá bs.



Norðurá bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna Akrahrepps, Blönduósþéttur, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar, en heildaríbúafjöldi þessara sveitarfélaga var 6.072 þann 1. janúar 2014. Starfsemi samlagsins fer fram í Stekkjarvík í landi jarðarinnar Sölvabakka norðan við Blönduós og felst í móttöku og urðun úrgangs sem þangað er fluttur frá aðildarsveitarfélögum og frá sveitarfélögum við Eyjafjörð samkvæmt samningi við þau. Sveitarfélögin reka hins vegar gámastöðvar hvert í sinni byggð og annast flokkun úrgangs og flutning hans til urðunar.

Starfsemi Norðurár bs. hófst í ársbyrjun 2011. Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík er starfræktur samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun með gildistíma til 26. nóvember 2026. Heimilt er að urða þar allt að 21.000 tonnum af almennum og óvirkum úrgangi á ári.¹³ Urðun hófst í Stekkjarvík árið 2011. Það ár voru urðuð þar 8.882 tonn af úrgangi, 12.339 tonn árið 2012 og 14.508 tonn árið 2013.¹⁴

3.2.1 Húnavatnshreppur

Húnavatnshreppur nær frá mörkum Skagafjarðarsýslu í austri að mörkum Vestur-Húnavatnssýslu í vestri og liggur yfir mið- og suðurhluta Austur-Húnavatnssýslu. Norðurhlutinn liggur að sjó við suðurmörk Blönduósþéttur sunnan við Blöndu og suðurmörk hreppsins eru í Hofsjökli og Langjökli. Flatarmál sveitarfélagsins er samtals 3.822 km² og 1. janúar 2014 voru 409 íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu.

Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu og eru allir íbúar því búsettir í dreifbýli. Helsti atvinnuvegur er landbúnaður en þó er nokkur ferðaþjónusta í sveitarfélaginu, einkum tengd veiði í ám og vötnum. Þar fyrir utan eru nokkur störf í opinbera geiranum auk þess sem hluti íbúa sækir atvinnu til nærliggjandi þéttbýliskjarna s.s. á Blönduós. Blönduvirkjun er staðsett í sveitarfélaginu.

¹³ Umhverfisstofnun (2010): *Norðurá, Stekkjarvík*. <http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/nordurland/nordura-bs>.

¹⁴ Sama heimild.

Úrgangur í Húnavatnshreppi er að mestu hefðbundinn heimilisúrgangur og úrgangur tengdur landbúnaði. Sveitarfélagið leggur til tvær gerðir sorpílata á hvert heimili; annars vegar 660 lítra kór fyrir almennan óflokkaðan úrgang og hins vegar 240 lítra tunnur fyrir flokkaðan úrgang. Úrgangsflokkar sem fara í endurvinnslutunnuna eru: Dagblöð/tímarit, pappír, pappi, fernur, rafhlöður, málmar og plastumbúðir. Vegalengdir innan sveitarfélagsins eru talsverðar og akstursleið við hverja losun rúmlega 420 km.

Sorphreinsun VH ehf. sér um alla þjónustu vegna úrgangs í sveitarfélaginu, þ.m.t. sorphirðu og flutning til urðunar. Kór fyrir almennan úrgang eru sótt á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina (júní til ágúst) en á þriggja vikna fresti yfir veturinn (september til maí).¹⁵ Tunnur fyrir flokkaðan úrgang eru losaðar samhliða sorphirðu eins og þörf er á. Söfnun á heyrúlluplasti er fjórum sinnum á ári.

Gámasvæði fyrir óflokkaðan úrgang eru við Húnaver, Dalsmynni og Aralæk. Gámar fyrir brotajárn eru á gámasvæðunum allt árið, sem og kór fyrir spilliefni og söfnunartankar fyrir úrgangsolíu. Gámar fyrir timburúrgang eru á gámasvæðunum á tímabilinu 20. júní – 20. ágúst. Á Húnavöllum er ílát til söfnunar á raftækjum og gámur fyrir timburúrgang þá mánuði sem timburgámar eru ekki á gámasvæðum.

Engin sérstök söfnun er á skilgjaldsskyldum umbúðum í Húnavatnshreppi en gera má ráð fyrir að drykkjarumbúðir þaðan skili sér í afgreiðslu Endurvinnslunnar á Blönduósi.

Vitað er um þrjár miltisbrunagrafir í Húnavatnshreppi. Ein þeirra er við Guðrúnarstaði í Vatnsdal og önnur á Grímsstunguheiði, en sýkt dýr voru grafin á þessum stöðum á árunum 1871-1872. Nákvæm staðsetning liggur ekki fyrir. Þriðja gröfin er við Þóromstungu í Vatnsdal en þar var á árunum 1920-1925 grafin kýr sem talin var hafa drepist úr miltisbruna.¹⁶

Riðusmitað fé hefur verið grafið í landi bæjarins Hamars í Langadal, a.m.k. tvisvar sinnum.¹⁷ Önnur riðugröf er við bæinn Litlu-Giljá.

¹⁵ Húnavatnshreppur (2014): *Sorphirðudagatal. Sorphirða Húnavatnsb. 2014.*

<http://hunavatnshreppur.is/static/files/Sorphirdudagatal%202014.pdf>

¹⁶ Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

¹⁷ Matvælastofnun (2015): Rafbréf 17. feb. 2015.

Tafla 14 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Húnavatnshreppi, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.2.2 Blönduósbær

Blönduóshreppur varð upphaflega til við skiptingu Torfalækjarhrepps árið 1914, en þá var þéttbýlið sunnan við ósa Blöndu gert að sérstöku sveitarfélagi. Árið 1936 var landið undir þéttbýlinu norðan Blöndu fært frá Engihlíðarhreppi til Blönduóshrepps með sérstökum lögum „um sameining Blönduóskaupþúns í eitt hreppsfélag“. Sveitarfélagið fékk kaupstaðarréttindi árið 1988 og var þar með orðið að Blönduósbær. Það nafn hélst við sameiningu Blönduósbæjar og Engihlíðarhrepps árið 2002.

Sveitarfélagið nær frá ósum Blöndu beggja vegna og teygir sig í suðaustur frá sjó upp Langadal austan Blöndu inn fyrir Móberg. Sveitarfélagsmörk Blönduósbæjar í norðri eru við Laxá á Refasveit, sem skilur sveitarfélagið frá sveitarfélaginu Skagabyggð. Í austri fylgja mörkin Laxá inn að Núpi, en þar fyrir innan nær sveitarfélagið yfir Laxárdal beggja vegna og upp á hæstu fjöll austan dalsins, allt suður fyrir Litla-Vatnsskarð. Í vestri liggja sveitarfélagamörk við Húnavatnshrepp um Blöndu.

Flatarmál sveitarfélagsins er 181 km² og þar bjó 881 íbúi þann 1. janúar 2014. Mikill meirihluti íbúa sveitarfélagsins er búsettur í þéttbýli á Blönduósi sem er eini þéttbýlisstaður sveitarfélagsins með um 820 íbúa. Aðrir íbúar eru búsettir í dreifbýli nálægt þéttbýlinu.

Atvinnulíf í sveitarfélaginu er nokkuð fjölbreytt og er aðsetur flestra fyrirtækja og stofnana í þéttbýlinu á Blönduósi. Sjávarútvegsfyrirtæki og fyrirtæki tengd landbúnaði s.s. kjötvinnsla og sláturhús, sjúkrahús og heilsugæsla ásamt sýslumannsembætti eru staðsett þar, auk fyrirtækja í ýmiss konar iðnaði. Þá eru nokkur verslunar- og þjónustufyrirtæki rekin í sveitarfélaginu.

Blönduósbær leggur til eina 240 lítra tunnu fyrir hefðbundinn heimilisúrgang við hvert heimili í þéttbýli og tvær í dreifbýli. Auk þess greiðir sveitarfélagið helming kostnaðar við valkvæða endurvinnslutunnu af sömu stærð, en íbúar greiða sinn hlut beint til verktaka. Öll þjónusta vegna úrgangs er í höndum fyrirtækisins Sorphreinsun VH ehf. sem sér um sorphirðu og rekstur gámostöðvar. Sorphirða er á 363 heimilum í þéttbýli og 20 í dreifbýli. Tunnur fyrir hefðbundinn heimilisúrgang í þéttbýli eru sóttar með tveggja vikna millibili allt árið, en í dreifbýli eru tunnur

sóttar með tveggja til þriggja vikna millibili yfir sumarmánuðina (júní til september) og fjögurra vikna millibili yfir vetrarmánuðina, (október til maí). Endurvinnslutunnur eru alls staðar sóttar á fjögurra vikna fresti.¹⁸

Gámastöð er staðsett að Efstubraut 5 á Blönduósi og er hún opin mánudaga og miðvikudaga milli kl. 15:00 og 17:30 og á laugardögum milli kl 13:00 og 17:00. Þar er tekið við eftirtöldum úrgangsflokkum til flokkunar og förgunar samkvæmt gjaldskrá: Timbur, málmar og brotajárn (þ.m.t. bifreiðar), garðaúrgangur, dagblöð, tímarit og auglýsingapésar, pappi, fernur, kælitæki, hjólbarðar, rafgeymar og önnur spilliefni en rafgeymar.

Fatasöfnun á Blönduósi er á vegum Rauða krossins og eru móttökugámar staðsettir við Efstubraut 5 og við Heilbrigðisstofnunina. Þar er tekið við fatnaði og textílafgöngum til endurnýtingar og stendur Rauði krossinn reglulega fyrir fatamarkaði ásamt því að senda fatnað til útlanda í samstarfi við önnur Rauða kross félög.

Móttaka drykkjarvöruumbúða með skilagjaldi er hjá Vörumiðlun ehf., Norðurlandsvegi 1, en þar er afgreiðsla fyrir Endurvinnsluna hf. Á árinu 2013 var þar samtals tekið við um 373.000 áldósum, plastflöskum og glerflöskum og var heildarþyngd þessara umbúða tæplega 21,7 tonn. Inni í þessari tölu eru væntanlega einnig umbúðir úr Húnavatnshreppi.

Á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi hefur sóttmengaður úrgangur verið brenndur í gömlum ofni og þar hefur einnig verið tekið við sóttmengudum úrgangi til eyðingar, t.d. frá sykursjúku fólki. Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað með tilkomu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands sem tók til starfa 1. október 2014 við sameiningu Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Heilsugæslunnar á Akureyri, Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík, Heilbrigðisstofnunarinnar í Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi.

Blönduósþær starfrækti urðunarstað við Draugagil samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar með gildistíma til 1. júlí 2009. Urðun á svæðinu var stöðvuð árið 2012. Lokunaráætlun var lögð fram 25. febrúar 2011 og skal öllum frágangi á svæðinu vera lokið fyrir 1. janúar 2015. Umhverfisstofnun hefur gefið út fyrirætlun um frágang og vöktun urðunarstaðarins sem gilda til

¹⁸ Blönduósþær (2014): *Sorþirðudagatal. Sorþirða hjá Blönduósþæ árið 2014.*
http://www.blonduos.is/sorþirða_breytt_july2014.pdf.

9. júlí 2044 og skal stofnunin samkvæmt þeim endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti.¹⁹

Rotþrær eru tæmdar reglulega, en 45 fasteignir eru tengdar rotþróum, einkum íbúðarhús í dreifbýli. Seyran er flutt til urðunar í Stekkjarvík. Fráveitu á Blönduósi er veitt í gegnum hreinsistöð með ristum fyrir eins stigs hreinsun. Sá úrgangur sem til fellur vegna hreinsunarinnar er urðaður í Stekkjarvík.

Dýrahraejum er ekki safnað skipulega, en bændur fara sjálfir með þau til förgunar í Stekkjarvík.

Tafla 15 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Blönduósbæ, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.2.3 Skagabyggð

Sveitarfélagið Skagabyggð varð til við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps árið 2002. Sveitarfélagið liggur yfir vestari hluta Skaga til austurs að sýslumörkum milli Skagafjarðar og Austur- Húnavatnssýslu, allt frá Deildarhamri nyrst á Skaga og suður fyrir Þverárfjallsveg svo langt sem Hvammshlíðarland nær. Til suðurs liggur sveitarfélagið að sveitarfélagamörkum við Blönduósbæ við Laxá á Refasveit.

Sveitarfélagið Skagaströnd skiptir Skagabyggð í tvennt. Svæðið milli Hrafnár í Hrafnal og norður fyrir Spákonufellsborg nærri Harrastöðum tilheyrir þannig sveitarfélaginu Skagaströnd austur að sýslumörkum.

Flatarmál Skagabyggðar er 494 km² og þann 1. janúar 2014 voru 98 íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu. Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu og er landbúnaður undirstaða atvinnulífsins. Samhliða landbúnaði skapast einhver störf við hlunnindanýtingu, einkum æðarvarp, og þá eru nokkur störf tengd sjávarútvegi í sveitarfélaginu. Nokkuð er um að íbúar sækji atvinnu til nálægra þéttbýliskjarna, einkum til Skagastrandar og á Blönduós. Í sveitarfélaginu fellur því mest til af hefðbundnum heimilisúrgangi og úrgangi frá landbúnaði.

Sorphreinsun VH ehf. sér um almenna þjónustu vegna úrgangs í sveitarfélaginu.

¹⁹ Umhverfisstofnun (2014): *Fyrirmáli um frágang og vöktun. Urðunarstaður við Draugagil.*
http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Sorp-og-efnamottaka/Blonduos_090714.pdf.

Í Skagabyggð er úrgangur sóttur heim í suðurhluta sveitarinnar, þ.e. frá Laxá að Skagaströnd. Þar er 660 lítra kar fyrir óflokkaðan úrgang á hverjum bæ, ásamt 240 lítra endurvinnslutunnu. Þessi ílát eru almennt losuð á þriggja vikna fresti, en á tveggja vikna fresti yfir sumarið. Aðrir íbúar sjá um að koma heimilisúrgangi í óvaktaðan 10 m³ gám við Harrastaði, og er gámurinn losaður eftir þörfum. Sveitarfélagið stendur fyrir söfnun á brotamálmi og timbri frá hverjum bæ u.þ.b. einu sinni á ári og heyrúlluplast er sótt heim á bæi nokkrum sinnum á ári. Ekkert gjald er tekið fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu en fyrirhugaðar eru breytingar á því.

Engin sérstök söfnun er á skilgjaldsskyldum umbúðum í Skagabyggð en gera má ráð fyrir að þær skili sér í afgreiðslu Endurvinnslunnar á Skagaströnd eða á Blönduósi.

Vitað er um eina miltisbrunagröf í Skagabyggð, við Höskuldsstaði, en þar var grafið hross sem talið var hafa drepist úr miltisbruna um 1940.²⁰

Tafla 16 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Skagabyggð, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.2.4 Sveitarfélagið Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd liggur við austanverðan Húnaflóa inni í sveitarfélaginu Skagabyggð. Sveitarfélagamörk í suðri eru í Hrafndal og við Harrastaði í norðri. Sveitarfélagið afmarkast af Húnaflóa í vestri, þar sem um fjögurra km strandlengja tilheyrir sveitarfélaginu, og teygir sig austur að sýslumörkum á miðri Skagaheiði. Flatarmál sveitarfélagsins er 49 km² og íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu voru 498 þann 1. janúar 2014. Meginþorri íbúa er búsettur í þéttbýlinu á Skagaströnd og undirstöðuatvinnugreinin er sjávarútvegur, enda byggðist staðurinn upp vegna útgerðar og vinnslu sjávarafurða. Í sveitarfélaginu fellur því mest til af hefðbundnum heimilisúrgangi og úrgangi frá sjávarútvegi. Sveitarfélagið er ekki landmikið og lítill landbúnaður er stundaður þar. Hins vegar eru þar nokkur störf í iðnaði og við þjónustu.

Almenn þjónusta vegna úrgangs á Skagaströnd er í höndum Sorphreinsunar VH ehf., sem sér um sorphirðu og rekstur endurvinnslustöðvar. Sveitarfélagið leggur til tvö ílát við hvert heimili, þ.e. eina 240 lítra tunnu fyrir óflokkaðan heimilisúrgang og aðra jafnstóra fyrir flokkaðan úrgang til

²⁰ Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

endurvinnslu. Tunnur fyrir óflokkaðan úrgang eru losaðar á tveggja vikna fresti og endurvinnslutunnan á fjögurra vikna fresti.²¹

Endurvinnslustöð er staðsett við Vallarbraut 2 og er þar tekið á móti eftirtöldum úrgangsflokkum til flokkunar og úrvinnslu: Timbur, málmar og brotajárn þ.m.t. bifreiðar, garðaúrgangur, dagblöð, tímarit og auglýsingapésar, pappi, fernur, kælitæki, hjólbarðar og rafgeymar. Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 16:00-18:00 og á laugardögum kl. 13:00-17:00.

Björgunarsveitin Strönd, Hafnarslóð 6, er með afgreiðslu fyrir Endurvinnsluna hf. og tekur við drykkjarvöruumbúðum með skilagjaldi. Á árinu 2013 tók Björgunarsveitin Strönd samtals við um 130.000 áldósum, plastflöskum og glerflöskum. Heildarþyngd þessara umbúða var rúmlega 7,5 tonn. Inni í þessum tölum er væntanlega eitthvert magn umbúða úr Skagabyggð.

Fatasöfnun á Skagaströnd er á vegum Rauða krossins, Vallarbraut 4. Þar er tekið við fatnaði og öðrum textílúrgangi til endurnýtingar. Fatamarkaðir eru a.m.k. einu sinni á ári.

Sveitarfélagið Skagaströnd starfrækti urðunarstað í landi Neðri-Harrastaða samkvæmt starfsleyfi sem gildi til 1. júlí 2009. Staðnum hefur nú verið lokað. Lokunaráætlun var lögð fram í mars 2011 og í október 2012 tilkynnti rekstraraðili til Umhverfisstofnunar að frágangi væri lokið. Umhverfisstofnun áætlar að framkvæma lokaúttekt með vettvangsskoðun árið 2014. Umhverfisstofnun hefur og gefið út fyrirmæli um vöktun og frágang sem gilda til 19. júní 2044 og skal samkvæmt þeim endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti.²²

Tafla 17 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Sveitarfélaginu Skagaströnd, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrífum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.2.5 Sveitarfélagið Skagafjörður

Sveitarfélagið Skagafjörður varð til við sameiningu 11 sveitarfélaga árið 1998 og liggur umhverfis Skagafjörð. Mörk sveitarfélagsins að vestanverðu eru við sjó við Húnanes á Skaga og liggja mörk

²¹ Sveitarfélagið Skagaströnd (2014): *Sorþirðudagatal. Sorþirða á Skagaströnd 2014.*
<http://skagastrond.is/sorþirða2014.pdf>.

²² Umhverfisstofnun (2014): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður við Neðri-Harrastaði.*
<http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Maelingar/Sorp-og-efnamottaka/Sv.%20Skagaströnd%20-%20Fyrirmæli%20um%20frágang%20og%20vöktun%20LOKAÚTGÁFA%2019.06.14.pdf>.

sveitarfélagsins suð-suðaustur um miðbik Skaga inn á hálendið. Að austanverðu eru mörkin frá sjó við Straumnes innan við Fljót og þaðan eftir miðjum Tröllaskaga langleiðina suður að Öxnadalshéiði að mörkum Akrahrepps við Kyrfisá.

Flatarmál sveitarfélagsins er 4.168 km² og fjöldi íbúa í sveitarfélaginu þann 1. janúar 2014 var 3.978. Stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins er Sauðárkrókur en þar búa um 2.570 manns. Aðrir þéttbýliskjarnar eru Hofsóss með um 180 íbúa, Hólar í Hjaltadal með 85 íbúa og Varmahlíð með um 120 íbúa. Aðrir íbúar sveitarfélagsins, rúmlega 1.000 manns, eru búsettir í dreifbýli.

Nokkuð fjölbreytt atvinnustarfsemi er í Skagafirði sem tengist t.a.m. landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, ferðamennsku, verslun og þjónustu. Á Sauðárkróki er starfrækt sláturhús, mjólkursamlag, steinullarverksmiðja og fiskvinnslur svo eitthvað sé nefnt. Magn rekstrarúrgangs er talsvert stór hluti af heildarúrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu og má rekja það til fjölbreytileika í atvinnulífinu.

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur til 240 lítra ílát fyrir hefðbundinn heimilisúrgang við hvert heimili í þéttbýli og í hverri slíkri tunnu er 35 l. hólf ætlað fyrir lífrænan úrgang. Við hvert fjölbýlishús er brún 140 l. tunna fyrir lífrænan úrgang. Þá er ein 240 l. græn endurvinnslutunna staðsett við hvert heimili fyrir flokkaðan úrgang til endurvinnslu. Úrgangsflokkar sem fara í grænu tunnuna eru stíft plast, plastfilma, stífur pappi, bylgjupappi, fernur, pappír og málmar. Óflokkaður úrgangur úr gráu tunnunni fer í urðun á urðunarstaðnum í Stekkjarvík norðan við Blönduós og úrgangur úr brúna hólfinu er jarðgerður hjá Moltu ehf. í Eyjafirði.

Sorpílat í þéttbýli eru losuð einu sinni í mánuði og gildir það einnig um hólfið fyrir lífrænan úrgang. Ó.K. gámaþjónusta ehf. á Sauðárkróki sér um almenna þjónustu vegna úrgangs í sveitarfélaginu, þ.m.t. sorphirðu og flutning úrgangs til urðunar. Dótturfyrirtæki Ó.K., Flokka ehf., starfrækir móttökustöð fyrir úrgang til endurvinnslu og förgunar við Borgarteig á Sauðarkróki fyrir rekstraraðila og einstaklinga. Opnunartímar stöðvarinnar eru mánudaga til fimmtudaga, kl. 9-18, föstudaga kl. 9-17 laugardaga kl. 11-15 og sunnudaga kl. 16-18. Þar er m.a. tekið við ökutækjum til úrvinnslu.

Móttaka drykkjarvöruumbúða með skilagjaldi er hjá Vörumiðlun ehf., Eyrarvegi, en þar er afgreiðsla fyrir Endurvinnsluna hf. Á árinu 2013 var samtals tekið þar við um 1.183.000 áldósum, plastflöskum og glerflöskum. Heildarþyngd þessara umbúða var rúmlega 68,8 tonn, en inni í þessum tölum er væntanlega eitthvað af umbúðum úr Akrahreppi.

Fatasöfnun í Skagafirði er á vegum Skagafjarðardeildar Rauða krossins, Aðalgötu 10. Þar er tekið við fatnaði og textílafgöngum sem sent er suður til Reykjavíkur til flokkunar og endurnýtingar.

Í dreifbýli sjá íbúar sjálfir um að koma úrgangi í ílát á gámasvæðum, en verið er að skoða möguleika á aukinni þjónustu til að stuðla að frekari flokkun. Í dreifbýlinu fer einnig fram skipulögð söfnun á dýraleifum til urðunar. Fyrirkomulagið er þannig að fyrir ákveðinn tíma þarf bóndi sem vill láta sækja til sín dýraleifar að hafa samband við þjónustuaðila. Einu sinni í viku eru dýraleifar síðan sóttar á þá bæi sem hafa óskað eftir þjónustu. Heyrúlluplast er einnig sótt heim á bæi einu sinni í mánuði og því komið til endurvinnslu.

Sveitarfélagið Skagafjörður starfrækti urðunarstað á Skarðsmóum við Sauðárkrók samkvæmt ótímabundnu starfsleyfi sem gefið var út af Hollustuvernd ríkisins þann 7. des 1987. Í apríl 2012 var tekin ákvörðun um að loka urðunarstaðnum frá og með 1. október það ár. Urðunarstaðurinn er því í lokunarferli og í fyrirmælum sem Umhverfisstofnun hefur gefið út kemur fram að yfirborðsfrágangi á svæðinu skuli vera lokið vorið 2015 og öllum frágangi í lok árs 2015. Fyrirmælin gilda til 13. ágúst 2044 en Umhverfisstofnun skal samkvæmt þeim endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti.²³ Urðunarstaðurinn á Skarðsmóum tók í einhverjum tilvikum við riðusmituðum hræjum til urðunar.²⁴

Heimildir eru til um tvær miltisbrunagrafir í Sveitarfélaginu Skagafirði. Annars vegar er gömul miltisbrunagröf talin vera við Skarðsá í Sæmundarhlíð, en óvissa er um tíma, tildrög og nákvæma staðsetningu. Hin gröfin er við Læk í Viðvíkursveit, en þar liggja heldur ekki fyrir nákvæmar upplýsingar.²⁵

Tafla 18 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Sveitarfélaginu Skagafirði, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.2.6 Akrahreppur

Akrahreppur er í austanverðum Skagafirði og nær yfir Blönduhlíð og Norðurárdal, Kjálka og mestan hluta Austurdals, þ.e. allt frá Kyrfisá í norðri suður að Hofsjökli. Að vestanverðu afmarkast sveitarfélagið af Héraðsvötnum, en sveitarfélagamörkin fylgja þó ekki að öllu leyti núverandi farvegi. Að austanverðu nær sveitarfélagið upp á miðjan Tröllaskaga gegnt Eyjafjarðarsýslu. Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu. Flatarmál sveitarfélagsins er samtals 1.361

²³ Umhverfisstofnun (2014): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður Skarðsmóum.*
http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskýrslur/Sorp-og-efnamottaka/Skagafjorður_130814.pdf.

²⁴ Matvælastofnun (2015): Rafbréf 17. feb. 2015.

²⁵ Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

km² og þar áttu 208 manns lögheimili þann 1. janúar 2014. Landbúnaður er undirstaða atvinnu í sveitarfélaginu er þar eru einnig nokkrir smærri þjónustuverktakar. Þá er nokkuð um að íbúar sækji atvinnu til næstu þéttbýliskjarna. Í sveitarfélaginu fellur því mest til af hefðbundnum heimilisúrgangi og úrgangi frá landbúnaði.


Í Akrahreppi er úrgangur ekki sóttur heim, heldur sjá íbúar um að koma honum í óvaktaða gáma sem eru staðsettir á þremur stöðum í sveitarfélaginu; í landi Frostastaða, Syðstu-Grundar og Úlfsstaða. Þessir gámar eru tæmdir vikulega allt árið um kring. Í landi Frostastaða eru einnig ílát undir dekk og rafgeyma. Akrahreppur stendur fyrir reglulegri söfnun á málmum og brotajárni frá íbúum ásamt því að heyrulluplasti frá landbúnaði er safnað reglulega samkvæmt samkomulagi við bændur.

Öll þjónusta vegna úrgangs í Akrahreppi er í höndum fyrirtækisins ÓK gámapjónusta ehf., sem sér bæði um sorphirðu og flutning úrgangs til urðunar.

Engin sérstök söfnun er á skilgaldsskyldum umbúðum í Akrahreppi en gera má ráð fyrir að þær skili sér að einhverju leyti í móttöku Endurvinnslunnar á Sauðárkróki.

Tafla 19 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Akrahreppi, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.3 Flokkun Eyjafjörður ehf.



Flokkun Eyjafjörður ehf. var stofnað 2007 af þeim aðilum sem áður stóðu að byggðasamlaginu Sorpeyðing Eyjafjarðar bs., sem þá hafði verið slitið. Flokkun tók við öllum rekstri sem byggðasamlagið hafði með höndum ásamt öllum skyldum samlagsins. Eigendur eru öll sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu, þ.e. Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Þann 1. janúar 2014 var heildarfjöldi íbúa á starfssvæði fyrirtækisins 24.305. Allur úrgangur til urðunar er fluttur á urðunarstað Norðurár bs. í Stekkjarvík norðan við Blönduós samkvæmt samningi fyrirtækisins við rekstraraðila Norðurár. Lífrænn úrgangur er hins vegar jarðgerður í jarðgerðarstöð Moltu ehf.

Molta ehf. rekur jarðgerðarstöð á Þveráreyrum í

Eyjafjarðarsveit. Stærstu eigendur fyrirtækisins eru sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu í gegnum Flokkun Eyjafjörður ehf., en eignarhluti Flokkunar er um 35%. Byggðastofnun á um 30% hlut í fyrirtækinu, Akureyrarbær um 15% og önnur sveitarfélög, matvælaframleiðendur og aðrir einkaaðilar á svæðinu samtals um 20%.

Jarðgerðarstöðin var opnuð í ágúst 2009. Þar er tekið á móti sláturúrgangi í áhættuflokki 3, lífrænum heimilisúrgangi, timbri, dagblaðapappír, hrossataði, grasi og gróðri. Allur þessi úrgangur er jarðgerður í stöðinni. Stöðin starfar samkvæmt leyfi Matvælastofnunar til reksturs jarðgerðarstöðvar til framleiðslu áburðar og jarðvegsbætandi efna úr dýraleifum af 3. áhættuflokki sem gildir til 31. desember 2021.²⁶

Gámastöðvar og/eða gámastæði eru staðsett í öllum sveitarfélögum á svæðinu að Hörgársveit undanskilinni. Gámasvæðið í Svalbarðsstrandarhreppi er óvaktað en annars staðar sér starfsmaður um móttöku úrgangs á tilgreindum opnunartímum. Á gámastöðvum er tekið á móti úrgangi til flokkunar og honum síðan komið í endurvinnslu eða til urðunar í Stekkjarvík.

Úrgangur var urðaður í Glerárdal til febrúarloka 2011, en þar starfrækti Sorpeyðing Eyjafjarðar urðunarstað um árabíl samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Starfsleyfið gildi til 1. júlí 2009 og var staðurinn eftir það rekinn á undanþágum. Lokunaráætlun var lögð fram 25. nóvember 2010 og hefur henni síðan verið fylgt undir reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar. Rekstraráðili tilkynnti að frágangi urðunarstaðarins væri að fullu lokið í október 2013. Lokaúttekt hefur farið fram en enn er unnið að minni háttar lokafrágangi. Umhverfisstofnun hefur gefið út fyrirmæli um frágang og vöktun sem gilda til júní 2044, og skal Umhverfisstofnun samkvæmt þeim endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti.²⁷ Urðunarstaðurinn á Glerárdal tók í einhverjum tilvikum við riðusmituðum hræjum til urðunar.²⁸

3.3.1 Fjallabyggð

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Fjallabyggð er yst á Tröllaskaga og nær yfir Siglufjörð, Héðinsfjörð og Ólafsfjörð. Sveitarfélagamörk Fjallabyggðar liggja frá Almenningsnöf undan Mánárfjalli í vestri og þaðan til suðausturs og suðurs að Kerlingahnjúki inn af Ólafsfirði. Vestan við þessi mörk er Sveitarfélagið

²⁶ Molta ehf.: *Rekstrarleyfi*. <http://www.molta.is/fileman/mast-rekstrarleyfi-08.06-2011.pdf?fma=viewHere>.

²⁷ Umhverfisstofnun (2014): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður á Glerárdal*. http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Sorp-og-efnamottaka/Akureyri_130814.pdf.

²⁸ Matvælastofnun (2015): Rafbréf 17. feb. 2015.

Skagafjörður. Frá Kerlingahnjúki fylgja sveitarfélagamörkin við Dalvíkurbyggð vatnaskilum allt norður á Ólafsfjarðarmúla. Heildarflatarmál sveitarfélagsins er 365 km² og þann 1. janúar 2014 voru 2.010 íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu.

Íbúar Fjallabyggðar eru að langstærstum hluta búsettir í þéttbýli, þ.e. á Ólafsfirði þar sem búa tæplega 800 manns, og á Siglufirði þar sem íbúar eru tæplega 1200. Íbúar í dreifbýli eru fáir og flestir búsettir nálægt þéttbýlisstöðunum.

Bæði Siglufjörður og Ólafsfjörður byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, vinnslu fiskafurða og ýmiss konar þjónustu við þessar greinar, svo sem vélsmiði og netagerð. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu þó aukist og mikill vaxtarbroddur er í ferðaþjónustu og ýmiss konar fjarvinnslu fyrir fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Í Fjallabyggð eru auk þess smíðaðir bátar, slökkvi- og sjúkrabílar og fiskvinnsluvélar fyrir frystitogara. Þar eru einnig störf tengd landbúnaði og iðnaði svo eitthvað sé talið, auk þó nokkurra starfa við þjónustu og í opinbera geiranum.

Heimili í sorphirðu í Fjallabyggð eru um 1.020 í þéttbýli og um 30 í dreifbýli. Sveitarfélagið er með svokallað þriggja tunnu kerfi, þar sem hverju heimili er útveguð ein græn tunna fyrir endurvinnsluefni, ein grá tunna fyrir almennan óflokkaðan úrgang og ein brún tunna fyrir lífrænan úrgang. Græna tunnann er 240 l. og er ætluð fyrir pappa, pappír, fernur, plast og minni málmhluti sem er flokkað og sent til endurvinnslu. Brúna tunnann er 140 l. Lífrænn úrgangur úr henni er jarðgerður og breytt í moltu í jarðgerðarvél Íslenska Gámafélagsins sem staðsett er á Siglufirði. Gráa tunnann er 240 l. og er ætluð fyrir heimilissorp sem hvorki er endurvinnanlegt né jarðgeranlegt. Það sem endar í gráu tunnunni er sent í urðun á urðunarstaðinn Stekkjarvík norðan við Blönduós.

Grænu og gráu tunnurnar eru losaðar á fjögurra vikna fresti allt árið. Brúna tunnann er einnig losað á fjögurra vikna fresti yfir vetrartímam (október-apríl) en á tveggja vikna fresti á sumrin (maí- september).

Íslenska gámafélagið ehf. er þjónustuaðili sveitarfélagsins við söfnun og flutning heimilisúrgangs, auk þess sem félagið annast rekstur tveggja gámasvæða, annars vegar á Ólafsfirði og hins vegar á Siglufirði. Samningur um þessa þjónustu gildir til 11. október 2016 með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum um eitt ár í senn, að hámarki til 11. október 2018. Einstaklingar geta losað sig við úrgang á gámasvæðum án endurgjalds og rekstraraðilar gegn gjaldi. Á gámasvæðunum er tekið á móti eftirtöldum úrgangsflokkum: Almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og lítað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni. Þar er einnig tekið við úr sér gengnum ökutækjum, svo og sláturuþgangi á haustin. Á gámasvæðunum er starfsmaður sem aðstoðar íbúa við flokkun. Gámasvæðið á Siglufirði er staðsett við Ránargötu

10 og er opið virka daga milli kl. 15 og 18 og laugardaga milli kl. 11 og 13. Gámasvæðið í Ólafsfirði er við Námuveg og er opið á sömu tímum.

Heyrúlluplasti er ekki safnað sérstaklega, en lítið er um landbúnað í sveitarfélaginu. Árlega er ráðist í sérstakt umhverfisátak þar sem íbúar og atvinnurekendur eru hvattir til að hreinsa til í kringum sig, svo sem á lóðum og opnum svæðum.

Auk þeirrar þjónustu sem Íslenska gámafélagið ehf. veitir í Fjallabyggð hefur Flokka ehf. í Skagafirði sótt nokkurt magn fyrirtækjaúrgangs til Siglufjarðar. Á árinu 2013 var þar um að ræða 119.105 kg af óflokkuðum úrgangi, 15.480 kg. af hjólbörðum og 5.150 kg af bylgjupappa. Þessar tölur eru innifaldar í magntölum í töflu 20 í viðauka 4.

Í Fjallabyggð eru tvö íþróttafélög með afgreiðslu fyrir Endurvinnsluna hf. og annast þau móttöku á skilagjaldsskyldum umbúðum. Á Siglufirði tekur Knattspyrnufélag Fjallabyggðar á móti umbúðum á mánudögum milli kl 16 og 18 á gámasvæðinu, og á Ólafsfirði er það Skíðafélag Ólafsfjarðar sem tekur á móti umbúðum á fimmtudögum milli kl. 17 og 18. Samtals tóku þessi félög á móti um 664.000 áldósum, plastflöskum og glerflöskum árið 2013. Heildarþyngd þessara umbúða var rúmlega 38,6 tonn.

Í gildi er starfsleyfi fyrir Seyru ehf. á Siglufirði, útgefið af Umhverfisstofnun með gildistíma til 19. nóvember 2020. Leyfið gildir um móttöku og flokkun á heimilisúrgangi, pappír og plasti ásamt jarðgerð heimilisúrgangs að Vetrarbraut 21-23 Siglufirði. Heimilt er að taka á móti allt að 400 tonnum af heimilisúrgangi á ári og allt að 100 tonnum af flokkuðum pappírs-, pappa- og plastúrgangi frá fyrirtækjum. Þá er fyrirtækinu heimilt að jarðgera allt að 200 tonn af lífrænum heimilisúrgangi sem berst, auk stoðefnis svo sem timburs og garðaúrgangs.²⁹ Jarðgert var um tíma í þar til gerðri jarðgerðarvél en þeirri starfsemi var hætt á árinu 2013 og síðan þá hefur lífrænn úrgangur verið fluttur til Moltu í Eyjafirði.

Í Fjallabyggð er samtals 71 rotþró, þar af 11 á Siglufirði og 60 á Ólafsfirði. Ekkert fast fyrirkomulag er á losun rotþróa, en árið 2013 voru losaðar 11 þrær með meðalstærð um 3.200 l. Áætlað er að losað magn úr hverri þró sé um 25% af heildarrúmmálinu. Samkvæmt því nam

²⁹ Umhverfisstofnun (2008): Starfsleyfi fyrir móttöku og flokkun á heimilisúrgangi, pappír og plasti ásamt jarðgerð heimilisúrgangs að Vetrarbraut 21-23 Siglufirði.
http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Seyra_Siglufirdi.pdf.

losunin um 9.000 lítrum árið 2013. Hreinsitækni sá um losunina og var seyran losuð í dælustöð í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Tafla 20 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Fjallabyggð, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.3.2 Dalvíkurbyggð

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð varð til árið 1998 við sameiningu Dalvíkurkaupstaðar, Svarfaðardalshrepps og Árskógshrepps. Sveitarfélagið liggur utanvert í vestanverðum Eyjafirði og eru norðurmörk sveitarfélagsins í Ófærugjá yst í Ólafsfjarðarmúla. Þaðan fylgja sveitarfélagsmörkin vatnaskilum í fjallgörðunum umhverfis Svarfaðardal suður og austur fyrir Skíðadal. Þar liggja mörkin þvert yfir Þorvaldsdal í Kötlufjöll og til sjávar við Hillur.

Norðan við Dalvíkurbyggð liggur sveitarfélagið Fjallabyggð, sveitarfélagið Skagafjörður vestan við, Hörgársveit sunnan við og Akureyrarkaupstaður austan við, eftir að Hríseyjarhreppur var sameinaður Akureyri árið 2004. Flatarmál sveitarfélagsins er 595 km² og íbúafjöldi þann 1. janúar 2014 var 1.867.

Flestir íbúar sveitarfélagsins búa í þéttbýlinu á Dalvík eða rúmlega 1.350 manns. Aðrir þéttbýliskjarnar eru Árskógssandur og Hauganes og er íbúafjöldi rúmlega 100 á hvorum stað. Þá búa um 300 manns í dreifbýli.

Undirstaða atvinnulífs í Dalvíkurbyggð er sjávarútvegur og fiskvinnsla ásamt landbúnaði. Á Dalvík er stór fiskiskipa- og flutningshöfn og hefur talsverð starfsemi byggst upp í tengslum við hana. Hefðbundinn landbúnaður er stundaður í talsverðum mæli í Dalvíkurbyggð og jafnframt eru hæsnabú og loðdýrabú í smærri stíl innan sveitarfélagsins. Innan sveitarfélagsins er einnig að finna meðalstór iðn- og matvælafyrirtæki, ásamt verslunar- og þjónustufyrirtækjum.

Í sveitarfélagi þar sem atvinnulíf er svo fjölbreytt sem raunin er í Dalvíkurbyggð, er úrgangsmyndunin að sama skapi fjölbreytt; margvíslegur rekstrarúrgangur, landbúnaðarúrgangur og almennur heimilisúrgangur.

Í Dalvíkurbyggð eru 712 heimili, þar af 598 í þéttbýli og 114 í dreifbýli. Sveitarfélagið leggur til tvær tunnur við hvert heimili. Þar er annars vegar um að ræða eina svarta 240 lítra tunnu fyrir óflokkaðan úrgang með 35 l brúnu hólfi fyrir lífrænan úrgang. Tunnan og hólfið eru losuð á tveggja vikna fresti. Hins vegar leggur sveitarfélagið til græna 240 l tunnu fyrir endurvinnsluúrgang, sem er losuð einu sinni í mánuði. Gildir þetta jafnt um þéttbýli og dreifbýli.

Gámaþjónusta Norðurlands ehf. og Sorp ehf. sjá um sorphirðu í sveitarfélaginu og Gámaþjónustan rekur gámasvæði við Sandskeið á Dalvík. Þangað er gert ráð fyrir að íbúar skili stærrí og grófari úrgangi. Sú þjónusta er gjaldfrjálss fyrir einstaklinga en fyrirtæki greiða fyrir þann úrgang sem þau skila inn. Þar er móttaka á helstu úrgangsflokkum, svo sem plasti, timbri, garðaúrgangi, dagblöðum/tímaritum, kæli- og frystitækjum, hjólbörðum, fernum og sléttum pappa, bylgjupappa, málmum/brotajárni, ökutækjum, rafgeymum og spilliefnum svo eitthvað sé nefnt. Einnig er þar gámur frá Rauða krossinum fyrir fatnað og vefnaðarvöru. Loks er þar tekið á móti óflokkuðum úrgangi. Svæðið er opið á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum milli kl 15 og 18, svo og á laugardögum milli kl. 11 og 14.³⁰ Samningur sveitarfélagsins við Gámaþjónustu Norðurlands gildir til 30. júní 2015.

Settir hafa verið upp tveir gámar í dreifbýli til söfnunar á dýrahæjum, annar á Tungunum í Svarfaðardal og hinn við Stærrí-Árskóg á Árskógsströnd. Á sumrin eru tveir gámar fyrir garðaúrgang staðsettir á Árskógssandi og Hauganesi, einn á hvorum stað. Á vorin stendur sveitarfélagið fyrir sérstöku hreinsunarátaki í þéttbýlinu á Dalvík, Árskógsströnd og Hauganesi, og er það auglýst sérstaklega.

Söfnun á heyrúlluplasti fer þannig fram í sveitarfélaginu að þjónustuaðili sækir plast heim á bæi einu sinni í mánuði alla mánuði ársins nema í júlí og ágúst.

Tekið er við skilagjaldsskildum drykkjarumbúðum hjá Landflutningum Samskip, Ránarbraut 2b á fimmtudögum milli 14 og 17, en þar er umboð fyrir Endurvinnsluna ehf. Á árinu 2013 var samtals tekið þar við um 491.000 áldósum, plastflöskum og glerflöskum. Heildarþyngd þessara umbúða var rúmlega 28,6 tonn.

Seyra er losuð úr öllum rotþróum í dreifbýli reglulega á þriggja ára fresti, en rotþærnar voru 224 talsins árið 2013. Upplýsingar um magn liggja ekki fyrir en hægt er að áætla magnið út frá losunartíðni og stærð þróa. Sé gert ráð fyrir að þærnar séu að meðaltali 3.200 l og að seyra úr hverri þró sé um 25% af heildarrúmmálinu í hverri losun, nemur árleg losun um 60.000 lítrum. Hreinsitækni sér um þjónustuna og fer seyran í útrás hjá sveitarfélaginu eða í urðun.

³⁰ Dalvíkurbyggð: Endurvinnslustöð. <http://www.dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Endurvinnslustod>.

Miltisbrunagröf er talin vera við Háls í Svarfaðardal, en þar var grafin sýkt kvíga um eða upp úr 1920. Staðsetning grafarinnar er þekkt með allgóðri nákvæmni.³¹

Tafla 21 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Dalvíkurbyggð, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.3.3 Hörgársveit

Hörgársveit varð til við sameiningu Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps árið 2010. Sveitarfélagið liggur í vestanverðum Eyjafirði og líkt og nafnið gefur til kynna liggur Hörgá eftir því miðju. Sveitarfélagamörk við Akureyri eru við Lónið og nær sveitarfélagið inn Öxnadal þar sem sveitarfélagamörk við Akrahrepp eru við Grjótá á Öxnadalshéiði. Sveitarfélagið liggur að Dalvíkurbyggð í norðri og eru mörk sveitarfélaganna norðan við Fagraskóg. Heildarflatarmál sveitarfélagsins er 893 km² og íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu þann 1. janúar 2014 voru 559.

Stærstur hluti íbúa Hörgársveitar býr í dreifbýli en í sveitarfélaginu eru líka tveir þéttbýliskjarnar, þ.e. Lónsbakki við bæjarmörk Akureyrar og Hjalteyri út með sjónum utan Hörgár. Helsti atvinnuvegur í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður, auk þess sem þar er eitt stórt svínabú. Nokkur stærri fyrirtæki eru einnig í sveitarfélaginu, svo sem sláturhús og byggingarvöruverslun, auk talsverðar ferðaþjónustu ásamt minni fyrirtækjum eða rekstri. Eðlilega myndast töluverður rekstarúrangur frá sláturhúsinu en að öðru leyti má gera ráð fyrir að mest af úrganginum komi beint frá landbúnaði og frá heimilum.

Alls eru 190 heimili í sorphirðu í Hörgársveit, þar af um 50 í þéttbýli og 140 í dreifbýli. Þar eru einnig þó nokkur frístundahús sem fá þjónustu frá sveitarfélaginu samkvæmt sérstökum gjaldskrárflokki.

Sveitarfélagið leggur hverju heimili til tvær tunnur, þ.e. eina 240 lítra gráa tunnu fyrir óflokkaðan heimilisúrgang og aðra jafnstóra græna tunnu fyrir endurvinnsluúrgang. Í endurvinnslutunnuna er gert ráð fyrir að íbúar setji eftirfarandi úrgangsflokka: Dagblöð og tímarit, skrifstofupappír, bæklinga, umslög og ruslpóst, sléttan pappa og bylgjupappa, málma, fernur, plastumbúðir, plastdósir, plastpoka og rafhlöður. Tunnur fyrir óflokkaðan úrgang eru losaðar á tveggja vikna fresti og endurvinnslutunnan á fjögurra vikna fresti.

³¹ Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

Söfnun heimilisérgangs er í höndum Gámaþjónustu Norðurlands samkvæmt samningi sem gildir til 31. maí 2015 og framlengist sjálfkrafa um 1 ár í senn sé honum ekki sagt upp. Gámaþjónustan sér einnig um umhleðslu og flutninga heimilisérgangs, svo og um söfnun og flutning dýraleifa. Samningur um þessa þætti gildir til ársloka 2018 með sams konar ákvæði um framlengingu og getið er um hér að framan.

Ekkert gámasvæði er í sveitarfélaginu en sveitarfélagið stendur nokkrum sinnum á ári fyrir skipulögðu hreinsunarátaki þar sem safnað er ákveðnum úrgangsflokkum, t.d. málmum og timbri. Dýraleifum er safnað sérstaklega í gáma sem eru staðsettir á þremur stöðum, þ.e. í malarnámu á Björgum, við vegamót Hringvegur og Hörgárdalsvegur og við bæinn Hraukbæ. Gámarnir eru losaðir vikulega yfir sumartímann en á tveggja vikna fresti yfir vetrartímann og úrgangur úr þeim fluttur til urðunar. Söfnun á heyrúlluplasti frá bændum fer fram mánaðarlega á veturna (október-júní).

Gámur fyrir grófan úrgang er við Mela og einnig við Jónasarlund yfir sumartímann. Gámar fyrir járn og timbur til endurvinnslu eru við Hlíðarbæ allt árið og við Mela í nokkrar vikur í upphafi sumars.

Engin sérstök söfnun er á skilgjalddsskyldum umbúðum í Hörgársveit en gera má ráð fyrir að þær skili sér í afgreiðslu Endurvinnslunnar á Akureyri.

Í Hörgársveit eru 183 rotþrær. Samkvæmt samningi við Gámaþjónustu Norðurlands um tæmingu og kölkun eru rotþrær í sveitarfélaginu losaðar þriðja hvert ár og oftast þegar sérstakar aðstæður krefjast. Árið 2013 voru tæmdar 26 rotþrær, samtals 68,4 tonn. Seyra er losuð á losunarstað á Möðruvöllum í Eyjafjarðarsveit sem er samþykktur af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Til er frásögn um að kýr hafi drepist úr miltisbruna á bænum Baldursheimi í fyrrum Arnarneshreppi, líklega á fyrstu áratugum 20. aldar. Þar er því hugsanlega miltisbrunagröf en engar frekari upplýsingar liggja fyrir um það.³²

³² Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

Tafla 22 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Hörgársveit, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.3.4 Akureyrarbær

Akureyrarbær liggur í innanverðum Eyjafirði og teygir sig frá sjó og inn Glerárdal. Eyjarnar Grímsey og Hrísey eru einnig hluti sveitarfélagsins. Flatarmál sveitarfélagsins er 138 km² og þar bjuggu 18.103 íbúar þann 1. janúar 2014. Nær allir íbúar sveitarfélagsins eru búsettir í þéttbýli.

Atvinnulíf er mjög fjölbreytt í sveitarfélaginu, og þar er að finna bæði stór og smá fyrirtæki. Nokkur þeirra skera sig nokkuð úr sökum stærðar sinnar og eru flest í matvælaíðnaði og mynda þ.a.l. töluvert magn lífræns úrgangs. Einnig fellur til talsvert magn af almennum rekstrar- og heimilisúrgangi. Loks er nokkuð um hrossahald í þéttbýlinu og því fellur til töluvert magn af hrossataði. Ekkert af því virðist skila sér inn sem úrgangur og er því væntanlega nýtt beint til áburðar eða landmótunar.

Gámaþjónusta Norðurlands ehf. sér um helstu úrgangþjónustu fyrir heimilisúrgang hjá Akureyrarbæ og rekur jafnframt gámaöll, móttöku- og flokkunarstöð. Samningur um þessa þjónustu gildir til 1. desember 2018.

Á Akureyri eru um 7.250 heimili. Við hvert heimili í einbýlishúsum og raðhúsum er staðsett ein 240 lítra tunna fyrir óflokkaðan úrgang og í henni er 35 lítra hólf fyrir lífrænan úrgang. Við fjölbýlishús eru kör fyrir óflokkaðan úrgang og 240 l tunnur fyrir lífrænan úrgang. Fjöldi og stærð kara við hvert hús er mismunandi eftir stærð húsa og óskum íbúa. Almenn er þó miðað við að hve íbúð hafi að meðaltali 205 lítra rými fyrir óflokkaðan úrgang og 35 lítra fyrir lífrænt.

Framanskráðu til viðbótar geta íbúar leigt sérstaka endurvinnslutunnu þar sem hægt er að losa alla helstu úrgangsflokka til endurvinnslu, þ.e.a.s. dagblöð, tímarit og skrifstofupappír, sléttan pappi og bylgjupappi, fernur, málma, plast og rafhlöður. Talið er að um 10% heimila á Akureyri (rúmlega 700 heimili) nýti sér þá þjónustu. Tunnur og ker fyrir óflokkaðan úrgang eru losuð á

tveggja vikna fresti³³ og það sama gildir um hólf og ker fyrir lífrænan úrgang. Endurvinnslutunnan er losuð á fjögurra vikna fresti.³⁴

Á Akureyri eru grenndarstöðvar fyrir losun á flokkuðum úrgangi á eftirtöldum stöðum:

- Glerártorg, austan verslunarmiðstöðvar
- Byggðavegur, við Strax verslun
- Hagkaup við Hjalteyrargötu, á bílastæði
- Hrísalundur, vestan verslunarmiðstöðvar
- Síðuskóli, á bílastæði við skólann
- Urðargil við spennistöð
- Bónus í Naustahverfi, sunnan verslunar
- Innbær, við Skautahöll
- Ráðhús við Hólabraut, sunnan Akureyrarvallar
- Bónus við Miðholt
- Sunnuhlíð, við verslunarmiðstöð

Á grenndarstöðvum eru ílát undir bylgjupappa og sléttan pappa, dagblöð, tímarit og skrifstofupappír, fernur, plast, málma og glerílát. Einnig eru þar ílát fyrir rafhlöður og kertaafganga.

Einn gámavöllur er á Akureyri, við Réttarhvamm 2. Þar eru ílát fyrir helstu úrgangsflokka s.s. dagblöð, tímarit og skrifstofupappír, bylgjupappa, fernur, plast, málma, spilliefni, timbur, grófan úrgang, nytjahluti, gras og garðaúrgang, raf- og rafeindatekjaúrgang, hjólbarða, múrbrot/gler/keramik og flísar, kertaafganga og fyrir óendurvinnanlegan úrgang sem ekki er hægt að flokka frekar. Gámavöllurinn er fyrst og fremst ætlaður einstaklingum til losunar á stærri og grófari úrgangi sem fylgir heimilishaldi og er slík losun gjaldfrjáls. Fyrirtæki geta einnig losað úrgang á gámavöllinn og greiða þá ákveðið rúmmetragjald fyrir. Yfir sumartímam (16. maí til 15. ágúst) er gámavöllurinn opinn á virkum dögum kl. 13-20 og á laugardögum og sunnudögum kl. 13-17. Á vetrum (16. ágúst til 15. maí) er opið á virkum dögum kl. 13-18 og á laugardögum og sunnudögum kl. 13-17.

³³ Gámaþjónusta Norðurlands (2014): *Sorphirða. Dagatal. Akureyri 2014.*
<http://www.gamar.is/nordurland/images/sorphirdudagatal/Akureyri2014b.pdf>.

³⁴ Gámaþjónusta Norðurlands (2014): *Endurvinnslutunnan Akureyri 2014.*
<http://www.gamar.is/nordurland/images/sorphirdudagatal/ET2014.pdf>.

Gámaþjónusta Norðurlands ehf. rekur söfnunar- og móttökustöð við Rangárvelli á Akureyri. Stöðin er starfrækt samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun með gildistíma til 24. maí 2027.³⁵ Þar er heimilt að taka á móti allt að 25 þús. tonnum á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, umhleðslu, forvinnslu, böggunar, þökkunar og geymslu. Á stöðina er hægt að skila inn flestum úrgangi frá fyrirtækjum og heimilum samkvæmt gjaldskrá þar sem greitt er eftir vigt. Þar er einnig tekið við dýraleifum, heyrúlluplasti o.fl. Á þessa stöð kemur langstærstur hluti þess úrgangs sem síðan er fluttur áfram til urðunar á urðunarstaðinn í Stekkjarvík. Móttökustöðin er opin kl. 8-17 á virkum dögum.

Móttaka og meðhöndlun spilliefna fer einnig fram hjá Gámaþjónustu Norðurlands ehf. í afmörkuðum hluta móttökustöðvarinnar við Rangárvelli, en með meðhöndlun er hér átt við flokkun, þökkun, annan frágang og geymslu efnanna samkvæmt sérstöku starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, með gildistíma til 16. júlí 2028.³⁶ Samkvæmt starfsleyfinu er heimilt að taka þarna á móti allt að 900 tonnum af efnum til meðhöndlunar á ári, þar af 600 tonnum af spilliefnum og 300 tonnum af raf- og rafeindatækjaúrgangi. Óheimilt er að taka á móti úr sér gengnum ökutækjum til úrvinnslu á stöðinni, svo og geislavirkum úrgangi.

Hringrás hf. starfrækir móttökustöð fyrir spilliefni og annan úrgang að Ægisnesi 1. Móttökustöðin er starfrækt samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun með gildistíma til 18. nóvember 2026. Þar er heimilt að taka á móti allt að 3.900 tonnum af úrgangi árlega til meðhöndlunar; þar af 200 tonnum af hvers kyns spilliefnum, 3.200 tonnum af málmum, þ.m.t. úr sér gengnum ökutækjum, og 500 tonnum af hjólbörðum. Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð, svo og förgun úrgangs á athafnasvæðinu.³⁷ Móttökustöðin er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 8-12 og 13-17, og föstudaga milli kl. 8-12 og 13-16.

³⁵ Umhverfisstofnun (2011): *Starfsleyfi. Gámaþjónusta Norðurlands ehf. við Rangárvelli, Akureyri – móttaka og meðhöndlun úrgangs*. <http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Gamaþjónusta%20Norðurlands%20ehf.%20Akureyri%20-%20Starfsleyfi%2024.05.11.pdf>.

³⁶ Umhverfisstofnun (2012): *Starfsleyfi. Gámaþjónusta Norðurlands ehf., Rangárvöllum, Akureyri – móttaka og meðhöndlun spilliefna*. <http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Gamaþjónusta%20Norðurlands%20ehf.%20Akureyri%20-%20Starfsleyfi%20fært%20LOKAÚTGÁFA%2019.12.12.pdf>.

³⁷ Umhverfisstofnun (2010): *Hringrás hf. Ægisnesi 1, Akureyri - móttaka spilliefna og annars úrgangs*. [http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Hringrás hf. Akureyri - Starfsleyfi - Lokautgafa 18.11.10.pdf](http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Hringras%20hf.%20Akureyri%20-%20Starfsleyfi%20-%20Lokautgafa%2018.11.10.pdf)

Óvirkum úrgangi hefur verið safnað á athafnasvæði Skútabergrs ehf. í Krossanesi. Þar er þó ekki um urðun að ræða, heldur tímabundna varðveislu. Þessi úrgangur verður væntanlega nýttur sem fyllingarefni.

Endurvinnslan Akureyri rekur móttökustöð í samvinnu við Plastiðjuna Bjarg – Iðjulund fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir sem bera skilagjald. Móttökustöðin er staðsett að Furuvöllum 11 og er opin mánudaga til miðvikudaga kl. 10-16, fimmtudaga kl. 10-18 og föstudaga kl. 10-15. Á árinu 2013 var samtals tekið við um 6.372.000 áldósum, plastflöskum og glerflöskum á Akureyri. Heildarþyngd þessara umbúða var tæplega 371 tonn. Inni í þessum tölum er væntanlega nokkuð af skilagjaldsumbúðum úr nágrannasveitarfélögum, svo sem úr Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi.

Kertaafgöngum, fataefnum og lérefni er safnað á gámavelli í samstarfi við Plastiðjuna Bjarg - Iðjulund. Fatasöfnun fer einnig fram á vegum Rauða krossins, Viðjulundi 2, þar sem tekið er við notuðum fatnaði, skóm, líni, lérefni og hannyrðavörum. Hægt er að skila endurvinnsluefni á opnunartíma verslunar Rauða krossins, milli kl. 9 og 16 virka daga eða skila í gáma sem staðsettir eru fyrir utan húsnæði deildarinnar. Fatnaður er ýmist seldur beint til erlendra aðila, eða hann er flokkaður og gefinn þurfandi héraðs og erlendis eða seldur í Rauðakrossbúðum víðs vegar um landið. Hjálpræðisherinn, Hertex nytjamarkaður, Hrísalundi 1 b, tekur einnig við fatnaði og vefnaðarvöru s.s. gluggatjöldum, áklæði, teppum og sængurfötum ásamt öðrum nytjahlutum. Hægt er að skila inn nytjahlutum í gáma við húsnæði nytjamarkaðarins eða á opnunartíma á þriðjudögum og föstudögum frá kl. 10 til 18. Fjölsmiðjan Óseyri 1 tekur sömuleiðis við nytjahlutum og þar er rekinn nytjamarkaður. Hægt er að skila inn á opnunartíma sem er milli kl. 10 og 16 virka daga. Einnig er hægt að skila húsbúnaði, raftækjum og öðru því sem fólk vill að fari í endurnotkun í nytjagáma á gámavellinum við Rangárvelli á Akureyri.

Í Grímsey eru 34 íbúðir. Við hverja íbúð er tunna með pokagrind og sorppoka fyrir óflokkaðan heimilisúrgang, auk íláta fyrir lífrænan úrgang sem höfð eru til hliðar við tunnuna eða innandyra. Óflokkuðum og lífrænum úrgangi er safnað reglulega og komið fyrir í gámum sem standa við höfnina, en þar eru einnig gámar fyrir timbur, málma og önnur endurvinnsluefni. Gámarnir eru fluttir með Grímseyjarferjunni til Dalvíkur og þaðan til losunar á Akureyri. Flokkun í gámana hefur verið ábótavant þannig að nær allur úrgangurinn hefur endað í urðun að timbri og járnfrátöllu. Mjög lítið hefur safnast af lífrænum úrgangi.

Í Hrísey eru 95 íbúðir. Engar tunnur eru þar við heimahús, en íbúar skila af sér úrgangi á fimm grenndarstöðvum. Þar eru ílát fyrir óflokkaðan úrgang, en einnig fyrir úrgang til endurvinnslu, þ.e. bylgjupappa, sléttan pappa og fernur, dagblöð og tímarit og fyrir mjúkt og hart plast. Þar er einnig að finna samtals 5 tunnur fyrir gler og 12 tunnur fyrir lífrænan úrgang. Ílátin á grenndarstöðvunum eru losuð einu sinni í viku.

Á Akureyri eru aðeins um 20-30 rotþrær enda flest heimili tengd við fráveitukerfi bæjarins. Rotþrærnar eru losaðar eftir þörfum í dælustöð í fráveitukerfinu. Hreinsitækni sér um þessa þjónustu og er áætlað að heildarmagn seyrur sé að hámarki um 8.000 lítrar á ári.

Í Hrísey eru 16 rotþrær. Þær voru síðast losaðar árið 2011 og er áætlað að næsta losun fari fram árið 2015. Heildarmagn í síðustu losun var um 2,5 tonn, sem samsvarar um 800 lítrum á ári miðað við að um hafi verið að ræða u.þ.b. þriggja ára skammt og að eðlismassi seyrunnar sé um 1,0 kg/l. Gámaþjónusta Norðurlands hefur séð um þessa þjónustu og hefur seyrann verið losuð í eygni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort losunarstaðurinn sé viðurkenndur af heilbrigðisnefnd.

Til eru heimildir um miltisbrunatilvik á Akureyri. Þar dó maður af miltisbruna á hálsi árið 1899 og á fyrri hluta 20. aldar er vitað að tvær kýr drápust úr veikinni á sama bænum í umdæmi dýralæknisins á Akureyri. Ekki liggur fyrir hvaða bæ var þar um að ræða, en hann gæti verið í öðru sveitarfélagi. Þá eru til heimildir um miltisbruna á bæjum við Krossanes, líklega á árunum fyrir 1885. Svo er að sjá sem þar hafi drepist bæði kýr og hross en erfitt er að staðsetja grafirnar með fullri vissu.³⁸

Tafla 23 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Akureyrarbæ, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.3.5 Eyjafjarðarsveit

Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit nær yfir innsta hluta Eyjafjarðar innan við Akureyri. Sveitarfélagið varð til árið 1991 þegar Öngulsstaðahreppur, Saurbæjarhreppur og Hrafnagilshreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag. Norðurmörk sveitarfélagsins að vestan ná að bæjarlandi Akureyrarkaupstaðar, um landamerki jarðanna Hvamms og Litla-Hvamms. Mörkin eru í stefnu á tind Ytri-Súlu og við Kambsskarð liggja mörkin fyrst suður á vatnaskilum við Hörgársveit og síðan til suðurs á sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu á Nýjabæjarfjalli. Austurmörk hreppsins eru sýslumörk Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu. Mörk milli Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps liggja milli jarðanna Ytri-Varðgjár og Veigastaða, nánar til tekið frá Stapaklöpp til fjalls og í beina stefnu vestur á miðja Leiru þar sem sveitarfélagamörk milli

³⁸ Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

Akureyrarkaupstaðar og Eyjafjarðarsveitar liggja. Flatarmál sveitarfélagsins er 1.795 km² og fjöldi íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu þann 1. janúar 2014 voru 1.026.

Atvinna í Eyjafjarðarsveit er af ýmsum toga. Meginatvinnugreinin í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður en að auki er rekið þar eitt stórt svínabú. Störf við opinbera þjónustu eru þó nokkur s.s. við skóla og heilbrigðisstofnun í Kristnesi. Atvinnusókn út fyrir sveitarfélagið, einkum til Akureyrar er nokkur meðal íbúa og þá eru nokkur störf við garðyrkju og iðnað auk þjónustustarfa, einkum í ferðaþjónustu. Flestir íbúar Eyjafjarðarsveitar eru búsettir í dreifbýli en þéttbýliskjarnar í sveitarfélaginu eru Hrafnagil þar sem búa rúmlega 250 manns, Kristnes með tæplega 50 íbúa og Brúnahlíð þar sem um 75 manns hafa búsetu.

Stærstur hluti úrgangs sem fellur til í sveitarfélaginu kemur frá landbúnaði og hefðbundnu heimilishaldi.

Í sorphirðu í Eyjafjarðarsveit eru 307 heimili, þar af 237 í dreifbýli og 70 í þéttbýli. Sveitarfélagið leggur til eina 240 l tunnu fyrir óflokkaðan úrgang við hvert heimili og eina 240 l tunnu fyrir flokkaðan endurvinnsluúrgang. Í þéttbýlli hluta sveitarfélagsins, þ.e. við heimili norðan Miðbrautar, er einnig 35 l hólf í fyrrnefndu tunnunni, ætlað fyrir lífrænan heimilisúrgang. Sunnan Miðbrautar geta íbúar fengið niðurgreidda heimajarðgerðartunnu. Lífrænum úrgangi er ekið í jarðgerðarstöð Moltu ehf. á Þveráreyrum. Tunnur fyrir óflokkaðan úrgang og hólf fyrir lífræna úrganginn eru losuð hálfsmánaðarlega, en endurvinnsluúrgangur á fjögurra vikna fresti. Gámaþjónusta Norðurlands sér um sorphirðu, umhleðslu og flutning samkvæmt samningi við sveitarfélagið, sem gildir til 31. ágúst 2016.

Sveitarfélagið sér um rekstur gá mavallar sem er staðsettur norðan við Hrafnagilsskóla. Gert er ráð fyrir að íbúar skili þangað öllum stærri og grófari úrgangi sem fylgir heimilishaldi og er þjónustan gjaldfrjáls, jafnt fyrir íbúa sveitarfélagsins sem fyrirtæki. Þar er tekið á móti eftirtöldum úrgangsflokkum til endurvinnslu og förgunar: Bylgjupappi og sléttur pappi, dagblöð og tímarit, skrifstofupappír, fernur, plastlát, heyrúlluplast, spilliefni, rafgeymar, rafhlöður, raftæki/rafeindatæki, kælitæki, timbur, grófur úrgangur, gler, postulín og flísar, garðaúrgangur, hjólbarðar, málmar og kertaafgangar. Fatnaði, lérefni og kertaafgöngum er safnað á gá mavelli í samstarfi við Plastiðjuna Bjarg- Iðjulund á Akureyri. Gá mavöllurinn er opinn þriðjudaga, föstudaga og laugardaga milli kl. 13 og 17.

Heyrúlluplast er sótt heim á bæi einu sinni í mánuði frá tímabilinu september fram í júní. Akureyrardeild Rauða krossins, Viðjulundi 2, tekur á móti notuðum fötum og skóm (sjá framar). Móttaka drykkjarvöruumbúða sem bera skilagjald er hjá Endurvinnslunni hf. á Akureyri, en engin sérstök söfnun slíkra umbúða fer fram í Eyjafjarðarsveit. Úr sér gegnum ökutækjum er hægt að skila í móttökustöð á Akureyri.

Sérstakur gámar fyrir dýraleifar er staðsettur norðan stíflubruar rétt norðan við félagsheimilið Sólgarð. Gámurinn er losaður vikulega á sumrin og hálfsmánaðarlega á veturna og innihaldið flutt til urðunar í Stekkjarvík. Þessi þjónusta er í höndum Tývar ehf. samkvæmt samningi við Eyjafjarðarsveit.

Í Eyjafjarðarsveit eru samtals 250 rotþrær við íbúðarhús og eru þær tæmdar þriðja hvert ár samkvæmt samningi við Gámaþjónustu Norðurlands um tæmingu og kölkun. Tvær stærri rotþrær eru þó tæmdar árlega. Seyra var losuð úr 87 rotþrómi í sveitarfélaginu árið 2013, samtals 166,3 tonn. Seyran er flutt á losunarstað á Möðruvallaeyrum, þar sem hún er kólkuð og síðan dreift á nærliggjandi svæði til uppgræðslu. Losunarstaðurinn er samþykktur af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Til eru sagnir um miltisbrunagrafir við þrjá bæi í Eyjafjarðarsveit. Í fyrsta lagi er sagt að miltisbrunatilfelli hafi komið upp á Ytra-Gili árið 1914 eða 1915, en vísbendingar um líklegan greftrunarstað eru óstaðfestar. Þetta kann að vera sama tilvik og vísað er til hér að framan „í umdæmi dýralæknisins á Akureyri“. Í öðru lagi eru til sagnir um miltisbruna í Hólsgerði. Þar var að öllum líkindum grafið miltisbrunasýkt hross um 1920. Í þriðja lagi eru tvær þekktar miltisbrunagrafir við bæinn Svertingsstaði, en þar drápu nokkur hross úr veikinni á tímabilinu 1886-1890.³⁹

Tafla 24 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Eyjafjarðarsveit, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.3.6 Svalbarðsstrandarhreppur

Svalbarðsstrandarhreppur er á Svalbarðsströnd, undir hlíðum Vaðlaheiðar við austanverðan Eyjafjörð. Mörk sveitarfélagsins í norðri eru við Grýtubakkahrepp við Víkurskarð og í suðri liggja sveitarfélagamörk við Eyjafjarðarsveit og Akureyrarbæ við austanverðan fjardarbotninn. Austurmörk sveitarfélagsins liggja um Vaðlaheiði að Þingeyjarsveit. Heildarflatarmál sveitarfélagsins er 50 km² og íbúafjöldi með lögheimili í sveitarfélaginu þann 1. janúar 2014 var 387.

³⁹ Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

Rúmlega helmingur íbúa Svalbarðsstrandarhrepps býr í þéttbýli á Svalbarðseyri en aðrir í dreifbýli. Margir íbúanna sækja vinnu annars staðar, svo sem til Akureyrar. Í sveitarfélaginu er stundaður talsverður hefðbundinn búskapur og þar er líka eitt meðalstórt alifuglabú. Ein nokkuð stór kjötvinnsla er starfrækt á Svalbarðseyri og þar er einnig fiskverkun og gróðrarstöð. Nokkur smærri fyrirtæki eru starfrækt í sveitarfélaginu og töluvert er um ferðaþjónustufyrirtæki.

Íslenska gámafélagið ehf. annast sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi, svo og um flutninga og umsjón með gámasvæðum í samræmi við þjónustusamning sem gildir til 15. apríl 2018. Úrgangur er flokkaður í þrjá meginflokka, þ.e. lífrænan úrgang, endurvinnanlegan úrgang og almennt sorp til urðunar.

Sveitarfélagið leggur hverju heimili til tvær 240 l tunnur (gráa og græna) og 35 l ílát fyrir lífrænan úrgang. Gráa tunnan er fyrir almennt sorp og tunnan með græna lokinu fyrir endurvinnanlegan úrgang (endurvinnslutunna). Almennu sorpi og lífrænum úrgangi er safnað á tveggja vikna fresti en endurvinnslutunna er tæmd á fjögurra vikna fresti. Í grænu tunnuna setja íbúar eftirtalda úrgangsflokka: Dagblöð og tímarit, bylgjupappa og sléttan pappa, fernur, plastumbúðir og málma.

Almennu sorpi er ekið á urðunarstaðinn við Stekkjarvík við Blönduós til urðunar. Þau hráefni sem safnast í Grænu tunnuna (endurvinnsluhráefnin) eru send í flokkunarmiðstöð Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi, þar sem þau eru flokkuð og undirbúin til útflutnings. Lífræna úrganginum er ekið til jarðgerðar í móttökustöð Moltu ehf. inni í Eyjafirði.

Opið og ómannað gámasvæði fyrir flesta úrgangsflokka er staðsett á Svalbarðseyri og þar geta þeir sem greiða sorphirðugjald til sveitarfélagsins þ.e. heimili, notendur frístundahúsa og íbúar sveitabæja, losað úrgang án gjaldtöku. Hægt er að skila inn eftirtöldum úrgangsflokkum á gámasvæðinu: Almennt heimilissorp, bylgjupappi, skrifstofupappír, dagblöð og tímarit, fernur, málað timbur, málmar og brotamálmar, gler, postulín og flísar og grófur úrgangur. Á gámasvæði í Kotabyggð (við Veigastaðaveg) er einnig gámur fyrir almennt sorp og endurvinnanlegan úrgang.

Engin sérstök söfnun er á skilgjalddskyldum umbúðum í Svalbarðsstrandarhreppi en gera má ráð fyrir að þær skili sér í afgreiðslu Endurvinnslunnar á Akureyri.

Fyrirtækjum í sveitarfélaginu stendur til boða að semja sérstaklega við sveitarfélagið um sorpförgun gegn gjaldi sem tekur mið af úrgangsmagni.

Sveitarfélagið stendur fyrir hreinsunarátaki á hverju vori, þar sem smárusl er tínt og því komið á viðeigandi stað. Þá er einnig hægt að fá ruslagáma heim að bæjum ef um verulegt magn er að ræða. Verktaki safnar heyrulluplasti úr sveitinni, en einhverjir bændur fara þó með það sjálfir.

Seyra var losuð úr einni rotþró árið 2013 (500 kg) sem er óvenjulegt, en árin á undan var losað úr u.þ.b. 15 þróum á ári. Árleg losun gæti því að meðaltali numið $15 \times 3200 \times 0,25 = 12.000$ lítrum á ári, miðað við að meðalstærð rotþró sé 3.200 l og að losað magn úr hverri þró sé um 25% af heildarrúmmálinu. Samkvæmt samningi við Gámaþjónustu Norðurlands um tæmingu og kölkun eru rotþrær í sveitarfélaginu losaðar þriðja hvert ár. Sveitarfélagið sendir í upphafi árs lista yfir þær rotþrær sem á að tæma það árið og fleiri ef sérstakar aðstæður krefjast þess. Seyra er losuð á losunarstað á Möðruvöllum í Eyjafjarðarsveit sem er samþykktur af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Umhverfisnefnd sveitarfélagsins vinnur að gerð tillagna um förgun dýraleifa og er stefnt að því að þær verði lagðar fyrir sveitarstjórn sumarið 2015 og nýju fyrirkomulagi komið á fyrir 1. september.

Eigendur úr sér genginna ökutækja geta skilað þeim til móttökustöðvar á Akureyri.

Tafla 25 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Svalbarðsstrandarhreppi, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.3.7 Grýtubakkahreppur

Grýtubakkahreppur liggur nyrst í austanverðum Eyjafirði. Stór hluti sveitarfélagsins er fjalllendi Gjögorskaga og óbyggðir í Fjörðum og á Látraströnd. Mörk sveitarfélagsins við Svalbarðsstrandarhrepp eru við Víkurskarð og þaðan liggja mörk sveitarfélagsins að Þingeyjarsveit norður hálendið og til sjávar austan við Hvalvatnsfjörð. Heildarflatarmál sveitarfélagsins er 438 km² og íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu þann 1. janúar 2014 voru 353.

Einn þéttbýlisstaður, Grenivík, er í sveitarfélaginu þar sem yfir 75% íbúa búa. Meginstoðir atvinnulífs í sveitarfélaginu byggja á sjávarútvegi og fiskvinnslu. Í dreifbýlinu er stundaður hefðbundinn landbúnaður og þar er einnig nokkur loðdýra- og kartöflurækt. Á Grenivík er einnig vélsmiðja og lyfjafyrirtæki auk hefðbundinna þjónustustofnana. Úrgangsmyndunin er því frá rekstri og hefðbundnu heimilishaldi, auk úrgangs frá landbúnaði.

Í Grýtubakkahreppi eru 135 heimili í sorphirðu, þar af 111 í þéttbýli. Sveitarfélagið leggur hverju heimili til tvær tunnur, eina gráa 240 l tunnu fyrir óflokkaðan úrgang til urðunar með 35 l hólfi undir lífrænan heimilisúrgang, og aðra græna 240 l fyrir endurvinnsluúrgang. Sama fyrirkomulag er í dreifbýli og í þéttbýli, nema á bæjum þar sem lífrænn úrgangur nýtist á búinu. Í grænu

tunnuna setja íbúar eftirtalda úrgangsflokka: Dagblöð og tímarit, skrifstofupappír, bæklinga, umslög og ruslpóst, sléttan pappa og bylgjupappa, málma, fernur, plastumbúðir og rafhlöður.

Gámaþjónusta Norðurlands sér um söfnun og flutning heimilisúrgangs. Gráa tunnan er losuð á tveggja vikna fresti og endurvinnslutunnan á fjögurra vikna fresti. Heyrúlluplasti er safnað sérstaklega og er þá farið heim á bæi annan hvorn mánuð yfir vetrartímamann (september-maí) samkvæmt ákveðnu dagatali.


Sveitarfélagið rekur gámahöll á Grenivík með gámum fyrir flestar tegundir úrgangs. Þar geta bæði einstaklingar og fyrirtæki losað allan úrgang gjaldfrjálst. Svæðið er opið á þriðjudögum kl 16:00-17:30 og á fimmtudögum kl. 14:30-17:30. Á gámasvæðinu er m.a. frystigámur fyrir dýrahrae. Eigendur úr sér genginna ökutækja fara með þau í móttöku á Akureyri.

Íþróttafélagið Magni safnar reglulega skilagjaldsskyldum umbúðum og sendir þær í móttöku Endurvinnslunnar á Akureyri.

Seyra var losuð úr 18 rotþróum í Grýtubakkahreppi árið 2013 og nam losunin um 14 tonnum. Samtals eru 42 rotþrær í sveitarfélaginu og eru þær að jafnaði losaðar þriðja hvert ár samkvæmt samningi við Gámaþjónustu Norðurlands um tæmingu og kölkun. Seyra er losuð á losunarstað á Möðruvöllum í Eyjafjarðarsveit sem er samþykktur af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heilbrigðiseftirlitið hefur einnig samþykkt losun seyru í malarnámu við Grenivík. Þar hefur seyran verið geymd í jarðvegsþróum í þrjú ár og síðan fargað eða dreift til uppgræðslu.

Tafla 26 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Grýtubakkahreppi, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.4 Sorpsamlag Þingeyinga ehf.



Sorpsamlag Þingeyinga var stofnað sem byggðasamlag um sorphirðu og förgun árið 1994. Haustið 2001 var samþykkt að gera félagið að einkahlutafélagi og var það lengi í eigu fjögurra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum, þ.e. Norðurþings, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Tjörneshrepps. Norðurþing eignaðist samlagið að fullu í lok nóvember 2014.

Sorpsamlag Þingeyinga ehf. ber ábyrgð á og skipuleggur sorphirðu í sveitarfélögunum í samstarfi við Gámaþjónustu Norðurlands frá Vaðlaheiði að Tjörnesi og í samstarfi við Sel sf. á austursvæði, þ.e. Kelduhverfi, Kópaskeri og Raufarhöfn. Heildaríbúafjöldi starfssvæðisins er 4.165 manns, (sjá töflu 1).

Í Þingeyjarsýslum hefur lengi verið rík hefð fyrir brennslu úrgangs. Sorpi var áður fyrr víða brennt á opnum svæðum, en síðar í steiptum brennslupróm. Fyrsta eiginlega brennslustöðin var reist á Húsavík 1972 og þjónaði í fyrstu Húsavík, Tjörnesi og Reykjahreppi. Aðrir hreppar í Suður-Þingeyjarsýslu bættust við árið 1994. Stöðinni var lokað árið 2002 af kröfu yfirvalda. Frá þeim tíma og fram til vors 2006 var sorp baggað og flutt í gámum í Álfsnes til urðunar, fyrst sjóleiddina en síðar landleiddina eftir að sjóflutningar lögðust af. Ný sorpbrennsla var tekin í gagnið árið 2006 og þjónaði svæðinu frá Tjörnesi, Mývatnssveit og að Vaðlaheiði allt til marsloka árið 2013 þegar brennsla var hætt. Sorpbrennslan þjónaði reyndar enn stærra svæði á rekstrartíma sínum, en þangað var fluttur óflokkaður úrgangur til brennslu frá álverinu á Reyðarfirði, auk heyrulluplasts og hjólbarða víða frá Austur- og Norðurlandi. Því til viðbótar var tekið við sóttmengudum úrgangi og dýrahrejum úr Þingeyjarsýslum og Eyjafirði, sem og spilliefnum frá Norður- og Austurlandi.

Sorpsamlag Þingeyinga ehf. rekur urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í Laugardal við Húsavík, en þar var áður starfræktur urðunarstaður fyrir almennan úrgang. Staðurinn er rekinn á undanþágu á meðan beðið er eftir nýju starfsleyfi. Einnig rekur samlagið urðunarstað fyrir almennan úrgang og sláturuþrgang í grennd við Kópasker, nánar tiltekið syðst á söndunum, sunnan við Sandhaug,

vestur af Viðarási. Urðunarstaðurinn telst vera í afskekktu byggð og má aðeins taka við úrgangi frá Kelduhverfi, Kópaskeri og Raufarhöfn. Starfsleyfi urðunarstaðarins rann út í desember 2012 og er staðurinn rekinn á undanþágu á meðan beðið er eftir nýju starfsleyfi. Undanþágan gildir þó að hámarki til 1. febrúar 2015.⁴⁰ Starfsleyfið gildi fyrir árlega meðhöndlun á allt að 500 tonnum af neyslu- og rekstrarúrgangi frá Öxarfjarðarhreppi og Raufarhafnarhreppi. Heildarmagn móttækis úrgangs mátti þó ekki fara yfir 15.000 tonn á starfstíma urðunarstaðarins.⁴¹

Sorpsamlag Þingeyinga ehf. rekur flokkunar- og böggunarstöð á Húsavík samkvæmt starfsleyfi sem upphaflega gildi til 18. desember 2012.⁴² Í leyfinu er gert ráð fyrir móttöku, flokkun og böggun á heimilis- og rekstrarúrgangi ásamt móttöku á spilliefnum. Þá er heimilt að geyma brotajárn, dekk og úrgangstímur við starfsstöðina. Leyfið gildir einnig fyrir fyrrnefndan tipp fyrir óvirkan úrgang í Laugardal. Samkvæmt leyfinu má samanlagt úrgangsmagn vera allt að 5.000 tonnum á ári. Undanþága er í gildi þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út, en þó eigi lengur en til 31. desember 2014.⁴³

Eftir að brennslu var hætt á Húsavík í mars 2013 hefur almennum heimilis- og rekstrarúrgangi verið ekið til urðunar í Stekkjarvík við Blönduós. Þangað fer líka timburkurl og lífrænn úrgangur sem fellur í áhættuflokka 1 og 2, þ.e. sláturúrgangur og dýrahæ. Endurvinnsluefni og annar úrgangur, svo sem brotamálmur, raf- og rafeindateki og spilliefni, er sent til Akureyrar í frekari flokkun og meðhöndlun.

Samstarfi sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum um úrgangsmál var slitið í árslok 2014 og tók þá Norðurþing við rekstri sorpsamlagsins. Við þetta færðist öll umsjón málaflöksins í reynd til einstakra sveitarfélaga. Samningur sorpsamlagsins við Gámaþjónustuna um tiltekna þjónustu við sveitarfélögin á svæðinu gildir til maíloka 2015 og verður hann efndur þangað til. Nýtt útboð er til umræðu en óvíst hverjir muni standa að því.

⁴⁰ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2014): UMH14040109/20-1. Bréf 2. júlí 2014.

http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Undanthagur/2014-07-07_10-37-20_KAB.pdf.

⁴¹ Hollustuvernd ríkisins (2002): *Starfsleyfi fyrir meðhöndlun úrgangs í Öxarfjarðarhreppi*.

http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Starfsleyfi-urgangur-Oxarfjardarhreppur-til_1.12.2012.pdf.

⁴² Hollustuvernd ríkisins (2002): *Starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs í flokkunar- og böggunarstöð á Húsavík á vegum Sorpsamlags Þingeyinga*. http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Sorpsamlag_Thingeyinga_18.12.02.pdf.

⁴³ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2014): UMH14010254/20-1. Bréf 4. mars 2014.

http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Sorp-og-efnamottaka/Sorpsamlag_Thingeyinga_040314.pdf.

3.4.1 Þingeyjarsveit

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit liggur austan Eyjafjarðar og varð til árið 2002 þegar Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur og Reykdælahreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag. Árið 2008 sameinaðist Aðaldælahreppur sveitarfélaginu en nafn sveitarfélagsins hélst óbreytt við það.

Sveitarfélagið er víðfeðmt. Lengd þess frá norðri frá Flatey í Skjálfanda, suður að Grímsvötnum á Vatnajökli er tæpir 200 km. og breidd þess frá Draflastaðafalli í vestri að Eilífi í austri er um 60 km. Mörk sveitarfélagsins liggja að sveitarfélögunum Norðurþingi og Skútustaðahreppi í austri en að Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandahreppi og Eyjafjarðarsveit að vestan. Í suðri mætir sveitarfélagið Ásahreppi sunnan við Tungnafellsjökul. Heildarflatarmál sveitarfélagsins er 5.999 km² og íbúafjöldi þann 1. janúar 2014 var 917.

Um 15% sveitarfélagsins eru á láglandi (undir 300 m. hæð yfir sjó) og er nánast öll byggð innan þess svæðis. Íbúar sveitarfélagsins eru nær allir búsettir í dreifbýli og er atvinnulíf nokkuð fjölbreytt, svo sem landbúnaður, fiskvinnsla, ferðaþjónusta og iðnaður, auk starfa við opinberar stofnanir. Þá eru tvö iðnaðarsvæði tengd vatnsaflsvirkjunum í sveitarfélaginu, þ.e. við Laxárvirkjun í Aðaldal og Árteigsvirkjun í Nípá í Kaldakinn. Þéttbýliskjarnar hafa myndast við Stóru-Tjarnir og Laugar og eru helstu þjónustustofnanir sveitarfélagsins staðsettar þar.

Þingeyjarsveit var aðili að Sorpsamlagi Þingeyinga og hefur allt sorp verið flutt í starfsstöð þess á Húsavík. Brennanlegur úrgangur var brenndur þar á meðan brennslustöðin var starfrækt, en er nú fluttur í Stekkjarvík til urðunar.

Gámar fyrir óflokkaðan úrgang eru staðsettir við bæinn Veisu, Fnjóskárbrú, Vaglaskóg, Lund og Illugastaði í Fnjóskadal. Í Ljósavatnsskarði eru gámar við Stórtjarnaskóla og við Kross og í Bárðardal eru gámar við þjónustumiðstöðina Fosshóli og við Kiðagil/Stóruvelli. Þá eru gámar við Ófeigsstaði og Árteig í Kaldakinn, við Breiðumýri, Lauga og Narfastaði í Reykjadal og við Jónasarvöll, Hafralækjarskóla, Laxárvirkjun og víðar í Aðaldal. Gámarnir eru losaðir vikulega yfir sumartímann en á tveggja til þriggja vikna fresti yfir veturinn. Gámar fyrir heyrulluplast eru víða við bæi.

Krókgámar fyrir járn og grófan úrgang (timbur o.þ.h.) eru við Jónasarvöll í Aðaldal, Kjarna, við brú yfir Skjálfanda, á Krossmel, við Ófeigsstaði og við brú yfir Fnjóská. Söfnun á endurvinnsluefni hefur aðeins verið á gámaplani við Jónasarvöll, en þar eru safngámar fyrir dagblöð/tímarit og fernur. Að auki hafa grunnskólar í Þingeyjarsveit (Hafralækjaskóli og Stórutjarnaskóli) staðið fyrir söfnun á endurvinnsluefnum í tengslum við Grænánaverkefni skólanna.

Engin sorpförgunarstöð er í sveitarfélaginu, en samþykkt svæði fyrir urðun seyru eru í landi Húsabakka, í landi Helgastaða/Pálmholts og á Hálsmelum.

Engin sérstök söfnun er á skilgjalddsskyldum umbúðum í Þingeyjarsveit en gera má ráð fyrir að nokkuð af drykkjarumbúðum skili sér í afgreiðslu Endurvinnslunnar á Húsavík eða þá til Akureyrar. Hér er gengið út frá því að tölur úr Þingeyjarsveit séu innifaldar í tölum Endurvinnslunnar frá Húsavík.

Tafla 27 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka Þingeyjarsveit, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.4.2 Norðurþing

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir tæp 4% landsins. Í vestri liggur Norðurþing að Þingeyjarsveit og skiptir Skjálfandafljót þar löndum. Þaðan nær land sveitarfélagsins austur yfir Öxarfjörð og nær alla Melrakkaslétu, allt að Ormarsá austan við Raufarhöfn. Þar tekur Svalbarðshreppur við. Tjörnes er þó undanskilið en það tilheyrir Tjörneshreppi sem er umlukinn Norðurþingi á alla vegu nema til sjávar. Í suðri afmarkast Norðurþing af sveitarfélagamörkum við Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp og teygir sig síðan upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum að sveitarfélagamörkum við Fljótsdalshérað og Vopnafjarðahrepp. Heildarflatarmál sveitarfélagsins er 3.757 km² og í ársbyrjun 2014 voru íbúar Norðurþings 2.822 talsins.

Húsavík er stærsti þéttbýlisstaðurinn í Norðurþingi með rúmlega 2.200 íbúa. Á Kópaskeri búa um 120 manns og á Raufarhöfn tæplega 170. Því búa samtals tæplega 90% íbúanna í þéttbýli og rúmlega 10% í dreifbýli.

Helstu atvinnuvegir í sveitarfélaginu eru útgerð, fiskverkun, ferðaþjónusta, hefðbundinn landbúnaður, ylrækt og ýmis þjónusta. Tvö sláturhús eru staðsett í Norðurþingi, þ.e. Norðlenska á Húsavík og Fjallalamb á Kópaskeri. Þar eru einnig tvö minni kjötvinnslufyrirtæki, þ.e. Viðbót á Húsavík og Skarðaborg í Reykjahverfi. Fjögur fiskeldis- og vinnslufyrirtæki ferskvatnsfiska eru í sveitarfélaginu, þ.e. Norðurlax í Reykjahverfi og á Húsavík, Fiskeldið Haukamýri við Húsavík, Rifós í Kelduhverfi og Silfurstjarnan í Öxarfirði. Eitt fyrirtæki er starfrækt í veiðum og vinnslu sjávarfisks, GPG Seafood ehf., og annað eingöngu í vinnslu, Reykfiskur ehf.

Á Húsavík er ein tunna fyrir almennan úrgang við hvert heimili og er hún losuð aðra hvora viku. Óflokkuðum heimilis- og rekstrarúrgangi er umhlaðið í flutningsgáma í móttökustöð og hann fluttur í Stekkjarvík til urðunar. Timbur er grófkurlað og flutt í Stekkjarvík en brotajárni er safnað

í flutningsgáma og sent til Furu á Akureyri til frekari meðhöndlunar. Sama gildir um raf- og rafeindatæki, rafgeyma, ljósaperur og spilliefni. Móttaka og flokkun þessara úrgangsflokka fer fram í móttökustöð en frekari flokkun og meðhöndlun á Akureyri. Gámar fyrir endurvinnsluefni eru á tveimur stöðum innanbæjar sem og við móttökustöð og er pappa og pappír safnað í þrjá gáma á hverjum stað (bylgjupappi, sléttur pappi og fernur, dagblöð og tímarit). Að auki er tekið á móti endurvinnsluefnum frá fyrirtækjum í flokkunar- og böggunarstöð Sorpsamlags Þingeyinga og þeim umhlaðið í flutningsgáma. Móttökustöðin er opin fyrir móttöku úrgangs frá almenningi og fyrirtækjum virka daga kl. 9-17 og á laugardögum kl. 10-15. Gróðurgámar fyrir tré og runna og annan garðaúrgang, svo sem gras, torf og þess háttar, eru staðsettir við lóðamörk og eru aðgengilegir allan sólarhringinn.

Í Reykjahverfi eru safngámar til staðar fyrir óflokkaðan úrgang, auk krókgáma fyrir timbur (og grófan úrgang) og brotamálma. Þar er einnig spilliefnaker.

Á austursvæði sem nær frá Kelduhverfi til Raufarhafnar eru safngámar fyrir almennan úrgang, timbur og járn í dreifbýli en þókar við heimili í þéttbýli á Kópaskeri og Raufarhöfn. Vikuleg losun er á þóku en gámar losaðir eftir þörfum, þó ekki oftast en vikulega á sumrin. Safngámar eru á öllum gámastöðum fyrir endurvinnsluefni, aðallega pappa og pappír sem er fluttur til Akureyrar í frekari flokkun og meðhöndlun. Brotajárni er safnað í flutningsgáma og farið með það til frekari vinnslu hjá Furu í Hafnarfirði.

Fyrirhugað er að breyta sorphirðu í Norðurþingi þannig að sett verði upp söfnunarkerfi fyrir þrjá flokka við heimili, þ.e. almennan úrgang, endurvinnsluefni og lífrænt efni. Byrjað verður að breyta sorphirðukerfinu á Húsavík og í Reykjahverfi en síðar á austursvæði.

Fatasöfnun fer fram á vegum Þingeyjarsýsludeildar Rauða krossins. Fatagámur er staðsettur við húsnæði Húsasmíðjunnar á Húsavík og einnig er tekið við fatnaði á afgreiðslustöðum Flytjanda. Rauðakrossdeildin rekur fataverslun á Húsavík og í sama húsnæði rekur góðgerðarfélagið Kynlegir Kvistir verslun með notaðan varning. Þar er opið á miðvikudögum og föstudögum kl. 16-18.

Móttaka einnota drykkjarumbúða með skilagjaldi er hjá umboðsaðilum Endurvinnslunnar hf. Úddi ehf. er með móttöku að Vallholtsvegi 10 á Húsavík, þar sem er opið virka daga milli kl. 8 og 12. Á Kópaskeri tekur Geir Bjarnason á Sandhólum við umbúðum og er opnunartími samkvæmt samkomulagi og á Raufarhöfn er söfnunin í höndum Guðrúnar Þorleifsdóttur. Í þessum þremur þéttbýliskjörnum var samtals tekið við 947.300 áldósum, plastflöskum og glerflöskum á árinu 2013. Heildarþyngd þessara umbúða var rúmlega 55,1 tonn. Inni í þessum tölum eru væntanlega skilagjaldsumbúðir úr Tjörneshreppi og hugsanlega einnig nokkurt magn umbúða úr öðrum sveitarfélögum, svo sem úr Þingeyjarsveit.

Tafla 28 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Norðurþingi, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.4.3 Tjörneshreppur

Tjörneshreppur nær yfir meginhluta Tjörnness, nánar tiltekið um 30 km strandlengju frá vesturmörkum jarðarinnar Héðinshöfða í Héðinsvík norðan Húsavíkur, að austurmörkum jarðarinnar Mánár við Rauðsgjá á austanverðu nesinu. Sveitarfélagið Norðurþing umlykur hreppinn á alla vegu nema til sjávar. Úr Héðinsvík liggja sveitarfélagamörkin nokkurn veginn í beina línu til suðausturs að suðurenda Grísatungufjalla við Jóhannsgil og þaðan nokkurn veginn í beina línu til norðurs til sjávar við Rauðsgjá. Innan hreppsins eru Lundey og Mánáreyjar (Háey og Lágey). Heildarflatarmál sveitarfélagsins er 196 km² og íbúar voru 55 talsins þann 1. janúar 2014. Allir íbúar sveitarfélagsins búa í dreifbýli og er landbúnaður helsta atvinnugreinin. Þó sækja einhverjir atvinnu til nágrannasveitarfélaga, einkum Norðurþings.

Tveir 8 m³ sorpgámar eru staðsettir í sveitarfélaginu, á Breiðuvíkurbaki og á Lynghöfða. Íbúar geta sett allan almennan heimilisúrgang í þessa gáma. Öðrum úrgangi, sem og sláturúrgangi og dýrahraejum, skal undantekningarlaust skila beint til Sorpsamlags Þingeyinga.

Engin sérstök söfnun er á skilgaldsskyldum umbúðum í Tjörneshreppi en gera má ráð fyrir að þær skili sér á söfnunarstaði í Norðurþingi, einkum á Húsavík.

Tafla 29 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Tjörneshreppi, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

3.4.4 Skútustaðahreppur

Sveitarfélagið Skútustaðahreppur liggur austast og syðst í Suður-Þingeyjarsýslu. Mörk hreppsins að austan fylgja Jökulsá á Fjöllum frá upptökum við Vatnajökul, niður að Dettifossi. Að norðan liggja mörkin frá Dettifossi um fjallið Eilíf og áfram til vesturs norðan Gæsafjalla. Að vestanverðu liggja mörk Skútustaðahrepps um Hólasand og suður eftir heiðunum milli Mývatnssveitar, Reykjadals og Bárðardals, allt inn á Vatnajökul. Þingeyjarsveit liggur að sveitarfélaginu að vestan og norðvestan, Norðurþing að norðaustan og Fljótsdalshérað að austan. Heildarflatarmál sveitarfélagsins er 6.037 km² og íbúafjöldi þann 1. janúar 2014 var 371.

Byggðin í Skútustaðahreppi er nær öll í Mývatnssveit og þar er Reykjahlíð, sem er eini þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Þar er ríflega helmingur íbúanna búsettur en aðrir eru búsettir í dreifbýli. Sveitarfélagið hefur nokkra sérstöðu í úrgangsmálum vegna þess hversu margir

ferðamenn hafa þar viðkomu. Áætlað er að árlega komi þangað um 400.000 manns, þ.e. rúmlega þúsundfaldur íbúafjöldi sveitarfélagsins.

Atvinnulíf í Skútustaðahreppi einkennist af öflugri ferðaþjónustu en einnig er nokkuð um störf í hefðbundnum landbúnaði. Þegar Kísiliðjunn, sem var stærsti atvinnuveitandinn í sveitarfélaginu, var lokað árið 2004 breyttist atvinnulíf verulega og vægi starfa í þjónustugeiranum jókst enn frekar. Allmörg störf eru við raforkuframleiðslu í Bjarnarflagi og við Kröflu svo og við stofnanir sveitarfélagsins, leik- og grunnskóla.

Ekkert sorpförgunarsvæði er í Skútustaðahreppi en sveitarfélagið var aðili að Sorpsamlagi Þingeyinga. Í Mývatnssveit eru 28 safngámar fyrir óflokkaðan úrgang frá heimilum og fyrirtækjum. Óflokkaður úrgangur er fluttur til urðunar í Stekkjarvík við Blönduós, en einnig hefur verið ræddur sá möguleiki að semja við rekstraraðila urðunarstaðarins í Tjarnarlandi á Héraði um urðun þar. Frá Reykjahlíð eru um 250 km að Stekkjarvík en 190 km að Tjarnarlandi.

Reykjahlíðarskóli hefur staðið fyrir söfnun á endurvinnsluefnum í tengslum við Grænánaverkefni skólans.

Tveir krókgámar eru við Múlaveg 4, annar fyrir grófan brennanlegan úrgang (timbur) og hinn fyrir málma. Safngámar hafa verið tæmdir á 14 daga fresti yfir vetrarmánuði, vikulega á sumrin og tvisvar í viku yfir háannatíma ferðaþjónustunnar. Heyrúlluplasti er safnað á söfnunardögum sem Gámaþjónustan auglýsir sérstaklega. Seyrulosunarsvæði er á Litluströnd.

Móttaka einnota drykkjarumbúða með skilgjaldi er hjá umboðsaðila Endurvinnslunnar hf., Karli V. Pálssyni, Múlavegi 1, en þar er opið á opnunartímum verkstæðisins. Á árinu 2013 var tekið þar við um 53.500 áldósum, plastflöskum og glerflöskum. Heildarþyngd þessara umbúða var rúmlega 3,1 tonn.

Tvær miltisbrunagrafir munu vera við Grænavatn í Mývatnssveit frá því um aldamótin 1900. Staðsetning er þekkt í grófum dráttum. Þá eru til heimildir um miltisbruna á Kálfaströnd, en þar mun sýkt hross hafa verið fellt og brennt með kofanum sem það var í. Vitað er með nokkurri vissu hvar kofinn stóð.⁴⁴

⁴⁴ Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.

Tafla 30 í viðauka 4 hefur að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í Skútustaðahreppi, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla). Sveitarfélagið áformar að taka upp flokkunarkerfi 1. júní 2015 og þá verða væntanlega töluverðar breytingar á magntölum einstakra flokkum.

3.5 Samantekt

Í þessum kafla eru dregnar saman þær upplýsingar sem fram koma í köflum um einstök sveitarfélög hér að framan, svo sem um aðstöðu til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs, tíðni losunar mismunandi íláta, um flokkunarmöguleika fyrir hina ýmsu úrgangsflokka, o.fl. Einnig er gefið yfirlit yfir gildandi samþykktir sveitarfélaganna um meðhöndlun úrgangs og um gildandi gjaldskrár. Upplýsingarnar eru settar fram í töflum og myndum til að auðvelda samanburð.

3.5.1 Samþykktir og gjaldskrár

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum, setur sveitarstjórn „*sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga*“. Um samþykktir af þessu tagi gilda ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem felur það m.a. í sér að samþykktirnar skuli birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Tafla 2 hefur að geyma yfirlit yfir gildandi samþykktir sveitarfélaga á Norðurlandi um meðhöndlun úrgangs, svo og um gildandi gjaldskrár. Í töflunni kemur fram dagsetning samþykktar og birtingardagur í Stjórnartíðindum.

Sveitarfélag	Númer	Heiti skjals (stytt)	Dags. samþ.	Dags. birt
Húnaþing Vestra	633/2012	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	2.7.2012	17.7.2012
	1115/2014	Gjaldskrá fyrir sorphirðu	12.11.2014	19.12.2014
	1166/2014	Gjaldskrá fyrir Hirðu	9.12.2014	23.12.2014
Húnavatnshreppur	56/2008	Samþykkt fyrir sorphirðu	9.1.2008	25.1.2008
	30/2015	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu	29.10.2014	22.1.2015
Blönduósbær	187/2007	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	22.2.2007	8.3.2007
	40/2015	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu	8.1.2015	22.1.2015
Skagabyggð				
Sveitarfél. Skagaströnd	240/2011	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og móttöku	24.2.2011	14.3.2011
Sveitarfél. Skagafjörður	1250/2013	Gjaldskrá fyrir sorpurðun og sorphirðu	11.12.2013	7.1.2014
Akrahreppur				
Fjallabyggð	84/2010	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	18.1.2010	2.2.2010
	529/2013	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Fjallabyggð	13.3.2013	7.6.2013
Sv.fél. á Norðurl. eystra	541/2000	Samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga	19.7.2000	2000
	483/2011	Samþ. um breyt. á samþ. nr. 541/2000	26.4.2011	12.5.2011
Dalvíkurbyggð	1292/2014	Gjaldskrá fyrir sorphirðu	16.12.2014	16.1.2015
Hörgársveit	222/2015	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun	12.2.2015	5.3.2015
Akureyrarbær	670/2011	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	22.6.2011	6.7.2011
	17/2009	Gjaldskrá vegna sorphirðu	18.12.2008	16.1.2009
Eyjafjarðarsveit	149/2015	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun	5.12.2014	17.2.2015
Svalbarðsstrandarhreppur	67/2011	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun	27.1.2011	28.1.2011
Grýtubakkahreppur	179/2014	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og losun seyru	5.11.2013	20.2.2014
Þingeyjarsveit	1262/2014	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit	16.12.2014	12.1.2015
Norðurþing				
Tjörneshreppur				
Skútustaðahreppur	1177/2014	Gjaldskrá fyrir sorphirðu	26.11.2014	23.12.2014
Annað	52/2012	Gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs í Stekkjarvík í Blönduóssbæ	24.11.2011	25.1.2012

Tafla 2. Gildandi samþykktir og gjaldskrár sveitarfélaga á Norðurlandi vegna meðhöndlunar úrgangs (miðað við 5. mars 2015).

Eins og fram kemur í töflu 2 hafa flest sveitarfélög á Norðurlandi sett sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélög á starfsvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra sameinuðust um slíka samþykkt sem birt var í Stjórnartíðindum árið 2000, (Samþykkt nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Samþykktin gildir enn fyrir öll sveitarfélög á svæðinu að Akureyrarbæ frátöldum, en þar var sett sérstök samþykkt árið 2011. Samhliða var heiti fyrrnefndu samþykktarinnar breytt í „Samþykkt um sorphirðu eftirtalinna sveitarfélaga á Norðurlandi eystra: Dalvíkurbyggðar, Hörgárbyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Norðurþings, Tjörneshrepps og Svalbarðshrepps“.

3.5.2 Söfnun og meðhöndlun

Tafla 3 hefur að geyma yfirlit yfir aðstöðu til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs í einstökum sveitarfélögum á Norðurlandi. Í töflunni kemur fram fjöldi íláta eða stöðva, en enginn greinarmunur er gerður á mismunandi afkastagetu eða gæðum þjónustu. Þannig geta „gámastæði í dreifbýli“ verið afar mismunandi að allri gerð, bæði hvað varðar aðgengi og flokkunarmöguleika, (sjá einnig töflu 5).

	Húnaþing vestra	Húnavatnshreppur	Blönduósþéttbýli	Sveitarfélagið Skagaströnd	Skagabyggð	Sveitarfélagið Skagafjörður	Akrahreppur	Fjallabyggð	Dalvíkurbyggð	Hörgársveit	Akureyrarbær	Eyjafjarðarsveit	Svalbarðsstrandarhreppur	Grýtbakkahreppur	Þingeyjarsveit	Norðurþing	Tjörneshreppur	Skútustaðahreppur
Tunna við heimili (óflokk)	1	1	1	1	1	1		1	1	1	1	1	1	1		1		
Tunna við heimili (endurv)		1	1	1	1	1		1	1	1	x	1	1	1				
Tunna við heimili (lífrænt)						1		1	1		1	1	1	1				
Grenndarstöðvar	1										11					2		
Mannaðir gámvellir	1		1	1				2	1		1	1		1				
Móttöku- og söfnunarst.						1		1			2					1		
Gámastæði í dreifbýli	20	3			1	x	3		3	6		3	2		47	25	2	28
Jarðgerðarstöðvar								1				1						
Urðunarstaðir (alm. úrg.)			1													1		
Urðunarstaðir (óvirk. úrg.)																1		
Urðunarstaðir (lokaðir)	1		1	1		1					1							
Sorpbrennslustöðvar																		
Seyrugryfjur	1											1		1	3	?		1

Tafla 3. Aðstaða til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs í sveitarfélögum á Norðurlandi.

x Til staðar (fjöldi)

Athugasemdir:

Húnaþing vestra: Ekki sótt heim í fyrrum Bæjarhreppi.

Skagabyggð: Ekki sótt heim í nyrðri hluta sveitarfél. (utan við Skagaströnd).

Söfnun lífræns úrgangs í 35 lítra hólf, nema í Fjallabyggð. Tunna þar.

Akureyri: Endurvinnslutunna leigð sérstaklega.

Eyjafjarðarsveit: Hólf fyrir lífrænt aðeins norðan Miðbrautar.

Niðurgreidd jarðgerðartunna þar fyrir sunnan.

3.5.3 Losunartíðni

Tafla 4 hefur að geyma yfirlit yfir tíðni losunar úrgangs frá heimilum á Norðurlandi. Losunin er gefin upp í lítrum á viku til að mismunandi stærðir íláta hafi sem minnst áhrif á samanburð milli sveitarfélaga. Víða er mismunandi fyrirkomulag viðhaft í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar og því er gerð grein fyrir losunartíðni í hvorri gerð byggðar fyrir sig. Þá er algengt að tíðni losunar sé mismunandi eftir árstímum. Í slíkum tilvikum sýnir taflan vegið meðaltal, (námundað að næstu heilu tölu).

	Húnaþing vestra	Húnavatnshreppur	Blönduósbaer	Sveitarfélagið Skagaströnd	Skagabyggð	Sveitarfélagið Skagafjörður	Akrahreppur	Fjallabyggð	Dalvíkurbyggð	Hörgársveit	Akureyrarbær	Eyjafjarðarsveit	Svalbarðsstrandarhreppur	Grýtubakkahreppur	Þingeyjarsveit	Norðurþing	Tjörneshreppur	Skútustaðahreppur	
Þéttbýli																			
Tunna við heimili (óflokk)	100	-	120	120	-	51	-	60	105	120	103	103	103	120	-	134	-	-	
Tunna við heimili (endurv)	-	-	60	60	-	60	-	60	60	60	-	60	60	60	-	-	-	-	
Tunna við heimili (lífrænt)	-	-	-	-	-	9	-	47	15	-	17	17	17	17	-	-	-	-	
Dreifbýli																			
Tunna við heimili (óflokk)	100	248	148	120	248	-	-	60	105	120	-	103	103	120	-	-	-	-	
Tunna við heimili (endurv)	-	90	74	60	90	-	-	60	60	60	-	60	60	60	-	-	-	-	
Tunna við heimili (lífrænt)	-	-	-	-	-	-	-	47	15	-	-	17	17	17	-	-	-	-	

Tafla 4. Tíðni losunar úrgangs frá heimilum á Norðurlandi í lítrum á viku.

Athugasemdir:

Húnaþing vestra: Ekki sótt heim í fyrrum Bæjarhreppi.

Skagabyggð: Ekki sótt heim í nyrðri hluta sveitarfél. (utan við Skagaströnd).

Akureyri: Endurvinnslutunna leigð sérstaklega. Losuð á 4 vikna fresti.

Eyjafjarðarsveit: Hólf fyrir lífrænt aðeins norðan Miðbrautar.

3.5.4 Flokkunarmöguleikar


Tafla 5 sýnir flokkunarmöguleika fyrir einstaka úrgangsflokka í sveitarfélögum á Norðurlandi. Hafa ber í huga að aðstaða til flokkunar á tilteknum úrgangi í tveimur mismunandi sveitarfélögum getur verið afar ólík, enda þótt taflan bendi til að aðstaðan sé sú sama. Þannig gæti tiltekið sveitarfélagið boðið upp á að heyrulluplast sé sótt heim á bæi mánaðarlega á meðan annað tiltekið sveitarfélagið leggur aðeins til einn gám undir plastið í tuga kílómetra fjarlægð frá þeim bæjum sem lengst eiga að sækja. Bæði sveitarfélögin væru þó merkt með „+“ í heyrulluplastdálkinum í töflunni.

	Húnaþing vestra	Húnavatnshreppur	Blönduósþéttbýli	Sveitarfélagið Skagaströnd	Skagaþing	Sveitarfélagið Skagafjörður	Akrahreppur	Fjallabyggð	Dalvíkurbyggð	Hörgársveit	Akureyrarbær	Eyjafjarðarsveit	Svalbarðsstrandahreppur	Grytubakkahreppur	Þingeyjarsveit	Norðurþing	Tjörneshreppur	Skútustaðahreppur	
Dýrahæ						+			+	+	+	+		+		+			
Heyrulluplast	+	+	+		+	+	+		+	+	+	+	+	+	+	+			+
Bylgjupappi	+	+	+	+	+	+		+	+	+	+	+	+	+	+	+			
Sléttur pappi og fernur	+	+	+	+	+	+		+	+	+	+	+	+	+	+	+			
Plastumbúðir	+	+	+	+	+	+		+	+	+	+	+	+	+					
Drykkjarumb. Skilagjald	+		+	+		+		+	+		+			+		+			+
Hjólbarðar	+		+	+			+	+	+	+	+	+				+			
Ökutæki	+	+	+	+	+	+	+	+	+		+				+	+			+
Steypa, múr, flísar	+		+					+			+	+	+			+			
Tímur (hreint)	+							+			+								
Tímur (annað)	+	+	+	+	+			+	+	+	+	+	+			+			+
Annar grófur úrgangur	+		+					+		+	+	+	+			+			
Sóttmengaður úrgangur	+		+								+					+			
Dagblöð/tímarit/pappír	+	+	+	+	+	+		+	+	+	+	+	+	+		+			
Lífrænn úrgangur frá eldh.						+		+	+		+	+	+	+					
Textíl (fatnaður o.fl.)	+		+	+		+		+	+		+	+				+			
Raf- og rafeindatæki	+	+	+	+				+	+		+	+				+			+
Málmur (aðrir en ökutæki)	+	+	+	+	+	+		+	+	+	+	+	+	+		+			+
Spilliefni	+	+	+	+			+	+	+	+	+	+		+		+			+
Garðaúrgangur	+		+	+				+	+		+	+				+			
Seyra	+		+	+				+	+	+	+	+	+	+					+
Nytjahlutir	+							+			+								
Kertaafgangar	+										+	+							







Tafla 5. Flokkunarmöguleikar í sveitarfélögum á Norðurlandi.

3.5.5 Urðunar- og úrvinnslustaðir

Mynd 2 sýnir staðsetningu urðunarstaða á Norðurlandi í grófum dráttum, hvort sem um er að ræða almenna urðunarstaði í rekstri, urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang eða aflagða staði. Einnig er sýnd staðsetning þekktra miltisbruna- og riðugrafa á svæðinu, svo og staðsetning jarðgerðarstöðva.



Mynd 2. Staðsetning urðunarstaða, miltisbrunagrafa og jarðgerðarstöðva á Norðurlandi.

-  Urðunarstaður í rekstri (almennur úrg.)
-  Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang
-  Aflagður urðunarstaður
-  Miltisbrunagröf
-  Riðugröf
-  Jarðgerðarstöð

3.5.6 Samanburður við markmið landsáætlunar

Eins og fram hefur komið skal svæðisáætlun m.a. innihalda upplýsingar um það hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Umrædd markmið eru tilgreind í Viðauka 3. Í þessum kafla er gerð einföld grein fyrir því hvernig sveitarfélög á Norðurlandi standa gagnvart helstu markmiðum á þeim lista eins og staðan er miðað við úrgangstölur ársins 2013.

Umbúðaúrgangur:

- Frá og með 1. janúar 2012 skulu að lágmarki 60% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.
 - Flest bendir til að sveitarfélög á Norðurlandi uppfylli þetta markmið nú þegar, en erfitt er að fullyrða um þetta þar sem hlutfall umbúðaúrgangs í óflokkuðum úrgangi er ekki þekkt.

Umbúðaúrgangur (gler):

- Frá og með 1. janúar 2012 skulu að lágmarki 60% af gleri endurunnin, (mælt í þyngd).
 - Ekkert sveitarfélag á Íslandi uppfyllir þetta markmið og þá ekki heldur sveitarfélög á Norðurlandi. Nær ekkert gler er endurrunnið hér á landi, og þá eingöngu til framleiðslu listmuna. Ekkert gler er flutt út til endurvinnslu, einkum vegna þess hve flutningskostnaður er hár. Þess í stað er úrgangsgler endurnýtt sem fyllingarefni.

Umbúðaúrgangur (pappír og pappi):

- Frá og með 1. janúar 2012 skulu að lágmarki 60% af pappír og pappa endurunnin, (mælt í þyngd).
 - Endurvinnsluhlutfall pappírs og pappa á landsvísu er 65% að því er fram kemur í landsáætlun. Aðstaða til að skila þessum úrgangstegundum af sér eru a.m.k. jafn góðar á Norðurlandi og á fjölmennasta svæði landsins. Flest bendir til að þessu markmiði sé þegar náð í sveitarfélögum á Norðurlandi.

Umbúðaúrgangur (málmar):

- Frá og með 1. janúar 2012 skulu að lágmarki 50% af málmum endurunnin, (mælt í þyngd). (Ath.: Hér er eingöngu átt við málmumbúðir).
 - Endurvinnsluhlutfall málmumbúða á landsvísu er 57% að því er fram kemur í landsáætlun, jafnvel þótt sú tala innihaldi eingöngu skilagjaldsskyldar álumbúðir. Aðstaða til að skila málmumbúðum af sér eru a.m.k. jafn góðar á Norðurlandi og á fjölmennasta svæði landsins. Flest bendir til að þessu markmiði sé þegar náð í sveitarfélögum á Norðurlandi.

Umbúðaúrgangur (plast):

- Frá og með 1. janúar 2012 skulu að lágmarki 22,5% af plastumbúðum endurunnin aftur í plast, (mælt í þyngd).
 - Endurvinnsluhlutfall plastumbúða á landsvísu er 26% að því er fram kemur í landsáætlun. Heyrulluplast telst til plastumbúða. Skilahlutfall þess er mjög hátt og vegna þess hve landbúnaður er hlutfallslega stór hluti af atvinnurekstri norðanlands má ætla að endurvinnsluhlutfall plasts þar sé mun hærra en á landsvísu. Upplýsingar úr ársskýrslum Úrvinnslusjóðs styðja þetta.⁴⁵

Umbúðaúrgangur (timbur):

- Frá og með 1. janúar 2012 skulu að lágmarki 15% af umbúðum úr timbri endurunnin, (mælt í þyngd).
 - Endurvinnsluhlutfall umbúða úr timbri á landsvísu er 49% að því er fram kemur í landsáætlun. Flest bendir til að umræddu markmiði sé þegar náð í sveitarfélögum á Norðurlandi.

Færanlegar rafhlöður og rafgeymar:

- Frá og með 26. september 2012 skal söfnunarhlutfall færanlegra rafhlaðna og rafgeyma vera að lágmarki 25%, 45% frá 26. september 2016, 65% frá 26. september 2020 og 85% frá 26. september 2024.
 - Í landsáætlun kemur fram að söfnunarhlutfall árána 2009-2011 hafi verið nálægt markmiðinu fyrir árið 2012, en að setja þurfi stóraukinn kraft í söfnun til að ná markmiðunum fyrir árin 2016, 2020 og 2024, svo sem með aukinni fræðslu til almennings og bættri aðstöðu til að skila af sér rafhlöðum og rafgeymum í verslunum og í þar til gerð ílát á vinnustöðum og heima við. Erfitt er að áætla söfnunarhlutfallið af nákvæmni, en það er gert með sérstökum reiknireglum sem nýlega voru endurskoðaðar. Ekkert bendir til að sveitarfélög á Norðurlandi séu frábrugðin sveitarfélögum í öðrum landshlutum hvað þetta varðar og því væntanlega þörf á átaki til að ná markmiðum landsáætlunar hvað þetta varðar.

⁴⁵ Úrvinnslusjóður (2014): *Ársskýrsla 2013*.

<http://www.urvinnslusjodur.is/media/arsskyrslur/Arsskyrsla-Urvinnslusjods-2013---lokautgafa.pdf>

Lífbrjótanlegur úrgangur:

- Þann 1. júlí 2013 skal lífbrjótanlegur úrgangur til urðunar verða að hámarki 50% af því heildarmagni lífbrjótanlegs úrgangs sem féll til árið 1995, þ.e. að hámarki 120.000 tonn. Þann 1. júlí 2020 skal hlutfallið vera komið niður í 35%, þ.e. að hámarki 84.000 tonn. Frá og með 1. janúar 2021 verði bannað að urða lífbrjótanlegan úrgang.
 - Ábyrgðin á 35% markmiðinu fyrir lífbrjótanlegan úrgang hvílir á sveitarfélögum eða einstökum sorpsamlögum. Íbúar Norðurlands voru 35.715 þann 1. janúar 2014, en þá var mannfjöldi á Íslandi samtals 325.671 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Norðlendingar voru því 10,97% landsmanna. Samkvæmt því má urðun lífbrjótanlegs úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum á Norðurlandi að hámarki vera $84.000 \times 10,97\% = 9.212$ tonn árið 2020. Þetta samsvarar 258 kg/íbúa. Samkvæmt þeim forsendum sem upphaflega voru lagðar til grundvallar þessum útreikningum má ætla að þar af megi að hámarki 30% eða um 77 kg/íbúa koma frá heimilum og að hámarki 70% eða um 181 kg/íbúa frá fyrirtækjum. Í reynd er þó mjög erfitt að greina þarna á milli, sérstaklega í dreifbýli þar sem mörk á milli heimilis- og rekstrarúrgangs eru oft óljós.
 - Ekki er mögulegt út frá fyrirliggjandi tölum að sjá hvort markmiðinu um urðun lífbrjótanlegs úrgangs hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum á Norðurlandi. Í sveitarfélögum þar sem lífrænum heimilisúrgangi er ekki safnað sérstaklega má ætla að lífbrjótanlegur úrgangur sé um 70% af öllum heimilisúrgangi.⁴⁶ Í sveitarfélögum þar sem lífrænum heimilisúrgangi er safnað sérstaklega getur þetta hlutfall hins vegar verið allt frá 0% upp í 70%, eftir árangri söfnunarinnar. Út frá þessu er hægt að geta sér til um hlutfall lífbrjótanlegs úrgangs í því sem fer til urðunar frá hverju sveitarfélagi, en aðeins þó að vissu marki.
 - Miðað við fyrirliggjandi tölur (sjá töflur 13-30) er Akureyrarbær eina sveitarfélagið á Norðurlandi sem fullyrða má með nokkurri vissu að hafi þegar uppfyllt markmiðið um hámark lífbrjótanlegs úrgangs til urðunar. Þar var heimilisúrgangur til urðunar samtals 87 kg/íbúa árið 2013 og rekstrarúrgangur samtals 186 kg/íbúa. Sé gert ráð fyrir að 70% af þessum sé lífbrjótanlegt, sem er væntanlega ofáætlað þar sem verulegu magni af lífrænum úrgangi er safnað sérstaklega, var lífbrjótanlegur heimilisúrgangur til urðunar 60 kg/íbúa og lífbrjótanlegur rekstrarúrgangur 107 kg/íbúa. Þetta er vel undir fyrrnefndum hámarkum (77 kg/íbúa frá heimilum og 181 kg/íbúa frá fyrirtækjum).

⁴⁶ Sorpa (2014): *Ársskýrsla 2014*. http://www.sorpa.is/files/arsskyrslur/arsskyrsla_sorpa_2013_net.pdf.

- Miðað við fyrirbyggjandi tölur fyrir árið 2013 uppfylla Skagabyggð, Akrahreppur, Dalvíkurbyggð og Grýtubakkahreppur markmiðið um hámark lífbrjótanlegs úrgangs til urðunar ef lítið er til samtölu (<258 kg/íbúa) en horft fram hjá skiptingu milli heimilisúrgangs og rekstrarúrgangs.
- Ljóst er að í sveitarfélögum þar sem sláturhús eru starfrækt og mestur hluti sláturúrgangsins fer í urðun er hlutfallið langt fyrir ofan þau 35% sem miðað er við fyrir árið 2020. Þetta á einkum við um Húnaþing vestra, Blönduósbæ og Sveitarfélagið Skagafjörð.
- Markmiðið um bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs frá og með 1. janúar 2021 er sett fram í landsáætlun en hefur ekki lagagildi.

Úr sér gengin ökutæki:

- Frá og með 1. janúar 2015 verði endurnotkun og endurnýting úr sér genginna ökutækja að lágmarki 95% og endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85%, hvort tveggja miðað við meðalþyngd ökutækis.
- Í landsáætlun kemur fram að endurnotkun og endurnýting úr sér genginna ökutækja sé um 95% á landsvísu og endurnotkun og endurvinnsla um 86%. Ætla má að svipað gildi um Norðurland og aðra landshluta hvað þetta varðar og því sé líklegt að þessu markmiði sé náð.

Sérstök söfnun:

- Frá og með 1. janúar 2015 verði komið á sérstakri söfnun á a.m.k. pappír, málmum, plasti og gleri. Jafnframt verði komið á sérstakri söfnun fyrir hvert heimili og í nánd við lögbýli og sumarbústaðahverfi, þannig að hægt verði að losa sem flesta úrgangsflokka með þessu móti. Frá og með 31. desember 2020 skulu að lágmarki 50% þessara úrgangsflokka sem safnað er frá heimilum og öðrum aðilum með sambærilegan úrgang undirbúið fyrir endurnotkun eða endurunnið.
- Ekki er fullljóst hvað þarf til að uppfylla framangreint markmið, en eins og fram kemur í töflu 5 hafa flest sveitarfélög á Norðurlandi komið sér upp aðstöðu til sérstakrar söfnunar á pappír, málmum og plasti, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Engin sérstök söfnun er hins vegar á gleri, að skilgaldsskyldum drykkjarvöruumbúðum frátöldum. Eftir því sem best er vitað fer mikill meirihluti þess sem safnast í endurvinnslu og því má ætla að markmiðinu fyrir árið 2020 hafi þegar verið náð.

Byggingarúrgangur:

- Frá og með 1. janúar 2015 verði minnst 60% af byggingar- og niðurrifsúrgangi flokkað með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð. Þann 1. janúar 2020 verði hlutfallið komin í a.m.k. 70%.

- Enn sem komið er er byggingarúrgangur aðeins flokkaður að litlu leyti og gildir það jafnt um Norðurland sem aðra landshluta. Því má ætla að sveitarfélög á Norðurlandi eigi langt í land með að uppfylla þetta markmið.

Dauð dýr:

- Þann 1. janúar 2015 verði búið að koma á innsöfnunarkerfi fyrir dauð dýr.
 - Eins og fram kemur í töflu 5 hefur um helmingur sveitarfélaga á Norðurlandi komið sér upp innsöfnunarkerfi fyrir dauð dýr og önnur eru með slíkt í undirbúningi. Hér er þó ljóst að úrbóta er þörf til að uppfylla framangreint markmið.

Urðun:

- Þann 31. desember 2015 verði hlutfall urðunar af heildarmagni úrgangs sem til fellur að hámarki 25%, 15% 31. desember 2020 og 5% 31. desember 2025.
 - Af töflum 13-31 má ráða að á árinu 2013 hafi um 43% þess úrgangs sem féll til á Norðurlandi verið urðaður. Sveitarfélög á Norðurlandi eiga því langt í land með að uppfylla þessi markmið. Í því sambandi er þó rétt að hafa í huga að þessi tilteknu markmið eru sett fram í landsáætlun en hafa ekki lagagildi.

4. Kostnaðargreining

Á árinu 2013 vorðu sveitarfélögin á Norðurlandi samtals 737,0 milljónum króna í söfnun, förgun og aðra meðhöndlun úrgangs (deild 08-2 *Sorþhreinsun og sorpeyðing* í bókhaldi sveitarfélaga). Samanlagðar tekjur vegna málaflokksins voru 487,7 millj. kr. og nettókostnaður samtals 249,2 millj. kr.⁴⁷ Sé miðað við íbúafjölda svæðisins 1. janúar 2014 voru meðalútgjöldin 20.635 kr/íbúa, meðaltekjurnar 13.656 kr/íbúa og nettókostnaðurinn 6.978 kr/íbúa.

Heildarútgjöld einstakra sveitarfélaga vegna málaflokksins árið 2013 voru mjög mismunandi eða allt frá rúmlega 12 þúsund krónum á hvern íbúa upp í rúmlega 63 þús. kr. Nettókostnaður var að sama skapi breytilegur, eða allt frá 3 þús. kr. á íbúa upp í rúmlega 26.500 kr. Tafla 6 sýnir tekjur og gjöld einstakra sveitarfélaga á Norðurlandi vegna úrgangsmála árið 2013, ásamt upplýsingum um álögð sorpgjöld.

Rúmur helmingur Norðlendinga býr í Akureyrarbæ. Þar eru bæði tekjur og gjöld á hvern íbúa vegna sorþhreinsunar og sorpeyðingar með því lágsta sem gerist í fjórðungnum og nettókostnaðurinn sá langlægsti. Meðalútgjöld sveitarfélaganna að Akureyrarbæ frátöldum voru 27.763 kr/íbúa árið 2013, meðaltekjurnar 17.057 kr/íbúa og nettókostnaðurinn 10.706 kr/íbúa.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skulu sveitarfélög innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. Gjöldin skulu þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna.

Þegar rýnt er nánar í tölurnar hér að framan kemur í ljós að í Akureyrarbæ dugðu tekjur málaflokksins fyrir 75,5% af heildarkostnaði, en í hinum sveitarfélögum var þetta hlutfall aðeins 61,4% að meðaltali. Af þessu má ráða að mikið vanti upp á að sveitarfélögin innheimti gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs eins og kveðið er á um í 23. gr. laga nr. 55/2003.

Þrátt fyrir ákvæði laganna um meðhöndlun úrgangs virðast engin sorpgjöld vera innheimt í þremur fámennustu sveitarfélögum á Norðurlandi. Áform eru þó uppi um gjaldtöku í

⁴⁷ Samband íslenskra sveitarfélaga (2014): *Ársreikningar*.
<http://www.samband.is/verkefni/fjarmal-sveitarfelaga/arsreikningar>.

Skagabyggð. Sorpgjöld fjórða sveitarfélagsins, Húnavatnshrepps, eru heldur ekki tilgreind í töflu 6, en það stafar af því að upplýsingar um álagningu sorpgjalda í sveitahreppum án þéttbýlisstaða er ekki að finna í Árbók sveitarfélaga 2014. Af tekjum málaflokksins er hins vegar ljóst að álagning sorpgjalda í Húnavatnshreppi er í líkingu við það sem almennt gerist. Eins og sjá má í töflunni eru sorpgjöld yfirleitt lögð á sem eitt gjald, en í tveimur tilvikum eru gjöld fyrir sorphreinsun og sorpeyðingu aðgreind.

Sveitarfélag	Íbúar 1. jan. 2014	Tekjur kr/íbúa 2013	Gjöld kr/íbúa 2013	Niðurstaða kr/íbúa 2013	Sorphreins.- gjald (kr/íbúð) 2013	Sorpeyð.- gjald (kr/íbúð) 2013
Húnaþing Vestra	1.173	15.133	25.034	-9.901	28.500	
Húnavatnshreppur	409	23.854	44.937	-21.083		
Blönduós bær	881	18.566	28.643	-10.077	19.700	19.700
Skagabyggð	98	0	25.716	-25.716		
Sveitarfélagið Skagaströnd	498	13.953	29.472	-15.519	33.550	
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.978	13.908	23.720	-9.812	17.000	15.000
Akrahreppur	208	0	12.293	-12.293		
Fjallabyggð	2.010	16.630	21.622	-4.992	32.700	
Dalvíkurbyggð	1.867	12.477	17.830	-5.353	31.400	
Hörgársveit	559	18.887	31.330	-12.443	40.000	
Akureyrarbær	18.103	10.348	13.700	-3.352	27.900	
Eyjafjarðarsveit	1.026	18.402	31.484	-13.082	27.570	
Svalbarðsstrandarhreppur	387	14.105	31.198	-17.093	31.500	
Grýtubakkahreppur	353	17.818	33.694	-15.876	33.000	
Píngeyjarsveit	917	26.187	40.233	-14.046	35.939	
Norðurþing	2.822	20.204	31.696	-11.492	50.586	
Tjörneshreppur	55	0	26.594	-26.594		
Skútustaðahreppur	371	41.304	63.419	-22.115	39.800	
Samtals	35.715					
Meðaltal		13.656	20.635	-6.978		
Hæsta gildi	18.103	41.304	63.419	-3.352	50.586	19.700
Lægsta gildi	55	0	12.293	-26.594	0	0

Tafla 6. Tekjur og gjöld sveitarfélaga á Norðurlandi vegna úrgangsmála (hreinlætismála) 2013, ásamt upplýsingum um álögð sorpgjöld.^{48,49}

⁴⁸ Samband íslenskra sveitarfélaga (2014): *Árbók sveitarfélaga 2014*.

<http://www.samband.is/verkefningur/verkstur-sveitarfelaga/arbok-sveitarfelaga/arbok-sveitarfelaga-2014>.

5. Þróunin til 2026

Ljóst er að miklar breytingar verða á sviði úrgangsmála í heiminum á næstu árum. Þróunin á Íslandi mun óhjákvæmilega taka mið af þessu, m.a. vegna breytinga sem munu verða gerðar á löggjöf Evrópusambandsins, enda ber Íslendingum vegna aðildar sinnar að Evrópska efnahagssvæðinu að innleiða evrópskar gerðir á þessu sviði í íslenska löggjöf. Raunveruleg orsök fyrirsjáanlegra breytinga liggur þó fyrst og fremst í hnattrænum umhverfisvandamálum, þar sem aukið álag á auðlindir jarðar kallar á betri nýtingu og breytt neyslumynstur. Í þessu sambandi skipta loftslagsbreytingar af mannavöldum miklu máli, en ljóst er að þjóðir heims þurfa að ráðast í margvíslegar aðgerðir til að sporna við þeim og til að aðlagast afleiðingunum. Þessar aðgerðir munu bæði hafa áhrif á myndun úrgangs og meðhöndlun þess úrgangs sem til fellur. Samhliða þessu verður sífellt meiri áhersla lögð á nýtingu þeirra auðlinda sem felast í úrgangi, þ.m.t. fosfórs í lífrænum úrgangi, en mjög hefur gengið á nýtanlegar fosfórbirgðir heimsins á síðustu árum og áratugum. Vitund manna um verðmæti lands sem takmarkaðrar auðlindar fer einnig vaxandi, en það mun hafa í för með sér vaxandi tregðu til að ráðstafa landi undir urðun úrgangs.

Sú þróun sem hér er lýst mun hafa ýmis bein og óbein áhrif á úrgangsmál á Norðurlandi. Allar líkur eru á að með tímanum verði skerpt á alþjóðlegum og íslenskum markmiðum í úrgangsmálum. Í nágrennalöndunum hafa urðunarskattar rutt sér til rúms sem tæki til að beina úrgangi í aðra farvegi sem stuðla að betri auðlindanýtingu. Svipaðar hugmyndir hafa verið viðráðar hérlendis og í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs kemur fram að til greina komi að taka upp slíkan skatt frá og með árinu 2016 og nýta tekjur sem þannig skapast til að efla nýsköpun í nýtingu úrgangs eða til bættrar úrgangsstýringar að öðru leyti. Í landsáætluninni er einnig að finna hugmynd um að draga úr urðun í áföngum, þannig að í árslok 2025 fari ekki meira en 5% af þeim úrgangi sem til fellur til slíkrar förgunar. Við þetta bætast svo markmið Evróputilskipunar og íslenskra laga um að þann 1. júlí 2020 verði lífbrjótanlegur úrgangur til urðunar að hámarki 35% af því heildarmagni lífbrjótanlegs úrgangs sem féll til árið 1995, þ.e. að hámarki 84.000 tonn fyrir landið allt. Ábyrgðin á þessu markmiði hvílir á sveitarfélögum eða einstökum sorpsamlögum. Hugsanlegt er að algjört bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs taki gildi í ársbyrjun 2021.

Breyttar áherslur í líkingu við þær sem hér hefur verið lýst munu ekki aðeins breyta tæknilegum forsendum úrgangsméðhöndlunar, heldur einnig rekstrarlegum forsendum. Kostnaður við urðun

⁴⁹ Samband íslenskra sveitarfélaga (2014): *Ársreikningar*.
<http://www.samband.is/verkefni/fjarmal-sveitarfelaga/arsreikningar>.

úrgangs mun þannig að öllum líkindum fara hækkandi, svo sem ef lagðir verða á urðunarskattar, og þar bætist kostnaður við söfnun hauggass við annan kostnaðarauka. Þetta þýðir að fljótlega mun þrengja að rekstri smærri urðunarstaða. Til að byrja með geta staðirnir brugðist við þessu með hækkun móttökugjalda, en að sama skapi minnkar samkeppnishæfni þeirra samanborið við aðrar leiðir í meðhöndlun úrgangs. Meðal annars af þessari ástæðu liggur beint við að Norðlendingar sameinist um einn urðunarstað, jafnframt því sem þeir búa sig undir að beina stærstum hluta úrgangsins í aðra meðhöndlun. Með því að hætta móttöku lífræns úrgangs til urðunar má jafnframt spara verulega fjármuni sem annars þyrfti að verja til söfnunar hauggass.

Í skýrslu nefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði í júlí 2003 til að kanna meðferð sláturúrgangs og leggja fram tillögur um samræmdar úrlausnir fyrir landið allt var lagt til að „umhverfisráðherra verði falið að finna lausn varðandi byggingu brennslu og bræðslustöðva fyrir sláturúrgang, í samstarfi við landbúnaðarráðherra og sveita[r]félög“. Brennslustöðvar sem eru sérstaklega starfræktar í þeim tilgangi að farga aukaafurðum úr dýrum þurfa ekki nauðsynlega að uppfylla ákvæði sorpbrennslutilskipunar ESB, en ekki er þó leyfilegt að farga úrgangi úr áhættuflokki 1 í „afkastalitlum brennslustöðvum“, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002,⁵⁰ þ.e. í brennslustöð sem afkastar minna en 50 kg af aukaafurðum úr dýrum á klukkustund. Færanlegar stöðvar falla væntanlega undir þessa skilgreiningu og koma því ekki að gagni við slíka förgun. Umræddum úrgangi verður með öðrum orðum að eyða í afkastameiri brennslustöð. Einstakir sláturleyfishafar hafa kannað möguleika á að koma upp slíkum stöðvum, en forsenda þess að þær séu undanþegnar ákvæðum sorpbrennslutilskipunar ESB er að í þeim séu eingöngu meðhöndlaðir áhættuvefir úr dýrum sem slátrað hefur verið í viðkomandi sláturhúsi og hafa ekki farið til annarrar vinnslu en aðgerðar í húsinu. Því er ljóst að slík stöð getur hvorki tekið við úrgangi frá vinnslu né frá úrgangi frá utanaðkomandi aðilum. Uppsetning brennslustöðva í einstökum sláturhúsum myndi augljóslega draga úr þörf fyrir sameiginlegar lausnir, en þörfin verður þó til staðar eftir sem áður fyrir alla áhættuvefi sem falla til utan viðkomandi sláturhúsa, svo og fyrir annan sóttmengaðan úrgang.

Brennslustöð sem ætlað væri að taka við úrgangi frá fleiri en einum aðila þyrfti í öllum tilvikum að uppfylla ákvæði sorpbrennslutilskipunarinnar. Stofnkostnaður slíkrar stöðvar er að öllum líkindum mjög hár og ljóst að erfitt verður að láta rekstur standa undir fjármagnskostnaði. Því virðist óraunhæft að Norðlendingar standi einir að slíku verkefni. Fræðilega séð gæti Kalka í

⁵⁰ Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (2010): *Reglugerð nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru atlaðar til mannelis, auk áorðinna breytinga*. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/108-2010>.

Reykjanesbæ sinnt þessu hlutverki fyrir landið allt, að því tilskyldu að hægt verði að tryggja viðunandi flutning úrgangsins þangað án þess að hætta verði á dreifingu smitefnis. Hugsanlega þyrfti að starfrækja tvær slíkar stöðvar á landinu. Þá væri eðlilegt að hin stöðin væri staðsett á Norðurlandi.

Urðunarstaðurinn í Laugardal við Húsavík er eini staðurinn á Norðurlandi með starfsleyfi fyrir urðun á óvirkum úrgangi, ef frá eru taldir urðunarstaðirnir í Stekkjarvík og við Kópasker, þar sem almennur úrgangur er urðaður (sjá mynd 2). Hugsanlega er óvirkur úrgangur geymdur eða grafinn á fleiri stöðum á svæðinu, en það er þá strangt til tekið gert í leyfisleysi. Æskilegt er að hægt sé að urða óvirkan úrgang á nokkrum stöðum í fjórðungnum, en enga slíka staði má reka án starfsleyfa.

Framtíðarsýn fyrir úrgangsmál á Norðurlandi er í stuttu máli sú að með stóraukinni fræðslu, hagrænum stjórnækjum og öðrum aðgerðum verði dregið verulega úr myndun úrgangs, að flokkun og endurvinnsla verði ævinlega fyrsti valkostur fyrir þann úrgang sem myndast engu að síður, að allur lífrænn úrgangur verði nýttur í jarðgerð með stóra jarðgerðarstöð í Eyjafirði í aðalhlutverki, að óvirkur úrgangur verði urðaður tiltölulega nærri upphafsstað eða nýttur sem fyllingarefni þar sem það á við, að sóttmengudum úrgangi og dýraleifum úr áhættuflokki 1, og eftir atvikum einnig úr áhættuflokki 2, verði komið til brennslu í þar til gerðri stöð á Norðurlandi eða annars staðar sem væntanlega verður rekin í samstarfi við stjórnvöld á landsvísu og að urðunarstaðurinn í Stekkjarvík taki við þeim úrgangi sem ekki tekst að koma í annan farveg.

6. Lífsferilsgreining (LCA)

Lífsferilsgreining eða vistferilsgreining (e. Life Cycle Assessment LCA) er magnbundin greining á umhverfisþáttum vöru eða þjónustu á öllum lífsferli hennar, eða með öðrum orðum heildstæð athugun á öllum helstu umhverfisþáttum á æviskeiði vörunnar eða þjónustunnar frá vöggu til grafar. Í lífsferilsgreiningu er þannig rýnt í umhverfisáhrif sem tengjast hönnun vörunnar, hráefnisvali, framleiðslu, dreifingu, notkun, endurnýtingu og förgun. Niðurstöður slíkrar greiningar eru gjarnan notaðar við samanburð á valkostum, þ.e. til að komast að niðurstöðu um það hvort einn valkostur sé ákjósanlegri en annar frá umhverfislegu sjónarmiði.

Æskilegt væri að byggja ákvarðanir í úrgangsmálum jafnan á lífsferilsgreiningum þar sem mismunandi valkostir eru bornir saman, enda getur valkostur sem í fljótu bragði virðist ákjósanlegur haft ýmsa galla frá umhverfislegu sjónarmiði þegar málið er skoðað frá öllum hliðum. Við lífsferilsgreiningar eru notuð sérhönnuð forrit og yfirleitt þarf að leggja mikla vinnu í hönnun greiningarinnar til að tryggja að kostirnir sem um ræðir séu í raun samanburðarhæfir. Þetta ferli getur verið tímafrekt og kostnaðarsamt og því er engan veginn raunhæft að beita aðferðinni við alla ákvarðanatöku. Þess í stað er gjarnan beitt svonefndri *lífsferilshugsun* (e. Life Cycle Thinking), en í henni felst að við ákvarðanatöku er leitast við að taka tillit til allra hluta lífsferilsins án þess að ráðast í formlega lífsferilsgreiningu. Með þessu er reynt að forðast tilfærslu vandamála. Þetta þýðir að þegar dregið er úr neikvæðum umhverfisáhrifum á einu tilteknu skeiði lífsferilsins, á tilteknu landsvæði, eða á tilteknu sviði, má það ekki leiða til aukinna neikvæðra áhrifa annars staðar. Sem dæmi má nefna orkusparnað við notkun tiltekinnar vöru, sem verður að nást fram án þess að það kalli á aukna efnanotkun við framleiðslu vörunnar.⁵¹

Eins og fram kemur hér að framan snúast úrgangsmál ekki einvörðungu um úrgang, heldur er nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina þegar fjallað er um þessi mál. Allt snýst þetta um að nýta auðlindir sem best og með sem minnstum skaðlegum áhrifum. Með öðrum orðum er nauðsynlegt að beita lífsferilshugsun í allri umræðu og ákvarðanatöku á þessu sviði.

Oft vakna spurningar um það hvort umhverfislegur ávinningur af endurvinnslu, umfram aðra endurnýtingu eða jafnvel förgun, hverfi ekki fljótt ef flytja þarf úrgang til endurvinnslu um langan veg. Við þessu er ekkert einhlítt svar, en lífsferilsgreiningar á úrgangi benda þó til að flutningar vegi ekki þungt í heildarmyndinni. Í lífsferilsgreiningu sem Verkfræðistofan Línuhönnun vann til

⁵¹ Umhverfisráðuneytið (2013): *Landsáætlun um úrgang 2013-2024*. (Bls. 58).
[http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaaetlun-2013-2024-\(utgafa\).pdf](http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaaetlun-2013-2024-(utgafa).pdf).

að bera saman gróðurhúsaáhrif við urðun og endurvinnslu dagblaða og tímarita á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands kom t.d. í ljós að flutningur dagblaðanna til Svíþjóðar hafði nær enga þýðingu í heildarmyndinni. Í þessu tiltekna dæmi kom endurvinnslan í Svíþjóð með tilheyrandi flutningum í veg fyrir losun 40 eininga af gróðurhúsalofttegundum á sama tíma og urðun sömu dagblaða á Suðurlandi hefði leitt til losunar 90 eininga. Flutningur úrgangsins til Reykjavíkur, böggun og sjóflutningar til Svíþjóðar losuðu innan við 5 einingar í þessum samanburði. Önnur lífsferilsgreining sem Línuhönnun vann fyrir Úrvinnslusjóð 2006 til samanburðar á mismunandi meðhöndlun plast- og pappaumbúða í heimilisúrgangi á Íslandi gaf svipaðar vísbendingar hvað flutninga varðar.⁵²

⁵² Umhverfissráðuneytið (2013): *Landsáætlun um úrgang 2013-2024*. (Bl. 58).
[http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaetlun-2013-2024-\(utgafa\).pdf](http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaetlun-2013-2024-(utgafa).pdf).

7. Fræðsla

Stjórnvöld hafa í aðalatriðum þrenns konar tæki til að hafa áhrif á hegðun fólks í umhverfismálum, þ.e.a.s. boð og bönn, hagræn stjórnþæki og upplýsingar. Fyrstnefnda tækið er í aðalatriðum í höndum löggjafans, en sveitarstjórnir geta þó beitt því að vissu marki með ákvæðum í sérstakri samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórnir geta einnig beitt hagrænum stjórnþækjum að vissu marki með því að laga gjaldskrár að þeim markmiðum sem stefnt er að. Bæði þessi tæki, þ.e.a.s. boð og bönn annars vegar og hagræn stjórnþæki hins vegar, eiga það þó sameiginlegt að aðeins er hægt að ná takmörkuðum árangri með beitingu þeirra hvers fyrir sig. Í þriðja tækinu, þ.e.a.s. upplýsingagjöfni, felst hins vegar lykillinn að því að hin tækin skili þeim árangri sem að er stefnt.

Í breytingunni á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var á Alþingi vorið 2014 er í fyrsta sinn gert ráð fyrir að stjórnvöldum beri sérstök skylda til að sinna fræðslu um úrgangsmál. Samkvæmt 24. gr. laganna skal Umhverfisstofnun „sjá um gerð almenns fræðsluefnis og upplýsa og fræða almenning um meðhöndlun úrgangs í samvinnu við sveitarfélög, Úrvinnslusjóð, þá sem bera framleiðendaábyrgð, rekstraradila og aðra eftir því sem við á“. Þá skulu sveitarstjórnir „annast gerð upplýsingaefnis um meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraradila og handbafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við blutadeigandi heilbrigðisnefndir. Samkvæmt 23. gr. laganna er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald til að mæta kostnaði við fræðslu og kynningarstarfsemi, svo og aðra tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna.

Sveitarfélög geta sinnt þessari nýju lagaskyldu sinni með ýmsu móti. Þannig virðist ekkert vera því til fyrirstöðu að fræðsluskyldan sé að einhverju leyti innifalín í samningum við verktaka sem fengnir eru til að sjá um tiltekna þætti úrgangsmála. Reyndar hafa sveitarfélög, bæði á Norðurlandi og annars staðar, gert ýmislegt á síðustu árum til að fræða íbúa um úrgangsmál. Eins og fram kemur í landsáætlun um úrgang er ekkert yfirlit til yfir þessa fræðslustarfsemi, en mest hefur borið á bæklingum af ýmsu tagi sem dreift er til heimila á viðkomandi svæði. Tilfni útgáfunnar er þá yfirleitt breytt fyrirkomulag úrgangsmála, svo sem hvað varðar söfnun úrgangs frá heimilum, opnunartíma söfnunar- og móttökustöðva o.s.frv. Víða eru einnig gefin út sorphirðudagatöl sem stundum innihalda einhvern fróðleik um úrgangsmál til viðbótar hefðbundnum upplýsingum um losunardaga mismunandi íláta við heimahús.

Gott dæmi um fræðslu á vegum úrgangsfyrirtækja er kennslustofa sem Gámaþjónusta Norðurlands hefur komið upp í aðstöðu sinni við Hlíðarfjallsveg á Akureyri, en þar verður m.a. hægt að fræða skólanemendur á svæðinu um meðhöndlun úrgangs og skyld málefni. Önnur úrgangsfyrirtæki hafa einnig lagt áherslu á fræðslu til almennings og viðskiptaaðila.

Í nýjum rammasamningi Ríkiskaupa um endurvinnslu- og sorphirðuþjónustu, sem tók gildi 1. janúar 2013 og gildir til tveggja ára eru sérstök ákvæði um fræðsluhlutverk seljenda, en þetta mun vera í fyrsta sinn sem slík ákvæði eru felld inn í rammasamning á þessu sviði. Samningurinn tekur til alhliða þjónustu vegna meðhöndlunar úrgangs, sem skipt er í fjóra meginþætti. Einn þessara þátta er „fræðsla og miðlun upplýsinga um flokkun úrgangs og tengda þætti“, en auk þess nær samningurinn til leigu eða sölu á ílátum til söfnunar, losunar íláta og söfnunar/hirðu á flokkuðum og óflokkuðum úrgangi til endurvinnslu eða förgunar, auk jarðgerðar eða gasgerðar á lífrænum úrgangi til framleiðslu á jarðvegsbæti (moltu) og e.t.v. metangasi.⁵³ Meirihluti sveitarfélaganna á Norðurlandi á aðild að rammasamningnum, en fimm þeirra standa utan hans, þ.e. Akrahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Tjörneshreppur og Skútustaðahreppur.⁵⁴

Fræðsla um úrgangsmál snýst í raun um tvennt; annars vegar um upplýsingarnar sjálfar og hins vegar um miðlun þeirra. Upplýsingar um úrgangsmál birtast íbúum sveitarfélaga líklega oftast í formi bæklinga sem skila sér í póstkassann eða inn um bréfalúguna, eða þá í formi upplýsinga á heimasíðu sveitarfélagsins eða þjónustuaðila sem sveitarfélagið hefur samið við. Með útsendingu bæklinga er tryggt að upplýsingarnar komist á leiðarenda, en hins vegar er allsendis óvíst að hve miklu marki þær eru lesnar eða meðtekna. Rannsóknir benda reyndar til að slíkar upplýsingar fari í mörgum tilvikum fyrir ofan garð og neðan,⁵⁵ enda er samkeppnin um athyglina hörð. Því má færa fyrir því gild rök að sveitarfélög eigi að leggja megináherslu á aðferðir við miðlun fræðslunnar. Vissulega þarf fræðsluefnið að standast skoðun og innihalda alla þá þætti sem máli skipta, en árangur fræðslunnar takmarkast að öllum líkindum enn frekar að aðferðum sem beitt er. Tilgangurinn er ekki eingöngu sá að koma upplýsingum inn á heimilin, heldur fyrst og fremst að virkja íbúa til þátttöku og umhugsunar um eigin neysluvenjur og lífstíl. Breyttar áherslur í neyslu skipta meginmáli í viðleitninni í að fyrirbyggja að úrgangur myndist og til að tryggja að sú þjónusta sem er til staðar nýtist sem best.

Í landsáætlun um úrgang er á það bent að ef ætlunin sé að hafa áhrif á hegðun fólks þurfi að beita aðferðum félagslegrar markaðsfærslu (e: Social marketing) sem snúast um markaðssetningu ákveðinna viðhorfa eða atferlis. Lykilatriði í þessu sambandi sé að „*beina sjónum sínum fyrst að þeim*

⁵³ Ríkiskaup (2013): *Rammasamningar. Endurvinnsla og sorphirða*.

<http://www.ríkiskaup.is/rammasamningar/flokkar/rekstur-bifreida-og-fasteigna/endurvinnsla-og-sorphirða>.

⁵⁴ Ríkiskaup (2014): *Aðild að rammasamningum ríkisins*.

<http://www.ríkiskaup.is/rammasamningar/askrifendur-rammasamninga>

⁵⁵ Umhverfissráðuneytið (2013): *Landsáætlun um úrgang 2013-2024*.

[http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaaetlun-2013-2024-\(utgafa\).pdf](http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaaetlun-2013-2024-(utgafa).pdf).

hópi fólks sem er líklegastur til að breyta, að einbeita sér að einni tiltekinni hegðunarbreytingu í einu, að benda á jákvæð ábrif sem koma strax fram og nýtast einstaklingnum sjálfum, benda á afleiðingar þess að breyta engu, bjóða þjónustu sem hjálpar til við breytinguna, verðlauna breytta hegðun og nota áminningar til að viðhalda hegðuninni⁵⁶.

⁵⁶ Umhverfissráðuneytið (2013): *Landsáætlun um úrgang 2013-2024*. (Bl. 54).
[http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaetlun-2013-2024-\(utgafa\).pdf](http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaetlun-2013-2024-(utgafa).pdf).

8. Stefna í úrgangsmálum á Norðurlandi

Í öllu starfi sveitarfélaga að úrgangsmálum þarf að hafa hugfast að úrgangur er ekki afmarkað fyrirbæri, heldur hluti af stærri mynd, afleiðing af neysluvenjum og lífsstíl íbúa á viðkomandi svæði. Í eftirfarandi þrettán köflum eru settar fram megináherslur sveitarfélaga á Norðurlandi í úrgangsmálum fram til ársins 2026.

8.1 Aukið samstarf

Aukin samskipti og samvinnu milli norðlenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála er vafalítið til hagsbóta fyrir alla sem að samstarfinu koma. Þetta viðhorf endurspeglast m.a. í stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um úrgangsmál. Samvinna um gerð þessarar áætlunar er grunnur að því að ná enn lengra í samstarfi í málaflokknum í framtíðinni. Enda þótt ábyrgð á framkvæmd úrgangsmála liggi hjá hverju sveitarfélagi um sig eru mörg verkefni innan málaflokksins þess eðlis að þau verða best leyst í samstarfi fleiri sveitarfélaga, bæði í umhverfislegu og efnahagslegu tilliti. Aðstaða til meðhöndlunar úrgangs er kostnaðarsöm í uppbyggingu og rekstri og því er samvinna til þess fallin að bæta nýtingu fjárfestinga og draga úr rekstrarkostnaði. Um leið verður auðveldara að uppfylla kröfur laga og reglugerða um lágmarkun neikvæðra umhverfisáhrifa. Ekki er ólíklegt að aukin samvinna leiði til aukins flutningskostnaðar, þar sem úrgangur verður fluttur á milli svæða til meðhöndlunar í stærri einingum í stað þess að reka fleiri og dreifðari einingar. Á móti sparast verulegar fjárhæðir í uppbyggingu og rekstri meðhöndlunarstöðva. Lífsferilsgreiningar benda til að auknir flutningar vegi ekki þungt í heildarsamanburði á umhverfisáhrifum úrgangsmeðhöndlunar.

Sveitarstjórnir á Norðurlandi eru sammála um að samstarf sveitarfélaga á svæðinu á sviði úrgangsmála skuli formfest í félagi eða byggðasamlagi sem stýri og haldi utan um úrgangsmálin fyrir hönd sveitarfélaganna.

8.2 Bætt skráning

Bætt skráning er forsenda þess að verulegur árangur náist í að draga úr magni úrgangs, auka endurvinnslu og minnka förgun, enda nær útilokað að stjórna vel og setja raunhæf markmið án mælinga á upphafsstöðu og árangri. Því er brýnt að sveitarfélögin vinni saman að enn betra verklagi hvað mælingar og skráningu varðar. Sveitarstjórnir á Norðurlandi eru sammála um að hvert sveitarfélag taki saman og skili árlega á samræmdu formi upplýsingum um magn og afdrif úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu í einstökum úrgangsflokkum.

8.3 Öflug hagsmunagæsla

Samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi hefur það markmið að tryggja hagsmuni sveitarfélaganna á svæðinu varðandi úrgangsmál. Aðilar samstarfsins eru sammála um að samvinna um málaflokkinn sé best til þess fallin að tryggja þessa hagsmuni. Aðilar samstarfsins eru einnig sammála um að taka þátt í hagsmunagæslu á landsvísu og styðja verkefnisstjórn

Sambands íslenskra sveitarfélaga um hagsmunagæslu í úrgangsmálum. Samstarfsaðilar tilnefna einn fulltrúa og einn varafulltrúa í verkefnistjórn.

8.4 Besta fánlega tækni

Samstarfsaðilar eru sammála um að beita að jafnaði bestu fánlegu tækni (BAT)⁵⁷ við endurvinnslu og förgun úrgangs. Val á tæknilegum lausnum byggir á faglegum grunni og stefnt skal að því að beita lífsferilsgreiningu (LCA) við val á lausnum.

8.5 Skýr forgangsröðun

Sveitarstjórnir á Norðurlandi eru sammála um að úrgangsforvarnir, endurnotkun og endurvinnsla sé í þessari röð ávallt fyrsti kostur við val á ráðstöfun úrgangs, en förgun sé síðasti valkostur. Þetta er í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og áherslur í landsáætlun. Val á ráðstöfunarleiðum verður þó að byggja á faglegu mati sveitarfélaganna, stofnana þeirra eða óháðra aðila, enda uppfylli leiðirnar að lágmarki kröfur laga og reglugerða um viðkomandi starfsemi. Einnig skal ráðstöfunin uppfylla kröfur og markmið svæðisáætlunar gangi þær lengra en lög og reglugerðir. Við val á ráðstöfunarleiðum skal að jafnaði valin sú leið sem hagkvæmest er fyrir svæðið í heild og stefnt að hámarksnýtingu þeirra fjárfestinga sem þegar hefur verið ráðist í á svæðinu. Þrátt fyrir framangreint er einstökum sveitarfélögum á svæðinu heimilt að velja aðrar leiðir telji sveitarstjórn það þjóna hagsmunum sveitarfélagsins betur.

Við nánari útfærslu varðandi meðhöndlun úrgangs skal hafa að leiðarljósi sjónarmið um að gætt sé varúðar til að umhverfið verði ekki fyrir skaða að teknu tilliti til tæknilegs framkvæmanleika og hagkvæmni.

8.6 Auknar forvarnir

Sú forgangsröðun sem lýst er hér að framan kallar á aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs. Sveitarstjórnir gegna lykilhlutverki í þeirri viðleitni, m.a. með góðu fordæmi í vistvænum innkaupum, örtrefjaprífum, betri nýtingu pappírs o.s.frv. Slíkt fordæmi getur haft margþætt áhrif. Um leið og sveitarfélagið hefur í frammi aðgerðir í þessa veru hefur það áhrif á innkaupahegðun íbúa og fyrirtækja, svo og á framboð birgja. Sveitarstjórnir á Norðurlandi eru sammála um að leggja aukna áherslu á úrgangsforvarnir af þessu tagi.

⁵⁷ Sjá skilgreiningu í Viðauka 2.

8.7 Minnkandi förgun

Sú forgangsöröðun sem lýst er hér að framan dregur úr þörf fyrir förgun úrgangs og lengir endingartíma urðunarstaða. Sveitarstjórnir á Norðurlandi eru sammála um að förgun úrgangs á svæðinu verði með eftirfarandi hætti:

- Markvisst verði dregið úr magni úrgangs til förgunar.
- Dregið verði úr urðun lífræns úrgangs og henni alfarið hætt fyrir árslok 2020.
- Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík taki við úrgangi frá öllu Norðurlandi að öðru leyti en því að áfram verði starfræktir urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang þar sem best þykir henta, þ.e. þar sem slíkir staðir eða jarðvegstíppar eru fyrir. Engin slík starfsemi fari fram án gildra starfsleyfa.
- Lokið verði lokun og frágangi annarra urðunarstaða á svæðinu.
- Séð verði til þess að allir íbúar hafi aðgang að lokuðum gámasvæðum þar sem tekið verður við flokkuðum úrgangi til endurvinnslu.

8.8 Aukin jarðgerð

Sú forgangsöröðun sem lýst er hér að framan stuðlar að bættri nýtingu hráefna í úrgangi, þ.m.t. lífrænna hráefna. Sveitarstjórnir á Norðurlandi eru sammála um að meðhöndlun lífræns úrgangs, þ.m.t. sláturúrgangs, á Norðurlandi verði með eftirfarandi hætti:

- Dregið verði úr urðun lífræns úrgangs og henni alfarið hætt fyrir árslok 2020 (sjá framar).
- Jarðgerðarstöðin í Eyjafirði taki við lífrænum úrgangi frá öllu Norðurlandi, þ.m.t. sláturúrgangi. Afköst stöðvarinnar verði aukin þannig að hún geti tekið við úrgangi frá öllu svæðinu á mestu annatímum, þ.m.t. í sláturtíð.
- Stefnt verði að því að þróa vörur úr jarðgerðum lífrænum úrgangi og auka þannig verðmæti hans og skapa störf.

8.9 Framtíðarlausnir fyrir sóttmengaðan úrgang

Sveitarstjórnir á Norðurlandi vilja hafa frumkvæði að viðræðum við ríkisvaldið um rekstur einnar eða tveggja brennslustöðva á landsvísu, sem tekið geti við sóttmengudu úrgangi og dýraleifum úr áhættuflokki 1 og eftir atvikum einnig úr áhættuflokki 2 í samræmi við tillögur nefndar landbúnaðarráðherra frá 2004.

Sveitarstjórnirnar telja nauðsynlegt að hafa aðgang að sorpbrennslustöð til eyðingar á sóttmengudu úrgangi, svo sem sjúkrahúsúrgangi og dýraleifum úr áhættuflokki 1. Ein stöð gæti hugsanlega þjónað landinu öllu hvað þetta varðar, og lægi þá beinast við að slík stöð væri staðsett í grennd við þéttbýlasta svæði landsins á suðvesturhorninu. Brennslustöðin Kalka á Suðurnesjum mun hafa tæknilega burði til þess við venjuleg skilyrði að taka við þessum úrgangi frá öllu landinu og brenna hjá sér, en draga má í efa að afkastagetan sé nægjanleg á sérstökum annatímum, svo sem þegar grípa þarf til niðurskurðar vegna riðu eins og dæmi eru um. Hvort sem ákvörðun verður tekin um að láta stöðina á Suðurnesjum þjóna öllu landinu eða byggja upp aðra stöð er

ljóst að stjórnvöld á landsvísu þurfa að koma að málinu, bæði hvað varðar kostnað við uppbyggingu og/eða rekstur. Málið hefur verið rætt á vettvangi stjórnvalda í tengslum við innleiðingu á reglugerð ESB um aukaafurðir dýra 1069/2009 sem stendur fyrir dyrum og tekur við af reglugerð 1774/2004, sem innleidd var hérlendis með reglugerð 108/2010.⁵⁸ Niðurstaða liggur ekki fyrir.

8.10 Aukin fræðsla

Sveitarstjórnir á Norðurlandi vilja leggja aukna áherslu á fræðslu til íbúa svæðisins um auðlindanýtingu og meðhöndlun úrgangs, m.a. með gerð sameiginlegs upplýsingaefnis um meðferð úrgangs í sveitarfélögunum og fræðslu til almennings, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samræmi við 24. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum. Jafnframt vilja sveitarstjórnirnar að Umhverfisstofnun sinni því hlutverki sínu að annast gerð almenns fræðsluefnis í samræmi við ákvæði sömu greinar. Fræðslu verði miðlað með aðferðum sem líklegastar þykja til að stuðla að breyttu hegðunarmynstri fólks, enda er tilgangur fræðslunnar ekki eingöngu sá að koma upplýsingum inn á heimilin, heldur fyrst og fremst að virkja íbúa til þátttöku og umhugsunar um eigin neysluvenjur og lífstíl.

8.11 Nýjar samþykktir

Sveitarstjórnir á Norðurlandi munu endurskoða gildandi samþykktir sínar um meðhöndlun úrgangs eða setja sér slíkar samþykktir þar sem það hefur ekki verið gert, hver fyrir sig eða fleiri saman. Sveitarfélögin munu hafa samráð sín á milli um þetta og leita samstarfs við atvinnulífið um ákvæði sem segja fyrir um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang. Slíkum ákvæðum verður hrint í framkvæmd í áföngum innan tiltekins aðlögunartíma í samráði við atvinnulífið.

8.12 Nýjar gjaldskrár

Sveitarstjórnir á Norðurlandi munu endurskoða gildandi gjaldskrár fyrir sorphirðu með það fyrir augum að innheimt gjöld standi undir öllum kostnaði við málaflokkinn, þ.m.t. tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga nr. 55/2003, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál, sbr. einnig 23. gr. laganna. Stefnt verði að því að sveitarfélög hagi fjárfestingum sínum á sviði úrgangsméðhöndlunar á þann hátt að fjármunir nýtist sem best.

⁵⁸ Umhverfisstofnun (2015): Rafbréf 3. feb. 2015.

8.13 Reglulegt endurmat

Árangur af framfylgd svæðisáætlunarinnar verður metinn reglulega, niðurstaða árangursmatsins birt og svæðisáætlunin endurskoðuð eftir því sem þörf krefur í samræmi við 6. gr. laga nr. 55/2003.

9. Umhverfisskýrsla

9.1 Aðferð

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026 er háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Matsvinnan fór fram samhliða gerð svæðisáætlunarinnar og er byggð á helstu áhrifaþáttum sem felast í stefnumiðum og framkvæmd hennar, ásamt umhverfisþáttum sem kunna að verða fyrir umtalsverðum áhrifum. Lagt var mat á umfang og vægi mögulegra umhverfisáhrifa og fjallað um vöktunaráætlanir. Haft var samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu í febrúar 2015.

Umhverfismat svæðisáætlunarinnar er unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana en meginmarkmið þeirra laga er „að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða“. Upplýsingar um umhverfisþætti og umhverfisáhrif eru birt í töflum og texta. Við matsvinnuna var byggt á fyrirbyggjandi gögnum og einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa lýst í samræmi við hlutverk og nákvæmni áætlunarinnar. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana. Lagt var mat á hvort meginstefnumörkun áætlunarinnar fylgi almennt markmiðum þeirra umhverfisviðmiða sem lögð eru til grundvallar umhverfismati. Þar sem við á er greint frá því hvort áhrif verði jákvæð, neikvæð eða óveruleg eða hvort óvissa ríkir um hugsanleg áhrif og/eða hvort þau séu háð skipulagsáætlunum og/eða nánari útfærslu framkvæmda. Svæðisáætlunin er unnin á grundvelli laga og reglugerða sem miða að því að breyting verði á núverandi fyrirkomulagi á meðhöndlun úrgangs og því er óbreytt ástand ekki valkostur og ekki fjallað sérstaklega um núllkost í umhverfisskýrslunni.

Umhverfismatið var unnið af UMÍS ehf. Environice í samstarfi við verkefnisstjórn svæðisáætlunarinnar.

Í svæðisáætluninni er gert ráð fyrir samræmdu verklagi við meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík við Blönduós og jarðgerðarstöðin í Eyjafirði eru með starfsleyfi og rekstrarleyfi og miðast áætlunin við að fullnýta þær stöðvar. Sama gildir um urðunarstað við Kópasker. Lokið verður við lokun og frágang annarra urðunarstaða sem starfræktir hafa verið. Ekki er gert ráð fyrir nýjum urðunarstöðum né annarri uppbyggingu nýrra staða til meðhöndlunar úrgangs og því er ekki þörf á frekara landrými fyrir urðun umfram það sem þegar hefur verið mörkuð stefna um í gildandi skipulagsáætlunum og fjallað um í mati á umhverfisáhrifum. Vera kann þó að gerð verði tillaga um stækkun jarðgerðarstöðvar í Eyjafirði. Þá verða hugsanlega viðraðar hugmyndir um byggingu nýrrar sorpbrennslustöðvar á svæðinu, en líklegra er að stefnt verði að flutningi á óverulegu magni úrgangs til brennslu í öðrum landshluta. Flutningur úrgangs mun því að öllum líkindum aukast.

Þeir þættir áætlunarinnar sem helst eru taldir geta valdið neikvæðum umhverfisáhrifum eru:

- Flutningur úrgangs til endurnýtingar eða förgunar
- Starfsemi meðhöndlunarstöðva
- Rask vegna mannvirkjagerðar

Urðunarstaðir sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári eru háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. lið 11.02 í viðauka 1 við lög nr. 106/200 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, með síðari breytingum. Minni urðunarstaðir eru tilkynningaskyldir sbr. lið 11.03 í sama viðauka. Sama gildir um jarðgerðarstöðvar sbr. lið 11.15. Öll þessi starfsemi er háð starfsleyfi. Fyrir liggur umhverfismat og starfsleyfi urðunarstaðar í Stekkjarvík og rekstrarleyfi jarðgerðarstöðvar í Eyjafirði ásamt upplýsingum um áhrif þeirrar starfsemi á umhverfisþætti sem þar eru skilgreindir.

9.2 Umhverfisþættir

Með hugtakinu umhverfisþáttur er í umhverfismati átt við þá þætti umhverfisins sem stefna viðkomandi áætlunar getur hugsanlega haft áhrif á. Við greiningu umhverfisþátta fyrir þá áætlun sem hér um ræðir var tekið mið af ákvörðunum Skipulagsstofnunar um sambærilegar áætlanir. Þá var tekið mið af skýrslum sem unnar hafa verið vegna starfandi förgunar- og endurnýtingarstöðva sem áætlað er að gegni lykilhlutverki við framfylgd svæðisáætlunarinnar. Umhverfisþáttum var skipt í tvo flokka, annars vegar byggð og samfélag og hins vegar náttúrufar. Innan hvors flokks um sig voru greindir þeir umhverfisþættir sem talið er að geti orðið fyrir verulegum áhrifum vegna áætlunarinnar, sjá töflu 7.

Byggð og samfélag	Náttúrufar
Loftgæði	Vatn
Hávaði	Jarðmyndanir
Umferð	Loftslag
Landnotkun og skipulag	Haf-og strandsvæði
Mínjar	
Kostnaður við meðhöndlun úrgangs	

Tafla 7. Umhverfisþættir sem talið er að geti orðið fyrir áhrifum af framfylgd áætlunarinnar.

9.3 Áhrifaþættir

Áhrifaþættir eru þeir þættir áætlunarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Í svæðisáætlun er mótuð stefna um staðsetningu förgunarstaða til framtíðar og eru eftirtalin markmið helst talin geta valdið umhverfisáhrifum:

- Markmið um minni úrgangsmýndun
- Markmið um að fækka urðunarstöðum
- Markmið um aukna starfsemi jarðgerðarstöðvar í Eyjafirði
- Hugsanlegt markmið um byggingu brennslustöðvar

9.4 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru þeir mælikvarðar sem hugsanleg umhverfisáhrif stefnu svæðisáætlunar eru borin saman við til að geta tekið afstöðu til umfangs og vægis áhrifa. Tekið verður mið af stefnu stjórnvalda varðandi þá umhverfisþætti sem taldir eru geta orðið fyrir verulegum áhrifum auk þess sem mið verður tekið af athugasemdum og umsögnum sem fram munu koma við samráð og kynningu áætlunarinnar ásamt umhverfisskýrslu. Tafla 8 sýnir þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismatinu.

Lög	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m s.br. Lög um losun gróðurhúsalofttegunda 65/2007. Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, m s.br. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, m s.br. Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 Skipulagslög nr. 123/2010 Lög um menningarminjar nr. 80/2012 Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 m.s.br. Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
Skipulagsáætlanir	Svæðisskipulag miðhálandisins Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014 - 2026 Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010 - 2022 Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010 - 2030 Aðalskipulag Skagabyggðar 2010 - 2030 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010 - 2022 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009 - 2021 Aðalskipulag Akrahrepps 2010 - 2022 Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008 - 2028 Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020 Aðalskipulag Hörgársveit 2006 - 2026 (Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997 - 2017) Aðalskipulag Akureyrarbæjar 2005 - 2018 Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005 - 2025 Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008 - 2020 Aðalskipulag Grýtubakkahrepps 2010 -2022 Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010 - 2022 Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030 Aðalskipulag Tjörneshreppur 2008 - 2020 Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 – 2023
Reglugerðir	Reglugerð um hávaða nr. 724/2008 um hávaða Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999 Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, m s.br. Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda	Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi Náttúruminjasrá Náttúruverndaráætlanir Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 Samgönguáætlun 2011-2022 Staðardagskrá 21

Tafla 8. Umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati áætlunarinnar.

9.4.1 Umfang

Matinu er skipt í tvo þætti, annars vegar mat á meginmarkmiðum stefnunnar, þ.e. hvort stefna svæðisáætlunarinnar samrýmist stefnu umhverfisviðmiða og hins vegar mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum ef áætlunin verður samþykkt. Nákvæmni matsins er í samræmi við nákvæmni og hlutverk áætlunarinnar.

Gert er ráð fyrir að fullnýta urðunarsvæðið í Stekkjarvík en sá urðunarstaður hefur þegar farið í gegnum umhverfismat framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000 og í álitni Skipulagsstofnunar kom fram að stofnunin telur að fyrirhuguð urðun og efnistaka í Stekkjarvík muni ekki valda verulegum neikvæðum og óafturkræfum umhverfisáhrifum. Urðunarstaðurinn starfar skv. starfsleyfi Umhverfisstofnunar og samkvæmt eftirlitsskýrslum er lítið um frávik eða athugasemdir. Þau frávik sem mælast eru einkum vegna hauggasmyndunar.

Þá er áætlað að skoða frekari nýtingu jarðgerðarstöðvar Moltu ehf. í Eyjafirði sem starfar skv. rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

Ef framkvæmd stefnu svæðisáætlunarinnar mun leiða af sér framkvæmdir sem eru háðar umhverfismati munu þær framkvæmdir fara í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000. Slíkt mat er á ábyrgð framkvæmdaraðila og þarf að vinna áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.

9.4.2 Einkenni og vægi áhrifa

Einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er lýst í samræmi við nákvæmni og hlutverk áætlunarinnar. Núllkostur var ekki skoðaður. Skoðuð voru samlegðaráhrif svæðisáætlunarinnar með öðrum áætlunum þar sem slíkt átti við. Vægi umhverfisáhrifa voru flokkað í jákvæð, neikvæð og óveruleg, eða gerð grein fyrir óvissu, sjá töflu 9.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Óveruleg	0	Stefna áætlunar hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Neikvæð	-	Stefna áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Óvissa	Ó	Óvissa er um áhrif stefnu áætlunar á viðkomandi umhverfisþátt og /eða háð því hvernig stefnan verður útfærð nánar.

Tafla 9. Vægi áhrifa og skýringar.

9.5 Umhverfismat stefnumiða

Í svæðisáætluninni kemur fram að með stórauðinni fræðslu, hagrænum stjórnþækjum og öðrum aðgerðum verði dregið verulega úr myndun úrgangs, að flokkun og endurvinnsla verði ævinlega fyrsti valkostur fyrir úrgang, að allur lífrænn úrgangur verði nýttur í jarðgerð með stóra jarðgerðarstöð í Eyjafirði í aðalhlutverki, að óvirkur úrgangur verði urðaður tiltölulega nærri upphafsstað eða nýttur sem fyllingarefni þar sem það á við, að sóttmenguðum úrgangi og

dýraleifum úr áhættuflokki 1 verði komið til brennslu í þar til gerðri stöð á Norðurlandi eða annars staðar sem væntanlega verður rekin í samstarfi við stjórnvöld á landsvísu og að urðunarstaðurinn í Stekkjarvík taki við þeim úrgangi sem ekki tekst að koma í annan farveg.

Fram kemur að lífsferilsgreiningar á úrgangi bendi til að flutningur úrgangs um langan veg vegi ekki þungt í heildarmyndinni og því sé umhverfislegur ávinningur fólgin í því að flytja þann úrgang sem þarf að urða til urðunar í Stekkjarvík, fremur en að byggja upp fleiri urðunarstaði með tilheyrandi kostnaði við uppbyggingu og rekstur. Þó hefur verið rædd sú hugmynd að hagkvæmara gæti reynst að aka úrgangi frá sveitarfélögum austast á starfssvæðinu til urðunar að Tjarnarlandi á Héraði.

Í stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga (janúar 2009) eru megináherslur annars vegar á sjálfbæra meðhöndlun úrgangs og hins vegar aukna samvinnu og samskipti. Lögð er áhersla á að löggjöf og skipulag úrgangsmála stuðli að sjálfbærri meðhöndlun úrgangs en taki jafnframt mið af íslenskum aðstæðum. Sveitarfélög hagi fjárfestingum á sviði úrgangsmála þannig að fjármunir nýtist sem best og að gjaldtaka endurspegli raunkostnað.

Í Staðardagskrá 21 er að finna framtíðarsýn fyrir hvert byggðarlag um sig. Áform um framtíðarfyrirkomulag á meðhöndlun úrgangs hljóta að endurspeglast í framtíðarsýninni. Áform um fyrirbyggjandi aðgerðir af ýmsu tagi, sem ætlað er að draga úr álagi á umhverfið í nálægri og fjarlægri framtíð, skipta ekki síður máli í þessu samhengi, enda er úrgangur ekki afmarkað fyrirbæri, heldur hluti af stærri mynd, afleiðing af neysluvenjum og lífsstíl íbúa á viðkomandi svæði.

Svæðisáætlun skal m.a. innihalda upplýsingar um það hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Meginmarkmið svæðisáætlunarinnar samræmast stefnu landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

Fram kemur í svæðisáætluninni að hugsanlega sé ákjósanlegt að stækka jarðgerðarstöð í Eyjafirði til að taka við lífrænum/lífbrjótanlegum úrgangi frá öllu svæðinu. Þar sem slík áform eru enn á umræðustigi ríkir óvissa um hvort slíkar framkvæmdir samræmist umhverfisviðmiðum sem lögð eru til grundvallar.

Niðurstaða umhverfismats almennrar stefnumörkunar er sú að markmið svæðisáætlunarinnar samræmist í flestum þáttum þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar, sjá töflu 10.

Stefna	Umhverfisþættir	
	Náttúrufar	Byggð og samfélag
Markmið um minni úrgangsmyndun	○	○
Markmið um að fækka urðunarstöðum	○	○
Markmið um aukna starfsemi jarðgerðarstöðvar í Eyjafirði	○	○
Hugsanlegt markmið um byggingu brennslustöðvar	■	■

Tafla 10. Samræmist megin stefna áætlunarinnar þeim viðmiðum sem liggja til grundvallar?

Skýringar:

○ = já

◇ = nei

■ = óviss áhrif á viðkomandi umhverfisþátt

9.6 Mat á áhrifum á einstaka umhverfisþætti

Meginmarkmið áætlunarinnar eru að úrgangsforvarnir, endurnotkun og endurvinnsla séu í þessari röð ávallt fyrsti kostur við val á ráðstöfun úrgangs, en förgun sé síðasti valkostur. Þetta er í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og áherslur í landsáætlun. Þá er gert ráð fyrir auknu samstarfi sem sé til þess fallið að bæta nýtingu fjárfestinga og draga úr rekstrarkostnaði, auk þess sem með því móti verði auðveldara að uppfylla kröfur laga og reglugerða um lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa. Aukin samvinna leiðir til aukins flutningskostnaðar en lífsferilsgreiningar benda til að auknir flutningar vegi ekki þungt í heildarsamanburði á umhverfisáhrifum úrgangsméðhöndlunar. Gert er ráð fyrir að bæta verklag við mælingar og skráningu á úrgangi og boðuð er þátttaka í hagsmunagæslu í úrgangsmálum á landsvísu.

Fram kemur í áætluninni að ávallt skuli beitt bestu fánlegu tækni (BAT) og við nánari útfærslu varðandi meðhöndlun úrgangs skuli hafa að leiðarljósi sjónarmið um að gætt sé varúðar til að umhverfið verði ekki fyrir skaða að teknu tilliti til tæknilegs framkvæmanleika og hagkvæmni.

9.6.1 Áhrif á náttúrufar

Til að ná markmiðum um minni urðun úrgangs er lögð áhersla á auknar úrgangsforvarnir og fræðslu.

Sú forgangsröðun sem kynnt er í svæðisáætluninni dregur úr þörf fyrir förgun úrgangs og lengir endingartíma urðunarstaða. Því er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra urðunarstaða heldur munu urðunarstaðir í Stekkjarvík og við Kópasker verða fullnýttir. Þá er gert ráð fyrir bættri nýtingu hráefna í úrgangi, þ.m.t. lífrænna hráefna. Áformað er að auka afköst jarðgerðarstöðvar í Eyjafirði þannig að hún geti tekið við lífrænum úrgangi frá öllu Norðurlandi. Þá verði m.a. unnið að þróun vöru úr jarðgerðum úrgangi til að auka verðmæti hans og skapa störf. Urðun lífræns úrgangs verði alfarið hætt árið 2020. Markmið um aukna jarðgerð stuðlar að minni losun gróðurhúsalofttegunda þar sem komið er í veg fyrir mikla hauggasmyndun sem ella myndi stafa

af urðun úrgangsins. Auk þess mun jarðgerðarafurðin leysa annan jarðvegsbæti eða áburð af hólmi.

Sveitarstjórnir á Norðurlandi vilja hafa frumkvæði að viðræðum við ríkisvaldið um rekstur einnar eða tveggja brennslustöðva á landsvísu sem tekið geti við sóttmengunum úrgangi og dýraleifum úr áhættuflokki 1 í samræmi við tillögur nefndar landbúnaðarráðherra frá 2004. Ein stöð gæti hugsanlega þjónað landinu öllu.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra urðunarsvæða heldur fullnýtingu svæða sem þegar eru starfandi skv. rekstrar- og starfsleyfum, hefur áætlunin óveruleg áhrif á náttúrufar. Engum svæðum verður raskað, hvorki svæðum sem njóta verndar á einhvern hátt né öðrum svæðum. Samkvæmt eftirlitsskýrslum og samkvæmt skilyrðum í starfs- og rekstrarleyfum hefur starfsemin ekki umtalsverð áhrif á vatnsverndarsvæði eða haf- og strandsvæði. Minni urðun leiðir af sér minni hauggasmyndun á urðunarsvæðum og því hefur áætlunin jákvæð áhrif á loftslag.

Niðurstaða umhverfismats er að framfylgd áætlunarinnar muni hafa óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir voru. Óvissa er um áhrif á jarðmyndanir þar sem óvissa ríkir um stækkun jarðgerðarstöðvar og staðsetningu brennslustöðvar. Í töflu 11 er gerð grein fyrir niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum á náttúrufar.

Áhrif	Umhverfisþáttur	Lýsing
Jákvæð +	Loftslag	Minni urðun og meiri jarðgerð leiða af sér að metanlosun minnkar. Þrátt fyrir aukna flutninga úrgangs er ekki talið að útblástur vegna umferðar hafi teljandi áhrif á loftslag.
Óveruleg 0	Vatn Haf og strandsvæði	Samkvæmt starfsleyfum, umhverfismati og eftirlitsskýrslum starfandi förgunar- og endurnýtingastöðva er ekki talin hætta á neikvæðum áhrifum á vatn eða haf- og strandsvæði vegna starfseminnar.
Óvissa 0	Jarðmyndanir	Óvissa ríkir um hvort jarðgerðarstöð verður stækkuð og/eða hvort brennslustöð verður reist á starfssvæði áætlunarinnar.

Tafla 11. Áhrif áætlunar á náttúrufar.

9.6.2 Áhrif á byggð og samfélag

Framfylgd áætlunarinnar hefur í för með sér minni úrgangsmýndun og þ.a.l. minni urðun úrgangs.

Í svæðisáætluninni er lögð áhersla á aukna fræðslu um auðlindanýtingu og meðhöndlun úrgangs, m.a. með gerð sameiginlegs upplýsingaefnis um meðferð úrgangs í sveitarfélögunum og fræðslu til almennings, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samræmi við 24. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Samkvæmt svæðisáætluninni munu sveitarstjórnir á Norðurlandi endurskoða gildandi samþykktir sínar um meðhöndlun úrgangs eða setja sér slíkar samþykktir, auk þess sem gildandi gjaldskrár

fyrir sorphirðu verða endurskoðaðar með það fyrir augum að innheimt gjöld standi undir öllum kostnaði við málaflokkinn. Stefnt verði að því að sveitarfélög hagi fjárfestingum sínum á sviði úrgangsmeðhöndlunar á þann hátt að fjármunir nýtist sem best.

Áætlunin gerir ráð fyrir að fullnýta þau meðhöndlunarsvæði sem þegar eru í rekstri og ljúka lokunarferli urðunarstaða. Áætlunin samræmist gildandi skipulagsáætlunum. Framfylgd áætlunarinnar er talin hafa jákvæð áhrif á kostnað við meðhöndlun úrgangs þar sem áætlað er að dregið verði úr úrgangsmýndun og þar með þörf fyrir urðun. Áætlunin mun hafa óveruleg áhrif á loftgæði, hávaða og umferð þar sem förgunar- og endurnýtingarstöðvar sem þegar eru í rekstri verða fullnýttar og samkvæmt eftirlitsskýrslum þeirra hefur starfsemin ekki veruleg áhrif á viðkomandi umhverfisþætti. Sýnt þykir að auknir flutningar úrgangs muni hafa óveruleg áhrif. Óvissa ríkir um stækkun jarðgerðarstöðvar og staðsetningu brennslustöðvar og því er óvissa um áhrif á minjar og landnotkun og skipulag. Ef til slíkra framkvæmda kemur mun þær fara í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða umhverfismat er að framfylgd áætlunarinnar mun hafa óveruleg áhrif á byggð og samfélag eins og sjá má í töflu 12.

Áhrif	Umhverfisþáttur	Lýsing
Jákvæð +	Kostnaður við meðhöndlun úrgangs	Með auknu samstarfi og fræðslu er dregið úr úrgangsmýndun og þörf fyrir urðun.
Óveruleg 0	Loftgæði	Samkvæmt starfsleyfum, umhverfismati og eftirlitsskýrslum starfandi förgunar- og endurnýtingastöðva er ekki hætt á neikvæðum áhrifum á loftgæði vegna framfylgdar áætlunarinnar.
	Hávaði	Aukin nýting starfandi meðhöndlunarstöðva hefur óveruleg áhrif á hávaða.
	Umferð	Þrátt fyrir aukna flutninga úrgangs til förgunar- og endurnýtingastöðva er talið að áhrif á öryggi og flæði umferðar verði óveruleg.
Óvissa Ó	Landnotkun og skipulag	Óvissa ríkir um hvort jarðgerðarstöð verður stækkuð og/eða hvort brennslustöð verður reist á starfssvæði áætlunarinnar.
	Minjar	

Tafla 12. Áhrif áætlunar á byggð og samfélag.

9.7 Vöktun

Framkvæmd svæðisáætlunarinnar gerir ráð fyrir að meginstarfsemin fari fram á stöðum sem starfa skv. starfs- eða rekstrarleyfum. Vöktun umhverfisáhrifa á þessum stöðum er í höndum rekstraradila. Árangur af framfylgd svæðisáætlunarinnar verður metinn reglulega, niðurstaða árangursmatsins birt og svæðisáætlunin endurskoðuð eftir því sem þörf krefur í samræmi við 6. gr. laga nr. 55/2003, með síðari breytingum.

9.8 Matsferlið og samráðsaðilar

Samráð var haft við hagsmunaaðila á öllum stigum áætlunargerðarinnar. Óskað var samráðs við Skipulagsstofnun í janúar 2015. Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar var einnig haft við íbúa og hagsmunaaðila á því landssvæði sem svæðisáætlunin tekur til.

Í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana var tillaga verkefnisstjórnar að svæðisáætlun ásamt umhverfisskýrslu send til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda á Norðurlandi og hlutaðeigandi sveitarfélaga og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu var einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu og í Fréttablaðinu þann 22. maí 2015 og hagsmunaaðilar upplýstir um kynningartíma áætlunarinnar. Veittur var sex vikna umsagna- og athugasemdafrestur í samræmi við 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og rann sá frestur út 3. júlí 2015. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu var aðgengileg á vefsíðunni www.flokkun.is. Þar voru einnig upplýsingar um tengiliði og hvert beina skyldi athugasemdum. Engar formlegar athugasemdir bárust, en Lúðvík E. Gústafsson skilaði inn nokkrum ábendingum fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í kafla 9.10 er gerð grein fyrir þessum ábendingum og hvernig tekið var tillit til þeirra við endanlega útfærslu áætlunarinnar.

9.9 Afgreiðsla áætlunar

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir þurfa að afgreiða svæðisáætlunina og tilheyrandi umhverfisskýrslu með formlegum hætti. Að lokinni afgreiðslu sveitarstjórna verða samráðsaðilar upplýstir um samþykkt áætlunarinnar. Endanleg áætlun ásamt umhverfisskýrslu og samantekt verður síðan gerð aðgengileg á heimasíðum hlutaðeigandi sveitarfélaga og sorpsamlaga.

9.10 Greinargerð sbr. 9. gr. laga nr. 105/2006

Tillaga að áætlun ásamt umhverfisskýrslu var auglýst til kynningar í Lögbirtingablaðinu og í Fréttablaðinu þann 22. maí 2015 og gefinn frestur til 3. júlí 2015 til að koma athugasemdum á framfæri. Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar bárust:

1. Frá Lúðvík E. Gústafssyni fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í ábendingum Lúðvíks kemur fram:
 - a. Að leiðrétta þurfi heimilisfang móttökustöðvar Gámaþjónustu Norðurlands á Akureyri. Þetta var lagfært við lokafrágang áætlunarinnar.
 - b. Að geri þurfi betri grein fyrir rekstraraðila og veitanda starfsleyfis fyrir móttökustöðina. Starfsleyfi og eftirlitið sé ekki lengur hjá Umhverfisstofnun, heldur hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Verkefnisstjórn telur ekki þörf á að bregðast við þessu þar sem starfsleyfi Umhverfisstofnunar virðist í fullu gildi skv. upplýsingum á heimasíðu stofnunarinnar.

- c. Að þar sem markmið landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 hafi ekki öll lagagildi ætti e.t.v. að setja fram markmið í svæðisáætlun sem endurspeгла getu sveitarfélaga á Norðurlandi, ásamt tímasettri áætlun sem allir eru sammála um að geta fylgt eftir. Verkefnisstjórn telur kafla 8 í svæðisáætluninni uppfylla þetta að því marki sem raunhæft er á þessu stigi.
- d. Að ekki sé minnst á rekstrarúrgang í tillögunni, sem sé eðlilegt í ljósi þess að sveitarfélög beri ekki ábyrgð á söfnun og frekari meðhöndlun hans. Hins vegar séu líkur á að innan fárra ára taki gildi ný skilgreining á heimilissorpi, sem innifeli þann hluta rekstrarúrgangs sem er líkur heimilissorpi, svo sem matarleifar frá mötuneytum, söluskálum o.fl. Í svæðisáætlun ætti e.t.v. einnig að meta heildarmagn rekstrarúrgangs og gera líkan að samvinnu sveitarfélaga og atvinnulífs um hagkvæma meðhöndlun úrgangs. Verkefnisstjórn bendir á að tiltækar upplýsingar um magn rekstrarúrgangs koma fram í töflum í viðauka og að tillagan taki tillit til þessa úrgangs eftir því sem kostur er. Um samvinnu sveitarfélaga og atvinnulífs er m.a. fjallað í kafla 8.10.
- e. Að í tillögunni komi fram að nauðsynlegt sé að a.m.k. stærri þéttbýlisstaðir hafi aðgang að urðunarstað fyrir óvirkan úrgang og að enda þótt einungis einn slíkur staður á öllu Norðurlandi hafi starfsleyfi frá Umhverfisstofnun væri ekki óeðlilegt að svæðisáætlun innihéldi samantekt um alla staði eða svæði sem gegna slíku hlutverki. Verkefnisstjórn er sammála um að tilgreina á þessu stigi aðeins þá staði sem hafi gilt starfsleyfi. Í tillögunni kemur fram að hugsanlega sé óvirkur úrgangur geymdur eða grafinn á fleiri stöðum á svæðinu, en enga slíka staði megi reka án starfsleyfa.
- f. Að mikilvægt sé að svæðisáætlun sé lifandi plagg og geti tekið breytingum eftir að hún hefur verið gefin út. Verkefnisstjórn tekur undir þetta sjónarmið.

10. Heimildaskrá

- Alþingi (2014): *Lög um breytingu á lögum nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem notar orku, með síðari breytingum (innleiðing tilsköpunar og viðurlagaákvæði)*. Samþykkt á Alþingi 28. nóvember 2014. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0616.html>
- Blönduósbær (2014): *Sorþhirdudagatal. Sorþhirda hjá Blönduósbæ árið 2014*. http://www.blonduos.is/sorþhirda_breytt_july2014.pdf.
- Dalvíkurbyggð: Endurvinnslustöð. <http://www.dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Endurvinnslustod>.
- Endurvinnslan hf. (2015): *Skilgjaldsambúðir á Norðurlandi 2013*. Rafbréf 28. jan. 2015.
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2009): *Directive 2009/125/EC of The European Parliament and of The Council of 21 October 2009 establishing a framework for the setting of ecodesign requirements for energy-related products (recast)*. <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:285:0010:0035:EN:PDF>. <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2012:197:0038:0071:EN:PDF>
- Gámaþjónusta Norðurlands (2014): *Endurvinnslutunnan Akureyri 2014*. <http://www.gamar.is/nordurland/images/sorþhirdudagatal/ET2014.pdf>.
- Gámaþjónusta Norðurlands (2014): *Sorþhirda. Dagatal. Akureyri 2014*. <http://www.gamar.is/nordurland/images/sorþhirdudagatal/Akureyri2014b.pdf>.
- Hollustuvernd ríkisins (2002): *Starfsleyfi fyrir meðhöndlun úrgangs í Öxarfjarðarhreppi*. <http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Starfsleyfi-urgangur-Oxarfjardarhreppur-til-1.12.2012.pdf>.
- Hollustuvernd ríkisins (2002): *Starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs í flokkunar- og böggunarstöð á Húsavík á vegum Sorpsamlags Þingeyinga*. <http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Sorpsamlag-Thingeyinga-18.12.02.pdf>.
- Húnavatnshreppur (2014): *Sorþhirdudagatal. Sorþhirda Húnavatnsh. 2014*. <http://hunavatnshreppur.is/static/files/Sorþhirdudagatal%202014.pdf>
- Húnaþing vestra (2014): *Sorþhirdudagatal*. <http://www.hunathing.is/GetAsset.ashx?id=3068>.
- Landmælingar Íslands: *Sveitarfélaga kort*. <http://atlas.lmi.is/sveitarfelog>.
- Matvælastofnun (2015): Rafbréf 17. feb. 2015
- Molta ehf.: *Rekstrarleyfi*. <http://www.molta.is/fileman/mast-rekstrarleyfi-08.06-2011.pdf?fma=viewHere>.
- Ríkiskaup (2013): *Rammasamningar. Endurvinnsla og sorþhirda*. <http://www.rikiskaup.is/rammasamningar/flokkar/rekstur-bifreida-og-fasteigna/endurvinnsla-og-sorþhirda>.
- Ríkiskaup (2014): *Aðild að rammasamningum ríkisins*. <http://www.rikiskaup.is/rammasamningar/askrifendur-rammasamninga>
- Samband íslenskra sveitarfélaga (2009): *Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum*. <http://www.samband.is/media/urgangsmal/Meginaherslur-i-urgangsmalum.pdf>.
- Samband íslenskra sveitarfélaga (2014): *Árbók sveitarfélaga 2014*. <http://www.samband.is/verkefni/rekstur-sveitarfelaga/arbok-sveitarfelaga/arbok-sveitarfelaga-2014>.
- Samband íslenskra sveitarfélaga (2014): *Arsreikningar*. <http://www.samband.is/verkefni/fjarmal-sveitarfelaga/arsreikningar>.
- Sigurður Sigurðarson (2014): *Sigurður dýralæknir II*. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.
- Sigurður Sigurðarson (2015): Rafbréf og fylgigögn 1. feb. 2015.
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (2010): *Reglugerð nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru atlaðar til mannelis, auk áorðinna breytinga*. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/108-2010>.
- Sorpa (2014): *Ársskýrsla 2014*. http://www.sorpa.is/files/arsskyrslur/arsskyrsla_sorpa_2013_net.pdf.
- Sveitarfélagið Skagaströnd (2014): *Sorþhirdudagatal. Sorþhirda á Skagaströnd 2014*. <http://skagastrond.is/sorþhirda2014.pdf>.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2014): *UMH14010254/20-1*. Bréf 4. mars 2014. http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/Sorp-og-efnamottaka/Sorpsamlag-Thingeyinga_040314.pdf.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2014): *UMH14040109/20-1*. Bréf 2. júlí 2014. http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Undanthagur/2014-07-07_10-37-20_KAB.pdf.
- Umhverfisráðuneytið (2013): *Landsáætlun um úrgang 2013-2024*. [http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaaetlun-2013-2024-\(utgafa\).pdf](http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Landsaaetlun-2013-2024-(utgafa).pdf).

28. Umhverfissráðuneytið (2015): Rafbréf 3. feb. 2015.
29. Umhverfissráðuneytið (2015): Rafbréf 5. mars 2015.
30. Umhverfisstofnun (2004): *Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016*. Skýrslur UST-2004:14. Umhverfisstofnun, Reykjavík.
31. Umhverfisstofnun (2004): *Urðunarstaður Húnabings vestra*. <http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/nordurland/hunathing-vestra>.
32. Umhverfisstofnun (2008): *Starfsleyfi fyrir móttöku og flokkun á heimilisúrgangi, pappír og plasti ásamt jarðgerð heimilisúrgangs að Vetrarbraut 21-23 Siglufirði*. http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Seyra_Siglufirdi.pdf
33. Umhverfisstofnun (2010): *Hringrás hf. Ægisnesi 1, Akureyri - móttaka spilliefna og annars úrgangs*. http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Hringras_hf_Akureyri_-_Starfsleyfi_-_Lokautgafa_18.11.10.pdf
34. Umhverfisstofnun (2010): *Norðurá, Stekkjarvík*. <http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/nordurland/nordura-bs>.
35. Umhverfisstofnun (2011): *Starfsleyfi. Gámabjónusta Norðurlands ehf. við Rangárvelli, Akureyri – móttaka og meðhöndlun úrgangs*. <http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Gamabjonusta%20Norðurlands%20ehf.%20Akureyri%20-%20Starfsleyfi%2024.05.11.pdf>.
36. Umhverfisstofnun (2012): *Sorpsamlag Strandasýslu*. <http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/vefdir/sorpsamlag-strandasyslu>.
37. Umhverfisstofnun (2012): *Starfsleyfi. Gámabjónusta Norðurlands ehf., Rangárvöllum, Akureyri – móttaka og meðhöndlun spilliefna*. <http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Gamabjonusta%20Norðurlands%20ehf.%20Akureyri%20-%20Starfsleyfi%20fært%20LOKAÚTGÁFA%2019.12.12.pdf>.
38. Umhverfisstofnun (2014): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður við Draugagil*. http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskýrslur/Sorp-og-efnamottaka/Blonduos_090714.pdf.
39. Umhverfisstofnun (2014): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður við Neðri-Harrastadi*. <http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Maelingar/Sorp-og-efnamottaka/Sv.%20Skagatrönd%20-%20Fyrirmæli%20um%20frágang%20og%20vöktun%20LOKAÚTGÁFA%2019.06.14.pdf>.
40. Umhverfisstofnun (2014): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður Skarðsmóum*. http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskýrslur/Sorp-og-efnamottaka/Skagafjordur_130814.pdf.
41. Umhverfisstofnun (2014): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður á Glerárdal*. http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskýrslur/Sorp-og-efnamottaka/Akureyri_130814.pdf.
42. Úrvinnslusjóður (2014): *Ársskýrsla 2013*. <http://www.urvinnslusjodur.is/media/arsskyrslur/Arsskyrsla-Urvinnslusjods-2013---lokautgafa.pdf>.

Viðauki 1 – Löggjöf

Hér fer á eftir upptalning á helstu lögum sem varða úrgangsmál með beinum eða óbeinum hætti:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
Grunnlöggjöf um úrgangsmál. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á lögnum frá setningu þeirra, einkum til innleiðingar á tilteknum ákvæðum tilskipana um úrgang, um raf- og rafeindatækjaúrgang, um rafhlöður og rafgeyma og um námuúrgang, svo og ákvæðum Evrópureglugerða um flutning úrgangs o.fl. Með síðustu breytingum á lögnum, sem samþykkt var á Alþingi 27. maí 2014 var Rammatilskipun um úrgang, 2008/98/EB, innleidd, en tilskipunin er hornsteinninn í löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
Í lögnum er m.a. að finna ákvæði um starfsleyfi og eftirlit, um sérstakar samþykktir sveitarfélaga um meðferð úrgangs, um gjaldtöku fyrir veitta þjónustu o.fl.
- Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald
Í lögnum er fjallað um hlutverk Úrvinnslusjóðs, sem fer með framkvæmd laganna og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir þau falla. Sjóðnum er ætlað að beita hagrænum hvötum til að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög. Sjóðurinn sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess.
- Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
Samkvæmt lögnum er þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu skylt að „*taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu*“. Þar er einnig að finna ákvæði um áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar frá móttökustöðvum sveitarfélaga, sorpurðunarstöðum og sorpbrennslustöðvum.
- Lög nr. 52/1989 um ráðstöfun gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur
Samkvæmt lögnum skulu framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöru í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni greiða skilagjald og umsýslugjald af umræddum vörum. Gjöldin renna til Endurvinnslunnar hf. sem skal sjá um að koma upp og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt og endurgreiða neytendum skilagjald við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar. Um starfsemina gildir einnig reglugerð nr. 368/2000 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.
- Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim
Í lögnum er m.a. að finna ákvæði um skyldur aðila sem vinna áburð eða fóður úr aukaafurðum, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð nr. 108/2010 um aukaafurðir úr dýrum, nánar tiltekið í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 181/2006 og 208/2006, sem birtar eru í fylgiskjöllum VII og VIII við reglugerð nr. 108/2010. Reglugerð

nr. 108/2010 tekur ekki til aukaafurða dýra er teljast til úrgangs enda gilda þá lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

- Skipulagslög nr. 123/2010
Samkvæmt skipulagslögum er meðhöndlun úrgangs háð skipulagi og leyfisveitingum, sem eru á ábyrgð sveitarfélaga. Í aðalskipulagi þarf að skilgreina þau svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á úrgangi, svo sem urðun eða brennsla. Sömuleiðis þarf að vinna deiliskipulag fyrir svæði þar sem förgun úrgangs er fyrirhuguð. Þar þarf að gera grein fyrir förgun sem þegar hefur átt sér stað, fyrirhugaðri förgun, efnismagni, vinnslutíma, landslagi, landmótun og frágangi svæðisins að notkun lokinni, ásamt fyrirhugaðri og mögulegri síðari notkun svæðisins.
- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum
Framkvæmdir á stöðum sem ætlaðir eru til meðhöndlunar úrgangs eru háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og eru ýmist ávallt matskyldar (framkvæmdir taldar upp í 1. viðauka laganna) eða tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu (2. viðauki).
- Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana
Skipulagsáætlanir sem marka stefnu sem varðar leyfisveitingar til förgunar úrgangs eru háðar umhverfismati áætlana skv. lögum nr. 105/2006.
- Lög nr. 42/2009 um vishönnun vöru sem notar orku
Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar orkutengdar vörur⁵⁹ er að finna leiðarvísi vegna hönnunar á orkutengdum vörum. Þessi tilskipun er mikilvægur bakgrunnur í viðleitninni við að draga úr myndun úrgangs, þar sem úrgangsmýndun ræðst m.a. af hönnun viðkomandi vöru og umbúða. Fyrri tilskipun um svipað efni var innleidd í íslenska löggjöf með lögum nr. 42/2009 um vishönnun vöru sem notar orku. Tilskipunin frá 2009 var síðan innleidd með lagabreytingu sem samþykkt var á Alþingi 28. nóvember 2014.⁶⁰
- Samkeppnislög nr. 44/2005

⁵⁹ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2009): *Directive 2009/125/EC of The European Parliament and of The Council of 21 October 2009 establishing a framework for the setting of ecodesign requirements for energy-related products (recast)*.
<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:285:0010:0035:EN:PDF>.

⁶⁰ Alþingi (2014): *Lög um breytingu á lögum nr. 42/2009, um vishönnun vöru sem notar orku, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar og viðurlagaákvæði)*. Samþykkt á Alþingi 28. nóvember 2014.
<http://www.althingi.is/alttext/144/s/0616.html>.

Í lögunum er m.a. að finna ákvæði þess efnis að samkeppnisrekstur megi ekki vera niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar. Þetta á m.a. við tiltekna þætti í meðhöndlun úrgangs.

Viðauki 2 – Skilgreiningar

Hér eru settar fram skilgreiningar helstu hugtaka, einkum þeirra sem koma fyrir í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.

Besta fáanlega tækni:	Framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.
Endurnotkun:	Hvers kyns aðgerð þar sem vörur eða íhlutir eru notuð á nýjan leik í sama tilgangi og þau voru ætluð til í upphafi. Talað er um endurnotkun hvort sem viðkomandi hlutur hefur aldrei komið inn í úrgangskerfið eða verið skilað inn í það og tekinn út aftur, óbreyttur eða að lokinni viðgerð. Dæmi um endurnotkun er þegar gosflaska er þvegin og síðan notuð undir gosdrykk á nýjan leik, eða þegar föt skipta um eigendur, t.d. eftir viðkomu í fatagámi og í verslun fyrir notaðan fatnað.
Endurnýting:	Aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða að hann er undirbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu. Endurnýting er með öðrum orðum samheiti yfir nokkra valkosti í meðhöndlun úrgangs, aðra en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun.
Endurvinnsla:	Hvers kyns endurnýtingaraðgerð sem felst í því að endurvinna úrgangsefni í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða í öðrum tilgangi. Undir þetta fellur uppvinnsla á lífrænum efniviði, en ekki orkuvinnsla og uppvinnsla sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða til fyllingar. Dæmi um endurnotkun er þegar gosflaska er tætt niður og kurlað notað sem hráefni í nýja vöru, t.d. gosflösku eða flíspeysu.
Framleiðandi úrgangs:	Hver sá er stundar starfsemi þar sem úrgangur fellur til, þ.e. upphaflegur framleiðandi úrgangs, eða hver sá sem stundar forvinnslu, blöndun eða aðra starfsemi sem veldur breytingum á eðli eða samsetningu þessa úrgangs.
Fyrirbygging úrgangs:	Hvers kyns aðgerð sem gripið er til áður en efni eða vara er orðin að úrgangi, sem dregur úr: (a) magni úrgangs, m.a. með endurnotkun vöru eða framlengingu á líftíma hennar; (b) neikvæðum áhrifum úrgangsins á umhverfi og heilsu manna; eða (c) innihaldi hættulegra efna í vöru eða hráefni.
Förgun:	Hvers kyns aðgerð sem er ekki endurnýting, jafnvel þótt aðgerðin

Handhafi úrgangs:	hafi að auki í för með sér endurheimt efna eða orku. Framleiðandi úrgangs eða einstaklingurinn eða lögaðilinn sem hefur hann í vörslu sinni.
Heimilisúrgangur (sorp):	Úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.
Lífbrjótanlegur úrgangur:	Allur úrgangur sem getur brotnað niður á loftfirrtan eða loftháðan hátt, svo sem matar- og garðaúrgangur og pappír og pappi.
Lífrænn úrgangur:	Lífbrjótanlegur garðaúrgangur, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, veitingastöðum, veislubjónustufyrirtækjum og smásölum og sambærilegur úrgangur frá vinnlustöðvum matvæla.
Lífsferill:	Ferill vöru eða þjónustu frá vöggu til grafar, s.s. hönnun, hráefnisval, framleiðsla, dreifing, notkun, endurnýting og förgun. Lífsferill vöru er í raun „ævisaga“ vörunnar. (Einnig nefnt „vistferill“).
Lífsferilshugsun:	Viðleitni til að taka ákvörðun út frá því hvernig lágmarka megi neikvæð áhrif ákvörðunarinnar á umhverfi og samfélag að teknu tilliti til allra hluta lífsferils þess viðfangsefnis sem ákvörðunin snýst um. Meginmarkmið lífsferilshugsunar er að forðast tilfærslu vandamála, þar sem úrbætur á einu tilteknu skeiði lífsferilsins, eða á tilteknu landsvæði, eða á tilteknu sviði, leiða til aukinna neikvæðra áhrifa annars staðar.
Lífsferilsmat:	Magnbundin greining á umhverfisþáttum vöru eða þjónustu á lífsferli hennar, sem felur í sér heildstæða athugun á umhverfisþáttum á hverju stigi lífsferilsins fyrir sig. Notað við samanburð á valkostum. (Einnig nefnt „lífsferilsgreining“ eða „vistferilsgreining“).
Móttökustöð:	Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla m.a. förgunarstaðir.
Óvirkur úrgangur: Raf- og rafeindatæki:	Úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega. Búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og er hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.
Raf- og rafeindatækjaúrgangur: Spilliefni:	Raf- og rafeindatæki sem fleygt er, í heild eða að hluta, þar á meðal íhlutir, undireiningar og aukahlutir. Úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni. Sérstakan lista yfir spilliefni er að finna í reglugerð um úrgang.
Sérstök söfnun:	Söfnun þar sem straumi úrgangs er haldið aðskildum, á einhverjum

Söfnunarstöð (gámastöð):	tímapunkti í söfnuninni eða flokkun úrgangsins, eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun.
Undirbúningur fyrir endurnotkun:	Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.
Urðun:	Hvers kyns aðgerðir, sem felast í skoðun, hreinsun eða viðgerð, þar sem vörur eða íhlutir þeirra, sem eru orðin að úrgangi, eru útbúin þannig að þau megi endurnota án annarrar forvinnslu.
Úrgangsförvarnir:	Varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð. Ráðstafanir sem gerðar eru áður en efni, efniviður eða vara er orðin að úrgangi og draga úr: <ol style="list-style-type: none">i. magni úrgangs, þ.m.t. með endurnotkun vara eða framlengingu á notkunartíma vara,ii. neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs sem hefur myndast, eðaiii. innihaldi skaðlegra efna.
Úrgangur:	Hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við.

Viðauki 3 – Markmið landsáætlunar

Hér eru tilgreind í tímaröð þau markmið og þær aðgerðir sem koma fyrir í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.

1. janúar 2012

- Að lágmarki 60% af þyngd umbúðaúrgangs verði endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu. Einnig verði endurvinnsla einstakra umbúðaefna í umbúðaúrgangi að lágmarki sem hér segir:
 - a) 60% af þyngd fyrir gler.
 - b) 60% af þyngd fyrir pappír og pappa.
 - c) 50% af þyngd fyrir málma,
 - d) 22,5% af þyngd fyrir plast, (plast endurunnið aftur í plast)
 - e) 15% af þyngd fyrir timbur.

26. sept. 2012

- Söfnunarhlutfall færanlegra rafhlaðna og rafgeyma verði að lágmarki 25%.

1. júlí 2013

- Lífbrjótanlegur úrgangur til urðunar verði að hámarki 50% af því heildarmagni lífbrjótanlegs úrgangs sem féll til árið 1995, þ.e. að hámarki 120.000 tonn.

1. apríl 2014

- Birting og regluleg uppfærsla umhverfisvísa sem endurspeglar árangur við að fylgja eftir markmiðum landsáætlunar, annað hvort á sérstakri heimasíðu eða sem viðbót við sjálfbærnisvísa Umhverfisstofnunar.

31. des. 2014

- Heildarendurskoðun á löggjöf um úrgangsmál, m.a. með það að markmiði að fjarlægja hindranir í vegi endurvinnsluþaðar á Íslandi í samræmi við tillögu nr. 39 í þingsályktun um eflingu græns hagkerfis á Íslandi.

1. janúar 2015

- Útgáfa fyrstu almennu stefnumörkunarinnar um úrgangsforvarnir fyrir landið allt.

1. janúar 2015

- Endurnotkun og endurnýting úr sér genginna ökutækja verði að lágmarki 95% og endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85%, hvort tveggja miðað við meðalþyngd ökutækis.
- Komið verði á sérstakri söfnun á a.m.k. pappír, málmum, plasti og gleri. (Markmið samkvæmt úrgangstilskipun, tillaga í frumvarpi).
- Komið verði á sérstakri söfnun fyrir hvert heimili og í nánd við lögbýli og sumarbústaðahverfi, þannig að hægt verði að losa sem flesta úrgangsflokka með þessu móti. Samhliða verði dregið úr áherslu á söfnunarstöðvar. Leitast verði við að samræma litakerfi og flokkunarmerkingar.

- Minnst 60% af byggingar- og niðurrifsúrgangi verði flokkaður með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð.
- Gert verði áttak til að hvetja verslanir til að hætta notkun einnota burðarpoka úr plasti og leitað samráðs við haghafa um álagningu sérstaks gjalds á slíka poka eða um beitingu annarra hagrænna stjórnækja til að takmarka notkun þeirra.
- Innsöfnunarkerfi fyrir dauð dýr verði komið á.
- Stjórnvöld skapi skilyrði til þess að til staðar verði a.m.k. ein brennslustöð fyrir úrgang.

1. júlí 2015

- Ákvörðun um framlengda framleiðendaábyrgð í fleiri vöruflokkum og um uppbyggingu kerfis til að tryggja framkvæmdina.

31. des. 2015

- Hlutfall urðunar af heildarmagni úrgangs sem til fellur verði að hámarki 25%.

1. janúar 2016

- Álagning urðunarskatts. Tekjunum verði varið til að efla nýsköpun í nýtingu úrgangs eða til bættrar úrgangsstýringar að öðru leyti.

1. júlí 2016

- Sveitarstjórnir felli inn í svæðisáætlanir ákvæði um það hvernig sóttmengudum úrgangi skuli fargað í neyðartilvikum.

26. sept. 2016

- Söfnunarhlutfall færanlegra rafhlaðna og rafgeyma verði að lágmarki 45%.

1. janúar 2018

- Stjórnvöld skapi skilyrði til þess að til staðar verði viðunandi farvegur fyrir spilliefni sem ekki falla undir verksvið Úrvinnslusjóðs, þ.m.t. mengaðan jarðveg og flugösku.

1. janúar 2020

- Minnst 70% af byggingar- og niðurrifsúrgangi verði flokkaður með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð.

1. júlí 2020

- Lífbrjótanlegur úrgangur til urðunar verði að hámarki 35% af því heildarmagni lífbrjótanlegs úrgangs sem féll til árið 1995, þ.e. að hámarki 84.000 tonn.

26. sept. 2020

- Söfnunarhlutfall færanlegra rafhlaðna og rafgeyma verði að lágmarki 65%.

31. des. 2020

- Að lágmarki 50% alls plasts, glers, pappírs/pappa og málma sem safnað er frá heimilum og frá öðrum aðilum með sambærilegan úrgang verði undirbúið fyrir endurnotkun eða endurunnið.

- Hlutfall urðunar af heildarmagni úrgangs sem til fellur verði að hámarki 15%.
- Undanþágur vegna afskekkttra byggða afnumdar.

1. janúar 2021

- Bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

26. sept. 2024

- Söfnunarhlutfall færanlegra rafhlaðna og rafgeyma verði að lágmarki 85%.

31. des. 2025

- Hlutfall urðunar af heildarmagni úrgangs sem til fellur verði að hámarki 5%.

Viðauki 4 – Úrgangsmagn í einstökum sveitarfélögum 2013

Töflurnar hér á eftir hafa að geyma yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í þeim sveitarfélögum sem svæðisáætlunin nær til, skipt eftir uppruna (heimilisúrgangur/rekstrarúrgangur) og afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla). Skipting úrgangs í flokka í töflunum tekur mið af reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og er því að mestu í samræmi við eyðublöð Umhverfisstofnunar. Upplýsingar í töflunum er fengnar frá viðkomandi sveitarfélögum og sorpsamlögum. Ekki er tryggt að fullt samræmi sé í framsetningu talna frá mismunandi sveitarfélögum, þar sem skilgreining úrgangsflokka kann að vera breytileg frá einum stað til annars. Í nokkrum tilvikum eru tölur fengnar frá þjónustuaðilum sem þjónusta fleiri en eitt sveitarfélag og ótilgreindan hóp fyrirtækja. Í slíkum tilvikum kann sundurgreining talna eftir uppruna úrgangs að vera vandkvæðum bundin. Töflurnar í töflunni byggjast þannig í mörgum tilvikum á nálgunum og ber að hafa þann fyrirvara á við lestur og samanburð.

Tafla 13. Húnaþing vestra: Magn, uppruni og afdrif úrgangs 2013.

Sveitarfélag:	Húnaþing vestra	Tímabil:	2013	Íbúar 1. jan. 2014:	1.173				
Úrgangur sem fellur til (kg), skipt eftir uppruna og afdrifum									
		Urðun	Endurnýting	Endurvinnsla	Aths.*				
	Númer	Tegund úrgangs	Heimilisúrg.	Rekstrarúrg.	Heimilisúrg.	Rekstrarúrg.			
Landbún., ræktun, veiðar, matv. vinnsl.	02 01 02	Dýrahæ og dýravefir (ekki úr vinnslu)							
	02 01 04	Heyrúlluplast				80.541			
	02 01 06	Húsdýraskítur							
	02 01 99	Veiðarfæri							
	02 02 02	Fiskúrgangur							
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	669.470						
Umbúðaúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)			18.951				
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)			8.850				
	15 01 02	Plastumbúðir (aðrar en heyfúlluplast)			3.865				
	15 01 02	Plastflöskur (með skilgjald)			3.961	Einingar x 30 g			
	15 01 04	Áldósir (með skilgjald)			2.954	Einingar x 16 g			
	15 01 07	Glerflöskur (með skilgjald)			12.235	Einingar x 250 g			
Ýmislegt	16 01 03	Hjólbarðar			11.020				
	16 01 04	Ökutæki			14.000	8 x 1750 kg			
Byggingar- og niðurríúrgangur	17 01 00	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik							
	17 02 01 a	Tímbur (hreint)		32.910		Kurlað í yfirlag			
	17 02 01 b	Tímbur (annað eða óflokkað)							
	17 02 02	Gler							
	17 02 03	Plast							
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur							
	17 05 04	Hreinn jarðvegur							
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)							
17 09 04	Annar grófur úrgangur								
Sjúkd.	18 00 00	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.							
Sorp	19 01 99	Brennsluleifar							
Heimilisúrgangur og samberilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)							
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.			3.000	Frá skólum			
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl			14.350				
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki				720			
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)				36.620			
	20 01 50	Spilliefni (samtala)			11.041				
	20 01 99	Annar flokkaður úrgangur (grænar tunnur)							
	20 02 01	Garðaúrgangur							
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (gámar) þéttbýli	73.380			Blandað + gróft			
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar) dreifbýli	35.280			Áætl. sumarhús			
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur (sorphirða) þéttbýli	123.156						
	20 03 01 d	Blandaður úrgangur (sorphirða) dreifbýli	109.809						
	20 03 01 e	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum		92.016					
	20 03 03	Úrgangur frá götuhreinsun							
	20 03 04	Seyra	108.740						
20 03 99	Annað (hvað?)								
Samtals (kg)			450.365	761.486	0	43.951	90.186	120.881	1.466.869
Samtals (kg/íbúa)			384	649	0	37	77	103	1.251
Þar af lífbrjótanlegt (kg/íbúa)			297	626	(miðað við 70% af blönduðum úrgangi)				
Samtals lífbrjótanlegt (kg/íbúa)			922						

Tafla 14. Húnavatnshreppur: Magn, uppruni og afdrif úrgangs 2013.

Sveitarfélag:	Húnavatnshreppur	Tímabil:	2013	Íbúar 1. jan. 2014:	409				
Úrgangur sem fellur til (kg), skipt eftir uppruna og afdrifum									
		Urðun	Endurnýting	Endurvinnsla	Aths.*				
	Númer	Tegund úrgangs	Heimilisúrg.	Rekstrarúrg.	Heimilisúrg.	Rekstrarúrg.			
Landbúnað-, reaktun-, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Dýrahæ og dýravefir (ekki úr vinnslu)							
	02 01 04	Heyrúlluplast				75.560			
	02 01 06	Húsdýraskítur							
	02 01 99	Veiðarfæri							
	02 02 02	Fiskúrgangur							
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur							
Umbúðaúrgangur	15 01 01a	Pappír- og pappambúðir (bylgjupappi)			120				
	15 01 01b	Pappír- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)							
	15 01 02	Plastumbúðir (aðrar en heydrúlluplast)							
	15 01 02	Plastflöskur (með skilagjaldi)			1.205				
	15 01 04	Áldósir (með skilagjaldi)			945				
	15 01 07	Glerflöskur (með skilagjaldi)			4.727				
Ýmislegt	16 01 03	Hjólbarðar							
	16 01 04	Ökutæki			17.700	225	Brotamálmar		
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 00	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik							
	17 02 01 a	Tímbur (hreint)		3.000					
	17 02 01 b	Tímbur (annað eða óflokkað)		30.100	160		Spurning um afdrif		
	17 02 02	Gler							
	17 02 03	Plast							
	17 05 03	Ólfumengaður jarðvegur	50						
	17 05 04	Hreinn jarðvegur			8		Grús		
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)							
17 09 04	Annar grófur úrgangur								
Sjúkd.	18 00 00	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.							
Sorp	19 01 99	Brennsluleifar							
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)							
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.							
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl							
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki			90				
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)							
	20 01 50	Spilliefni (samtala)				20			
	20 01 99	Annar flokkaður úrgangur (grænar tunnur)			17.045	586			
	20 02 01	Garðaúrgangur							
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (gámar) þéttbýli							
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar) dreifbýli	2.130	580			Óflokkað		
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur (sorphirða) þéttbýli							
	20 03 01 d	Blandaður úrgangur (sorphirða) dreifbýli	118.825				Pressanlegt		
	20 03 01 e	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum		8.620			Pressanlegt		
	20 03 03	Úrgangur frá götuhreinsun							
	20 03 04	Seyra	42.410						
20 03 99	Annað (hvað?)								
Samtals (kg)			163.365	9.250	33.100	168	41.832	76.391	324.106
Samtals (kg/íbúa)			399	23	81	0	102	187	792
Þar af lífbrjótanlegt (kg/íbúa)			311	16	(miðað við 70% af blönduðum úrgangi)				
Samtals lífbrjótanlegt (kg/íbúa)			326						

Tafla 15. Blönduósþær: Magn, uppruni og afdrif úrgangs 2013.

Sveitarfélag:	Blönduósþær	Tímabil:	2013	Íbúar 1. jan. 2014:	881				
Úrgangur sem fellur til (kg), skipt eftir uppruna og afdrifum									
		Urðun	Endurnýting	Endurvinnsla	Aths.*				
	Númer	Tegund úrgangs	Heimilisúrg.	Rekstrarúrg.	Heimilisúrg.	Rekstrarúrg.			
Landbúnaðs-, reaktun-, veiðar, matvinnsla	02 01 02	Dýrahæ og dýravefir (ekki úr vinnslu)		2.440					
	02 01 04	Heyrúlluplast				9.690			
	02 01 06	Húsdýraskítur							
	02 01 99	Veiðarfæri							
	02 02 02	Fiskúrgangur							
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur		682.620					
Umbúnaðsúrgangur	15 01 01a	Pappír- og pappambúðir (bylgjupappi)			15.510	3.470			
	15 01 01b	Pappír- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)							
	15 01 02	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)							
	15 01 02	Plastflöskur (með skilgjald)			2.597				
	15 01 04	Áldósur (með skilgjald)			2.037				
	15 01 07	Glerflöskur (með skilgjald)			10.182				
Ýmislegt	16 01 03	Hjólbarðar							
	16 01 04	Ökutæki			50.530	4.100			
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 00	Steinsteypa, múrsteinar, flisar, keramik							
	17 02 01 a	Tímur (hreint)							
	17 02 01 b	Tímur (annað eða óflokkað)			38.401	9.150			
	17 02 02	Gler							
	17 02 03	Plast							
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur							
	17 05 04	Hreinn jarðvegur							
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)							
17 09 04	Annar grófur úrgangur								
Sjúkd.	18 00 00	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.							
Sorp	19 01 99	Brennsuleifar	3.400						
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)				2.080			
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.							
